FRÉTTABLAÐIÐ

254. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 31. OKTÓBER 2019

## Sáralítið innstreymi

**VIÐSKIPTI** Heildarfjárfesting Íslendinga í erlendum verðbréfum, sem má að mestu leyti rekja til lífeyrissjóðanna, hefur numið 130 milljörðum það sem af er ári en á sama tímabili hafa útlendingar aðeins fjárfest fyrir 3 milljarða króna í íslenskum verðbréfum. Sérfræðingur á fjármálamarkaði segir að erlendir fjárfestar hafi um þessar mundir sýnt íslenskum verðbréfamarkaði sáralítinn áhuga. Íslenska hagkerfið þurfi að viðhalda vænum viðskiptaafgangi til að standa undir áframhaldandi fjárfestingum sjóðanna erlendis. – þfh / sjá síðu 10

## Botnfrosinn markaður

**FÓTBOLTI** Níu félagaskipti hafa verið tilkynnt til KSÍ frá því Íslandsmótinu lauk. Leikmenn eru ekki að koma heim og margir efnilegir leikmenn eru búnir að semja við erlend lið.



Börkur Edvardsson.

„Almennt er verið að kenna fjárhagnum um en ég held að það séu bara ekki eftirsóknarverðir bitar á lausu,“ segir Börkur Edvardsson, formaður knattspyrnudeildar Vals. – bb / sjá síðu 24

## Lykilorði stolið og milljón eytt

**SAMFÉLAG** Jóna Guðrún Ólafsdóttir var sér óafvitandi skuldsett fyrir rúma milljón króna í gegnum greiðslulausnina Pei sem Greiðslumiðlun rekur. Hún gagnrýnir hve auðvelt sé að skrá aðra í slík viðskipti. Dóttir hennar, sem er í mikilli neyslu, keypti síma og spjaldtölvur í Elko fyrir alla upphæðina.

Jóna Guðrún hefur leitað ráðgjafar hjá lögfræðingi og hyggst kanna rétt sinn vegna málsins.

Lögmaður Greiðslumiðlunar segir að fyrirtækið geti ekki tjáð sig um málefni einstakra viðskiptavina. Hann staðfestir að nóg sé að komast yfir lykilorð á Íslyklinum og kennitölur til þess að skrá sig inn á greiðslulausnina. – bþ / sjá síðu 4





# Pláss fyrir tilfinningar

Félags- og tilfinningafærni þarf að fá kjarnafókus í skólastarfi. Með markvissri kennslu í þessari færni er hægt að bæta námsárangur, draga úr hegðunarerfiðleikum og sömuleiðis úr hættu á því að börn þrói með sér áfengis- og vímuefnavanda. →12

**„Fólk er oft komið langt á fullorðinsár og er ekki ennþá orðið læst á eigin tilfinningar.**

LÆGSTA VERÐIÐ Í ÖLLUM LANDSHLUTUM

Orkan býður lítrann á lægsta verðinu í öllum landshlutum – án allra skilyrða.

ORKAN

## Veður




Suðvestan 3-10 m/s, hvassast NV-til. Rigning eða súld á köflum, en þurrt að kalla á A-verðu landinu. Hiti víða 2 til 7 stig. SJÁ SÍÐU 28

# Hafró leggst gegn loðnuveiðum



Rannsóknarskipið Árni Friðriksson RE-200 lá í Reykjavíkurhöfn í gær eftir rannsóknir sunnan og vestan við landið. Niðurstöðurnar eru þær að Hafrannsóknastofnun ráðleggur engar loðnuveiðar á vertíðinni. Stofninn verður aftur mældur í janúar og febrúar á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Ætlar ekki að borga

**VIÐSKIPTI** „Ég er búinn að fara yfir þetta með lögmanni og ætla ekki að borga,“ segir eigandi fyrirtækis í Reykjavík sem féll í gildru óprúttinna aðila og svaraði svikabréfi. Fyrirtækjaeigandinn, sem vildi alls ekki láta nafns síns getið, segir að hann hafi talið að bréfið væri tengt viðskiptum við birgja í Þýskalandi.

Bréfið er frá V-R-E í Þýskalandi sem biður um skráningu í óljósum tengslum við evrópsk persónuverndarlög. Í smáa letrinu kemur í ljós að með því að svara er fyrirtækið skuldbundið til að greiða 711 evrur, nærri 100 þúsund krónur, árlega í þrjú ár. Í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins segir V-R-E að fyrirtæki fái í staðinn skráningu á vefnum v-r-e.eu.

**Við ráðum félagsmönnum okkar eindregið frá því að þiggja þessi boð.**

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda



Líkt og greint var frá í blaðinu í gær fékk fyrirtækið reikning og ítrekun frá V-R-E og taldi eigandinn best að borga til að reikningurinn færi ekki í innheimtu. Eigandanum hefur nú snúist hugur. „Þetta eru háar fjárhæðir sem er verið að svíkja út úr fyrirtæki sem veltir ekki miklu. Ég tek ekki þátt í þessu.“

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, kannast við bréf af þessu tagi. „Þetta er augljóslega þjónusta sem fyrirtæki þurfa ekki á að halda og við ráðum félagsmönnum okkar eindregið frá því að þiggja þessi boð,“ segir hann.

Segir hann félagið ávallt tilbúið að ráðleggja fyrirtækjaeigendum sem eru í vafa um hvernig eigi að svara svona bréfum, en hæpið sé að gengið verði á eftir greiðslum, gangi fólk í gildruna og skrifi undir. **– ab**

# Blaðamenn samþykktu vinnustöðvun

**KJARAMÁL** Mikill meirihluti, 83,2 prósent, blaðamanna greiddi atkvæði með vinnustöðvun í atkvæðagreiðslu sem fram fór í gær. 131 af 211 félagsmönnum sem vinna hjá fjölmiðlum innan Samtaka atvinnulífsins greiddi atkvæði, eða 62,1 prósent.

Samþykktar voru stigmagnandi aðgerðir út nóvembermánuð. Þann 8., 15. og 22. verður vinna stöðvuð á netmiðlunum frettabladid.is, visir.is, ruv.is og mbl.is. Fimmtudaginn 28. nóvember verður vinnustöðvun á prentmiðlum Fréttablaðsins og Morgunblaðsins.

Blaðamenn, sem ekki hafa farið í verkfall í 40 ár, hafa verið samningslausir síðan um áramót. Viðræðum hefur ekki verið slitið en ekkert hefur miðað í þeim.

Hjálmar Jónsson, formaður Blaðamannafélagsins, fagnaði afgerandi stuðningi við aðgerðir. **– khg**




NÁNAR Í SÍMA 585 4000 EÐA Á UU.IS

# Hafna málatilbúnaði tónfræðings Jóhanns

**Lögmenn fyrirtækja sem Jóhann Helgason stefnir í málinu um lagið Söknuð segja mikla galla á málatilbúnaði tónlistarfræðings sem vann álitsgerð fyrir Jóhann. Þeir krefjast þess að málinu verði vísað frá dómi í Los Angeles.**

**DÓMSMÁL** Niðurstöðum tónlistarfræðingsins Judith Finell fyrir hönd Jóhanns Helgasonar í dómsmáli í Los Angeles er harðlega mótmælt í skýrslum lögmanna og tónlistarfræðings fyrirtækjanna sem stefnt er í lagastuldarmálinu.

Segja lögmennirnir Barry U. Slotnick, Tal E. Dickstein og Ava Badiee að andsvör Jóhanns við áliti tónlistarfræðings sem starfar fyrir þá byggja á sérfræðiskýrslum sem séu afar hlutdrægar, óáreiðanlegar og órökstuddar. Þess vegna eigi ekki að taka mark á þeim. Þetta kemur fram í greinargerð þeirra sem lögð hefur verið fyrir dómstólinn í Los Angeles.

„Jafnvel þótt notuð sé hin gallaða greining sérfræðings stefnanda [Jóhanns] þá stendur eftir sú staðreynd að hver þau smávægilegu líkindi sem eru milli laganna tveggja er að finna í vel þekktum eldri verkum,“ segja lögmennirnir. Jafnvel séu meiri líkindi milli You Raise Me Up og þessara eldri verka en milli You Raise Me Up og Söknuðar.



Jóhann mætir harðri mótspyrnu í málaferlunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Tónlistarfræðingur Universal og Warner, Lawrence Ferrara, segist í 82 síðna nýrri greinargerð sinni hafa yfirfarið greinargerð Judith Finell. Skoðun hans á málinu sé óbreytt.

„Það er ekkert sem styður þá fullyrðingu að tónfræðilegir þættir sem eru til staðar í You Raise Me Up séu teknir úr Söknuði,“ segir Ferrara. Margvíslegir gallar séu á vinnubrögðum Judith Finell. Hún mistúlki aðferðafræði og greiningar hans sjálfs.

„Þegar þeir tónfræðilegu þættir sem um ræðir eru skildir frá eru líkindin sem eftir standa milli Söknuðar og You Raise Me Up óveruleg, slitrótt og smávægileg,“ segir í niðurstöðu Larwrence.

**Jafnvel þótt notuð sé hin gallaða greining sérfræðings stefnanda [Jóhanns Helgasonar] þá stendur eftir sú staðreynd að hver þau smávægilegu líkindi sem eru milli laganna tveggja er að finna í vel þekktum eldri verkum.**

Lögmenn Universal og Warner

Þess má geta að höfundar You Raise Me Up; norski lagasmiðurinn Rolf Løvland og írski textahöfundurinn Brendan Graham, hafa enn sem komið er hvorugur tilnefnt lögmann fyrir sína hönd við dómstólinn í Los Angeles.

Samkvæmt dagskrá mun dómarinn ákveða í desember hvort orðið verður við kröfu lögmanna Universal og Warner um frávísun málsins eða hvort það verður tekið til áframhaldandi meðferðar. Haldi málið áfram má búast við að skipaður verði kviðdómur til að skera úr um ágreininginn. **gar@frettabladid.is**

# KONUKVÖLD

## Blómavals í Skútuvogi í kvöld kl. 17:00 til 21:00

### Dagskrá hefst kl. 18:00

- **Helgi Björns** tekur lagið kl. 19:00
- **Kynnir kvöldsins** Svanhildur Þórsteinsdóttir
- **Sigga Kling** mætir á svæðið
- **Vilmundur Hansen** spjallar um pottaplöntur og ræktun frá kl. 17:00 - 19:00
- **Magnús Kjartan trúbador** tekur nokkur lög
- **Blómaskreytar Blómavals** sýna borðskreytingar, blómaskreytingar og gefa góð ráð
- **Happdrætti** með glæsilegum vinningum
- **Allir sem versla** frá litla pottaplöntu (ungplöntu) að gjöf meðan birgðir endast



Magnús Kjartan mætir með gítarinn



Vilmundur Hansen spjallar um pottaplöntur og ræktun



Helgi Björnsson tekur lagið

### Happdrætti:

Fjöldi glæsilegra vinninga. Taktu þátt, við drögum út gjafakörfur og glæsilega vinninga allt kvöldið!

# 25%

**afsláttur af öllum vörum í Blómavali**

Jólavörur, gjafavörur, kerti, vasar, afskorin blóm, pottaplöntur, jólaljós, seríur, búsáhöld o.fl.

**Allir sem versla fá pottaplöntu** (ungplöntu) að gjöf meðan birgðir endast



Svanhildur Þórsteinsdóttir, kynnir kvöldsins.

Sigga Kling mætir á svæðið

TAKTU ÞÁTT Í MYNDALEIK

Selfie.is MYNDABOX

Þú getur unnið afnot af myndaboxi að eigin vali.

**Til þess að taka þátt þarft þú að:**

1. Taka mynd í myndaboxinu okkar
2. Senda þér myndina í SMS eða tölvupósti
3. Deila myndinni á Facebook eða Instagram
4. Merkja myndina #Selfie.is

Fyrsti vinningur í happdrættinu

Tveggja nátta gisting á Hótel Selfossi ásamt morgunverði, þriggja rétta kvöldverði annað kvöldið ásamt aðgangi í Spa.

**ATH: vinningur dreginn út kl. 20:15**



HOTEL SELFOSS

**Mættu tímanlega**

**Kaffi, vöfflur og ís** á meðan birgðir endast

Nýbakaðar vöfflur, ilmandi kaffi og ísvélin á fullu

Vörukynningar, smakk og fleira frá eftirtöldum aðilum:

**Weleda:** Kynning á húðvörum • **Hekla Ísland:** Kynnir jólalínuna í ár
**Icepharma:** Kynna Sonnet, umhverfisvæn hreinsiefni
**Ölgerðin:** Kynnir AVA og Pepsi Max Lime • **Frost:** Nýjungar í jólaseríum
**Vín-nes:** Kynnir lífræna nýjung ..... og margt fleira!

blómaval
heillandi heimur

# Kvika greiðir milljónir í sekt til Fjármálaeftirlitsins

**VIÐSKIPTI** Kvika banki lét hjá líða að tilkynna Fjármálaeftirliti um svonefnda hliðarstarfsemi bankans, eins og kveðið er á um að gera skuli í lögum um fjármálafyrirtæki. Vegna þessa hafa bankinn og eftirlitið gert með sér samkomulag um að bankinn greiði sekt að fjárhæð þrjár milljónir. Þetta kemur fram í gagnsæistilkynningu eftirlitsins. Segir þar að helstu skilyrði þess að viðskiptabanki megi stunda hliðarstarfsemi séu annars vegar að starfsemin sé í eðlilegu framhaldi af fjármálaþjónustu fyrirtækisins og hins vegar að Fjármálaeftirlitinu sé tilkynnt um starfsemina sem fyrirhuguð er. Í lögunum er kveðið á um að brot lögaðila á þessari tilkynningarskyldu geti numið frá fimm hundruð þúsund krónum til átta hundruð milljóna króna, en geti þó farið umfram það að uppfylltum tilteknum skilyrðum. **– jþ**

> Bankinn tilkynnti ekki um hliðarstarfsemi sína eins og skylt er.

# Situr uppi með milljón króna fjártjón út af stolnu lykilorði

Móðir fíkils var sér óafvitandi skuldsett fyrir rúma milljón króna í gegnum greiðslulausnina Pei sem Greiðslumiðlun rekur. Hún gagnrýnir hve auðvelt sé að skrá aðra í slík viðskipti. Dóttir hennar keypti síma og spjaldtölvur í Elko fyrir alla upphæðina. Fyrirtækin segja móðurina sitja uppi með tjónið.



**Jóna Guðrún Ólafsdóttir hefur áður lent í svipuðum vanda vegna neyslu dóttur sinnar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**SAMFÉLAG** Síðastliðinn mánudag varð Jóna Guðrún Ólafsdóttir fyrir þeirri óskemmtilegu reynslu að sjá greiðsluseðla frá Greiðslumiðlun upp á rúma milljón á heimabanka sínum. Kannaðist hún ekki við færslurnar sem voru vegna viðskipta við raftækjarisann Elko. Nánari athugun leiddi í ljós að dóttir hennar, sem er í mikilli neyslu, hafði náð að stofna reikning í hennar nafni á greiðslusmáforritinu Pei og gat þannig keypt raftæki fyrir alla upphæðina.

„Að öllum líkindum hefur hún komist yfir lykilorðið mitt á Íslyklinum og það dugði til þess að stofna reikning í mínu nafni inni á þessu greiðsluforriti. Síðan fæ ég bara fjóra greiðsluseðla inn á heimabanka minn upp á rúma eina milljón króna samtals og hef fjórtán daga til að borga,“ segir Jóna Guðrún.

Hún hefur verið opin með reynslu sína sem aðstandandi fíkils. Þá segist hún hafa lent í margs konar sambærilegum vandræðum vegna neyslu dóttur sinnar en iðulega taki fyrirtækin einhverja ábyrgð. Það sé þó ekki svo í tilviki Elko og Greiðslumiðlunar.

„Dóttir mín náði rúmlega 300 þúsund krónum út af tékkareikningi mínum hjá Arion banka í sumar með því að nota gamalt lykilorð að reikningi. Bankinn gekkst við þeim mistökum og endurgreiddi mér upphæðina. Þá náði dóttir mín einnig að kaupa sér flugmiða til Spánar hjá Úrvali Útsýn en þar mætti ég miklum skilningi og kaupin gengu til baka,“ segir Jóna Guðrún.

Sömu sögu sé ekki að segja af Elko og Greiðslumiðlun. „Viðmótið hjá báðum þessum fyrirtækjum er að ég eigi að sitja uppi með tjónið.

> Það kvikna engar spurningar þó að kona í annarlegu ástandi kaupi raftæki fyrir rúmlega milljón í fjórum ferðum og á reikning annars aðila.
>
> Jóna Guðrún Ólafsdóttir

Nafn dóttur minnar kemur fram sem kaupandi að raftækjunum hjá Elko en reikningurinn er sendur á mig. Það kvikna engar spurningar þó að kona í annarlegu ástandi kaupi raftæki fyrir rúmlega milljón í fjórum ferðum og á reikning annars aðila,“ segir Jóna Guðrún. Hún hefur leitað ráðgjafar hjá lögfræðingi og hyggst kanna rétt sinn vegna málsins.

Lögmaður Greiðslumiðlunar segir að fyrirtækið geti ekki tjáð sig um málefni einstakra viðskiptavina. Hann staðfestir að nóg sé að komast yfir lykilorð á Íslyklinum og kennitölur til þess að skrá sig inn á greiðslulausnina.

„Það er raunveruleikinn í dag á þessum tímum rafrænna lausna. Það er mikilvægt að fólk passi upp á lykilorðin sín,“ segir Bjarni Þór Óskarsson lögmaður. Að hans sögn eru slík fjársvik í gegnum Pei afar sjaldgæf en þó hafi vissulega komið upp nokkur tilvik. „Það er eins og með allar greiðslulausnir, því miður reyna óprúttnir aðilar að hafa fé af fólki,“ segir Bjarni Þór.

**bjornth@frettabladid.is**




FRÉTTABLAÐIÐ.IS

**1 Fjölskyldumaður vann fyrsta vinning: „Af leigumarkaðnum yfir í eigið húsnæði“** Þriggja barna fjölskyldufaðir á höfuðborgarsvæðinu vann fyrsta vinning í Lottói, tæpar 42 milljónir.

**2 Freyja vann í Hæstarétti** Hæstiréttur kvað upp dóm sinn í gær í máli Barnaverndarstofu gegn Freyju Haraldsdóttur.

**3 Þetta eru bestu veitingahús Íslands** Veitingastaðurinn ÓX er talinn besti veitingastaðurinn á Íslandi að mati White Guide, leiðarvísis um matargerð.

**4 Súrefnismettunarmæla í allar flugvélar: „Ég var orðinn blár í framan“** Daníel Wirkner fékk flogakast um borð í vél Icelandair á leið frá Alicante til Keflavíkur.

**5 Syrgjendur í vímu eftir að óvart var boðið upp á hasskökku í jarðarför** Táningsdóttir starfsmanns veitingahússins hafði bakað kökuna fyrir annað tilefni.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á **www.frettabladid.is**



**Í Sundahöfn.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Síðasta skipið í haust fór í gær

**FERÐAÞJÓNUSTA** Samtals 183.107 farþegar komu til Íslands með skemmtiferðaskipum á þessu ári. Síðasta skip sumarsins sigldi úr Sundahöfn eftir miðnætti í fyrrinótt.

Það var farþegaskipið Astoria sem bæði hóf skemmtisiglingatímabilið til Íslands og lauk því. Astoria kom fyrst til Sundahafnar að morgni 16. mars og sigldi þaðan síðustu ferðina í fyrrinótt.

Auk fyrrnefndra farþega var 80.241 áhafnarmeðlimur um borð í skemmtiferðaskipunum 84 sem hingað komu í alls 194 ferðum. **– gar**




ISBAND
UMBOÐSAÐILI RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 534 4433 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
RAM



# Wizar

...fyrir lífsins ljúfu stundir





Hægindastóllinn sem slegið hefur í gegn.

360° snúningur | innbyggður fótaskemill
hallanlegt bak | stillanlegur höfuðpúði

Fáanlegir **Wizar** litir

**Verð frá**
**199.900 kr.**

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

# Norðurlandaráð samþykkti aukið samstarf um samfélagsöryggi

**NORÐURLÖND** Stefna Norðurlandaráðs um samfélagsöryggi var samþykkt samhljóða á þingi ráðsins í Stokkhólmi í gær. Oddný Harðardóttir, sem sat í starfshópi sem vann stefnuna, segir að margt annað en stríðsátök geti ógnað samfélagsöryggi.

„Loftslagsváin með ofsaveðrum, skógareldum og flóðum, heimsfaraldur, stórslys og tölvuárásir. Allt þetta og meira til getur ógnað orkuöryggi og matvælaöryggi,“ segir Oddný.

Hún segir að Norðurlöndin standi betur að vígi með samvinnu á þessu sviði. „Það þarf samt að haga málum þannig að okkar frjálsu samfélögum og mannréttindum sé ekki ógnað í nafni öryggis.“

Það hafi verið samhljóma álit þeirra sérfræðinga og embættismanna sem rætt hafi við starfshópinn að aukið norrænt samstarf á sviði samfélagsöryggis væri til góða.

„Kannanir hafa sýnt fram á mikinn stuðning almennings við norrænt samstarf um öryggismál.


**Oddný í ræðustól á þinginu.** MYND/NORÐURLANDARÁÐ

Það hefur hins vegar skort pólitíska forystu. Með þessari stefnu er Norðurlandaráð að veita Norrænu ráðherranefndinni umboð á þessum sviðum,“ segir Oddný.

Þá leggur hún áherslu á að efla þurfi norrænt samstarf um frið, friðsælar lausnir og fyrirbyggjandi aðgerðir gegn átökum.

Í stefnunni er einnig fjallað um lögreglusamstarf, samstarf um heilbrigðismál auk samstarfs á sviði almannavarna, björgunarsveita og neyðarboðskipta. **– sar**

# Gleðst fyrir hönd fatlaðra foreldra sem þurfa aðstoð

**DÓMSMÁL** „Þetta er auðvitað mikill gleðidagur, ekki bara fyrir mig, heldur líka fyrir fatlaðar mæður og fatlaða foreldra sem þurfa aðstoð, og fatlað fólk almennt,“ segir Freyja Haraldsdóttir en Hæstiréttur dæmdi henni í vil í gær, í máli sem hún höfðaði gegn Barnaverndarstofu vegna synjunar um að fá að fara í gegnum umsóknarferli til að gerast fósturforeldri.

Freyja tapaði málinu í héraði en Landsréttur sneri þeim dómi við og felldi úrskurð Barnaverndarstofu úr gildi. Hæstiréttur hefur nú staðfest þá niðurstöðu Landsréttar.

Lögmaður Freyju, Sigrún Ingibjörg Gísladóttir, segir dóminn mikilvægan og að lærdómurinn sé að stjórnvöld þurfi að gæta þess við afgreiðslu mála að fatlað fólk verði ekki fyrir mismunun. **– la**

# Læra megi af máli Atla

**DÓMSMÁL** „Nú er komið í ljós að það hafði afleiðingar að virða ekki reglur sem er gott og verður vonandi öðrum stjórnendum áminning til framtíðar um að svona er ekki hægt að taka á málum sem upp koma,“ segir Einar Þór Sverrisson, lögmaður Atla Rafns Sigurðssonar sem lagði Leikfélag Reykjavíkur og leikhússtjóra þess í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.


**Einar Þór Sverrisson, lögmaður.**

Var Leikfélaginu og Kristínu Eysteinsdóttur leikhússtjóra gert að greiða Atla Rafni 5,5 milljónir í bætur fyrir ólögmæta uppsögn auk einnar milljónar í málskostnað.

Atla Rafni var sagt upp í desember 2017 í kjölfar ásakana á hendur honum um kynferðislega áreitni.

Í yfirlýsingu stjórnar Leikfélags Reykjavíkur eftir dóminn segir að óvissa ríki um túlkun laga sem tryggja eiga vellíðan og öryggi starfsfólks. Er til skoðunar að áfrýja dóminum til Landsréttar. **– la**


Ný frímerki

*Safnaðu litlum listaverkum*

Þann 31. október gefur Pósturinn út jólafrímerkin 2019. Myndefni frímerkjanna eru heimasmíðuð íslensk jólatré frá Hruna í Hrunamannahreppi og Laugardælum í Flóahreppi. Einnig koma út fjögur frímerki tileinkuð íslenskri myndlist, þ.e. nýja málverkinu á níunda áratug síðustu aldar.



Fyrstadagsumslög fást á helstu pósthúsum.
Einnig er hægt að panta þau hjá Frímerkjasölunni. Sími: 580 1050.
Netfang: stamps@stamps.is
Heimasíða: www.stamps.is
facebook.com/icelandicstamps

PÓSTURINN
FRÍMERKJASALAN




**Rán Flygenring notar húmor til þess að setja fram hluti sem betur mega fara hjá fyrirtækjum.** MYND/RÁNFLYGERNING

# Húmor beitt til mats á menningu vinnustaða

**Fjögur íslensk fyrirtæki eru aðilar að Jafnréttisvísi Capacent. Verkefnið felst í því að meta stöðu jafnréttis í fyrirtækjum og að fyrirtæki setji sér markmið í jafnréttismálum. Fleiri stofnanir og fyrirtæki standa nú í aðildarviðræðum.**

**SAMFÉLAG** Tryggingamiðstöðin TM, Landsvirkjun, Landsbankinn og Síminn hafa á síðastliðnum tveimur árum orðið aðilar að Jafnréttisvísi Capacent. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, Háskólinn á Akureyri og Alcoa Fjarðaál eru í aðildarferli.

Um er að ræða verkefni fyrir fyrirtæki og stofnanir sem vilja móta sér markmið í jafnréttismálum og meta stöðu jafnréttis innan fyrirtækja.

„Ég var búin að vera með það lengi í maganum að það vantaði einhverja lausn fyrir fyrirtæki til þess að horfa í 360 gráður á jafnrétti,“ segir Þórey Vilhjálmsdóttir, ráðgjafi hjá Capacent og forsprakki verkefnisins.

„Jafnréttisvísirinn var formlega kynntur í nóvember 2017 og fyrir tilviljun var það akkúrat í sömu viku og #metoo fór af stað,“ segir Þórey.

„Ég hafði, sem ráðgjafi hjá Capacent, mikið verið að vinna með stjórnendum fyrirtækja og ég fann það á þessum tíma að fólk var farið að vilja gera eitthvað í jafnréttismálum. Það var að koma þrýstingur alls staðar frá, bæði frá viðskiptavinum og starfsfólki og mikið hefur verið rætt um það í samfélaginu hversu fáar konur eru í stjórnunarstöðum í atvinnulífinu,“ bætir hún við.

„Jafnréttisvísirinn er vitundarvakning og stefnumótun í jafnréttismálum fyrirtækja. Við byrjum á því að greina stöðu jafnréttismála í fyrirtækinu með því að taka viðtöl við stóran hóp starfsfólks, leggja fyrir kannanir og skoða ýmis gögn en svo vinnum við líka eftir óhefðbundnum leiðum,“ segir Þórey.

> **Það geta verið litlir hlutir líkt og athugasemdir, brandarar og framígrip sem halda konum niðri í menningunni.**
>
> Þórey Vilhjálmsdóttir, ráðgjafi hjá Capacent



Með óhefðbundnum leiðum á hún til að mynda við að ráðgjafar Capacent fylgist með starfsumhverfi fyrirtækjanna sem sækja um aðild. „Við skoðum menninguna sem ríkir á vinnustaðnum og hvernig húsnæðið er skipulagt með tilliti til jafnréttis,“ útskýrir Þórey.

„Annað sem við gerum er að við notum skapandi leiðir og húmor. Rán Flygenring teiknari hefur til dæmis verið í teyminu mínu frá upphafi og hún teiknar upp það sem sjáum,“ segir hún.

„Þannig notum við húmor til þess að benda á hluti sem betur mega fara. Hluti sem kannski virka sem smáatriði en það geta verið litlir hlutir líkt og athugasemdir, brandarar og framígrip sem halda konum niðri í menningunni. Við getum breytt heiminum með því að horfa í smáatriðin,“ segir Þórey.

Þegar Capacent hefur tekið fyrirtækin út setja þau sér markmið til þess að auka jafnrétti í fyrirtækinu. Markmiðunum er svo fylgt eftir af ráðgjöfum Capacent árlega næstu þrjú árin. Hægt verður að fylgjast með stöðu allra þeirra fyrirtækja sem eru aðilar að Jafnréttisvísinum á heimasíðu Capacent.

Jafnlaunavottun hefur verið mikið í umræðunni undanfarið og aðspurð segir Þórey Jafnréttisvísinn ólíkan vottuninni í framkvæmd. „Jafnlaunavottun er frábær en hún mælir ekki völd kvenna innan fyrirtækja. Þú getur verið með enga konu í framkvæmdastjóralaginu en samt með jafnlaunavottun því þú borgar sömu laun fyrir sömu störf,“ segir hún.

„Við skoðum launin út frá því hvaða völd og áhrif þau eru að endurspegla. Við skoðum hvernig launakakan skiptist á milli kynjanna því að ef meðaltal launa karla og kvenna er skoðað er það yfirleitt þannig að karlar fá mun meira af kökunni og það endurspeglar auðvitað valdastöðuna í atvinnulífinu,“ segir Þórey.

**birnadrofn@frettabladid.is**

CLARINS

# Hátíðarnar nálgast!




20% afsláttur af öllum CLARINS
vörum dagana 31. október - 6. nóvember
Gjafasett frá Clarins í miklu úrvali. Fullkomin jólagjöf

HAGKAUP *Meira svona alla daga*



**Heimilislaus maður á götum Parísarborgar.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Mikil fjölgun dauðsfalla heimilislausra

**FRAKKLAND** 612 heimilislausir Frakkar létust árið 2018 samkvæmt góðgerðarsamtökunum Morts de la Ruse, sem skrásett hafa dauðsföllin á undanförnum árum. Árið 2017 létust 511 og er þetta mesta fjölgun sem mælst hefur á milli ára. Hér er einungis um staðfest tilvik að ræða en heilbrigðisyfirvöld í Frakklandi telja að tölurnar séu mun hærri.

„Að eiga heimili er lífsnauðsynlegt,“ segir í tilkynningu samtakanna. „Við sjáum glögglega hvaða áhrif það hefur á fólk að búa á götunni, bæði andlega og líkamlega. Þegar fólk hefur búið lengi á götunni verður erfitt eða jafnvel ómögulegt að aðlagast venjulegu heimilishaldi að nýju.“

**» 50 prósent deyja þegar annað fólk er nálægt en skiptir sér ekki af.**

Samtökin hafa greint þessar tölur enn frekar. Um 30 prósent heimilislausra Frakka þjást af alkóhólisma eða fíkn og stór hluti þeirra af öðrum veikindum eða fótlunum. Sjálfsvígstíðni er einnig mun hærri en hjá öðrum.

Lífslíkur heimilislausra karla eru aðeins tæp 49 ár, á meðan heildarmeðaltalið í Frakklandi eru 82 ár. Karlar eru mikill meirihluti heimilislausra, 90 prósent. Á síðasta ári létust 13 heimilislaus börn. 50 prósent heimilislausra eru innflytjendur og 50 prósent deyja þegar annað fólk er nálægt en skiptir sér ekki af.

Eitt af kosningaloforðum Emmanuel Macron fyrir forsetakosningarnar árið 2017 var að allir Frakkar fengju þak yfir höfuðið. Það hefur ekki enn gengið eftir en Morts de la Ruse beita sér fyrir að öll úrræði verði nýtt, bæði neyðarskýli, skammtímahúsnæði og úrræði til lengri tíma. – **khg**

# Japanir heiðra höfund Súper Maríó bræðra

**JAPAN** Shigeru Miyamoto, höfundur tölvuleikjanna vinsælu um Maríóbræður, verður heiðraður af ríkisstjórn Japans á sunnudag, 3. nóvember, fyrir framlag hans til menningarinnar en það er einmitt svokallaður menningardagur landsins.

Miyamoto, sem er 66 ára, er goðsögn í tölvuleikjaiðnaðinum, sem hefur vaxið mikið á undanförnum árum og veltir meira en aðrar afþreyingargreinar, svo sem kvikmyndir og tónlist. Hann hóf feril sinn hjá Nintendo árið 1977 og hannaði meðal annars hinn geysivinsæla spilakassaleik Donkey Kong árið 1981.

Árið 1984 varð Miyamoto framkvæmdastjóri hönnunar hjá Nintendo, staða sem hann gegndi allt til ársins 2015 og starfar hann enn þá hjá fyrirtækinu. Þegar fyrsta heimaleikjatölva fyrirtækisins, NES, sló í gegn árið 1986 var það að miklu leyti leikjum Miyamoto að þakka, Super Mario Bros og The Legend of Zelda. Hinn ítalski pípulagningamaður Mario hefur síðan orðið einn helsti tákngervingur fyrir tölvuleikjaiðnaðinn í heild.

**Við munum gera okkar allra besta til að fá fólk alls staðar í heiminum til að brosa.**

Shigeru Miyamoto hönnuður hjá Nintendo



„Við munum gera okkar allra besta til að fá fólk alls staðar í heiminum til að brosa,“ sagði Miyamoto þegar honum var tilkynnt um viðurkenninguna. Hann sagði einnig að öll hönnunardeildin hjá Nintendo ætti heiðurinn skilið.

Nintendo lagði keppinauta sína í Sega að velli á níunda áratugnum en varð síðan undir í samkeppni við Playstation og Xbox. Nintendo hafði ekki burði til þess að keppa við framleiðendur þeirra, Sony og Microsoft, hvað búnað varðar. Hefur fyrirtækið því á undanförnum árum þurft að beita hugvitinu og setja öðruvísi tölvur á markað, svo sem Wii og Switch. – **khg**

# Reyndi að heimsækja forseta Brasilíu skömmu fyrir morðið

**Forseti Brasilíu veittist að fjölmiðlum með geigvænlegri heift eftir að greint var frá því að grunaður morðingi andstæðings hans í stjórnmálum hefði komið á heimili hans skömmu fyrir morðið. Í löngu myndbandi æpti hann og blótaði blaðamönnum. Stjórnarandstæðingar vilja rannsókn á málinu.**

**BRASILÍA** Jair Bolsonaro, forseti Brasilíu, réðst á fjölmiðla í gær með gífurlegri heift eftir að greint var frá því að annar tveggja grunaðra morðingja Marielle Franco hefði komið við á heimili hans fyrir morðið. Franco, sem var vinstrisinnuð stjórnmálakona í Rio de Janeiro, var skotin til bana þann 14. mars á síðasta ári. Hún var einna þekktust fyrir að gagnrýna lögregluna fyrir að beita ofbeldi og drápum án dóms og laga. Þeir grunuðu eru báðir lögreglumenn.

„Skítseiðin ykkar, drullusokkarnir ykkar! Þetta mun ekki festast við mig!“ sagði forsetinn í myndbandsupptöku á samfélagsmiðlasíðu sinni eldsnemma í gærmorgun, en hann var þá á hóteli í Sádi-Arabíu. Fréttin hafði birst í sjónvarpsþættinum Jornal Nacional á TV Globo kvöldið áður enn það er langlífasti og virtasti fréttaþáttur í Brasilíu.

Alls var upptaka forsetans 23 mínútur og á köflum æpti hann og var nálægt gráti. „Ég ætti ekki að missa stjórn á skapi mínu. Ég er forseti lýðveldisins. En ég játa að ég er kominn á fremsta hlunn,“ sagði Bolsonaro. „Það sem þið gerðuð var glæpsamlegt, að birta svona sögu á besta tíma í sjónvarpinu.“ Sakaði hann jafnframt fréttamennina um að vera óþjóðrækna.

Í frétt Jornal Nacional kom fram að hinum grunaða, Elcio Queiroz, hefði verið hleypt inn á heimili forsetans verðandi klukkan 5.10 sama dag og Franco var myrt. Bolsonaro var þá þingmaður í Rio de Janeiro fylki og bjó í glæsihýsi við ströndina. Við hliðið sagði Queiroz verðinum að hann ætlaði að hitta Bolsonaro en hinn síðarnefndi var þá í erindagjörðum í höfuðborginni Brasilíu. Ónefndur maður, sem vörðurinn taldi vera Bolsonaro, sagði verðinum að hleypa Queiroz inn. Einhverra hluta vegna ók Queiroz þá í burtu og fór að heimili Ronnie Lessa, sem einnig er grunaður um morðið.




**Bolsonaro tók myndbandið upp á hótelherbergi í Riyadh, höfuðborg Sádi-Arabíu.** NORDICPHOTOS/GETTY

**Skítseiðin ykkar, drullusokkarnir ykkar! Þetta mun ekki festast við mig!**

Jair Bolsonaro, forseti Brasilíu

Bolsonaro lét ekki aðeins gamminn geisa á samfélagsmiðlum heldur beitti hann embættismönnum sínum fyrir sig. Augusto Heleno, herforingi og yfirmaður öryggismála, sagði í gær að fréttin hefði verið tilraun til að hvetja til uppþota og ofbeldis, líkt og sjá mætti í Chile og fleiri löndum rómönsku Ameríku. Þá sagði Frederick Wassef, lögmaður forsetans, að fréttin væri hreinn uppspuni.

Stjórnarandstæðingar í Brasilíu hafa hins vegar kallað eftir rannsókn á málinu og hneyksluðust jafn framt á framkomu forsetans í myndbandinu.

kristinnhaukur@frettabladid.is






# Altari úr mannabeinum hjá eiturlyfjahring

**MEXÍKÓ** Lögreglan í Mexíkóborg fann altari, sem að hluta til var gert úr mannabeinum, í athvarfi eiturlyfjahrings. Unnið er að því að komast að því hverjum beinin tilheyra með DNA-rannsóknum.

Nýlega lögðu lögreglan og mexíkóski herinn til atlögu gegn eiturlyfjahring sem hafði aðsetur í Tepitohverfinu. Meira en hundrað manns tóku þátt í aðgerðinni. Að sögn lögregluyfirvalda Mexíkóborgar fundust 42 höfuðkúpur, 40 kjálkabein og 31 bein úr hand- eða fótleggjum. Einnig fannst mannsfóstur í krukku í húsinu. 31 var handtekinn í aðgerðunum en dómari hefur þegar úrskurðað að 27 skuli sleppt.

Altarið er talið minna mikið á ýmislegt sem tengist vúdúsið. Hann á upptök sín í Afríku en barst yfir Atlantshafið og er iðkaður á Karíbahafseyjum og á meginlandi Ameríku. Á myndum frá staðnum mátti sjá krossa, hnífa, grímur, og mynd af hyrndri geit sem oft hefur verið túlkuð sem holdgervingur kölska.



**Altarið sem fannst í Mexíkóborg.**

Á þessu stigi er málið ekki rannsakað sem morð því að þeir sem byggðu altarið hefðu getað komist yfir beinin á annan hátt. Ekki er þó útilokað að um manndráp sé að ræða, því ofbeldi tengt eiturlyfjastríðinu hefur verið geigvænlegt og líkamsleifar fólks oft vanvirtar. - **khg**




Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# Sáralítið streymir inn á markaðinn

**Heildarfjárfesting Íslendinga í erlendum verðbréfum hefur numið 130 milljörðum það sem af er ári en á sama tímabili hafa útlendingar aðeins fjárfest fyrir 3 milljarða í íslenskum verðbréfum. Útflæðið setur þrýsting á að viðhalda viðskiptajöfnuði.**




**Þetta er annað árið í röð sem innstreymi inn á verðbréfamarkaðinn er mjög lítið.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Stóra myndin er sú að við höfum verið að nota allan viðskiptaafgang þjóðarbúsins til þess að fjármagna eignamyndun erlendis. Það hefur verið nokkuð myndarlegur viðskiptaafgangur í ár þrátt fyrir að helstu útflutningsgreinar séu í vörn, aðallega vegna þess að innflutningur hefur dregist talsvert saman. Á sama tíma hafa erlendir fjárfestar sýnt íslenskum verðbréfa- og vaxtamarkaði sáralítinn áhuga," segir Stefán Broddi Guðjónsson, sérfræðingur hjá Arion banka.

Íslendingar keyptu erlend verðbréf fyrir 45 milljarða í september samkvæmt tölum Seðlabanka Íslands en það jafngildir um 120 þúsundum króna á hvern landsmann. Þegar talað er um verðbréfafjárfestingu Íslendinga erlendis er að langmestu leyti um að ræða fjárfestingar íslenskra lífeyrissjóða í hlutdeildarskírteinum í erlendum sjóðum. Til samanburðar námu kaup útlendinga á íslenskum verðbréfum einungis 1 milljarði króna í september.

Heildarfjárfesting Íslendinga í erlendum verðbréfum hefur numið 130 milljörðum það sem af er ári en á sama tímabili hafa útlendingar aðeins fjárfest fyrir 3 milljarða króna í íslenskum verðbréfum. Stefán bendir á að til viðbótar hafi eign Íslendinga á gjaldeyrisreikningum í íslenskum bönkum aukist um 50 milljarða á árinu, krónan hafi veikst um 5 prósent og erlendir eignamarkaðir yfirleitt skilað góðri ávöxtun. Þar með segir verðbréfafjárfesting í raun minna en hálfa söguna um aukningu erlendra eigna Íslendinga, aðallega lífeyrissjóða.

Stefán segir tölurnar varpa ljósi á það að ásókn útlendinga í íslenska vexti sé ekki að valda óstöðugleika í hagkerfinu. Þvert á móti þurfi frekar að hafa áhyggjur af of lítilli erlendri fjárfestingu á meðan útflæðið er svona mikið.

„Tölurnar gefa til kynna að það sé frekar útstreymi frá íslenskum fjárfestum sem ætti að valda óstöðugleika heldur en innstreymi að utan. Það setur mikla pressu á gjaldeyrissköpun þjóðarbúsins og kemur í veg fyrir styrkingu krónunnar. Sumir hafa haft áhyggjur af fjárfestingum útlendinga hér á landi en um þessar mundir þurfum við á þeim að halda. Það vantar þátttakendur til að fjárfesta í íslensku atvinnulífi," segir Stefán Broddi.

Spurður hvernig megi skýra lítinn áhuga erlendra fjárfesta á því að fjárfesta á íslenskum verðbréfamarkaði svarar Stefán að margar ástæður geti legið að baki.

„Fyrir mitt leyti held ég að stærsta skýringin sé sú að þeir, eins og aðrir, sjái að hér hafa orðið kaflaskil. Íslenska hagkerfið virðist í bili hætt að vaxa langt umfram önnur hagkerfi, líkt og raunin var á síðustu árum," segir Stefán Broddi. Þá hafi smæð skuldabréfaflokka, lítil velta og miklar sveiflur á verðbréfamarkaði, grunnur gjaldeyrismarkaður og gjaldmiðillinn einnig fælandi áhrif.

Agnar Tómas Möller, forstöðumaður skuldabréfa hjá Júpíter, tekur í sama streng. Íslenski markaðurinn sé hugsanlega of grunnur

**Innflæði og útflæði**




og horfur í hagkerfinu kunni að hafa fælandi áhrif.

„Séríslensk skattamál í tengslum við uppgjör íslenskra skuldabréfa hafa síðan fælt marga erlenda fjárfesta og auk þess getur verið að lítil fjárfesting að utan sé afleiðing af því að við vorum lengi með innflæðishöft."

### Seðlabankinn verði þátttakandi í fjármagnsjöfnuði

Agnar bendir á að miðað við stöðuna í dag þurfi þjóðarbúið að viðhalda um fjögurra prósenta viðskiptaafgangi til þess að standa undir útflæði á vegum lífeyrissjóðanna. Ofan á það þurfi líklega að viðhalda kringum tveggja prósenta afgangi til að standa undir öðru útflæði fjármagns frá landinu, sé ekkert innflæði að utan sem vegi á móti.

„Þegar hagkerfið var í höftum var ekkert útflæði af hálfu lífeyrissjóðanna. Allur sparnaður festist í kerfinu og Seðlabankinn safnaði gjaldeyri til þess að krónan styrktist ekki of mikið. Þannig byggðist upp gríðarlegt fjármagn inni í kerfinu sem gat ekki farið út fyrir landsteinana og nú mætti segja að verið sé að vinda ofan af þessu með því að innlend eignasöfn leiti í meira jafnvægi á milli innlendra og erlendra eigna," segir Agnar sem bendir á að þetta sé annað árið í röð sem nær ekkert fjármagn flæði inn á íslenskan verðbréfamarkað til að vega upp á móti miklu útflæði.

„Það er vinna fyrir hagkerfið að þurfa annað árið í röð að standa undir um 200 milljarða króna útflæði með nánast ekkert innflæði á móti. Í fyrra var lítill viðskiptaafgangur og krónan féll eins og steinn en í ár er það einkum mikið fall í innflutningi og minnkandi vöxtur einkaneyslu sem nær að vinna á móti. Lífeyrissjóðskerfið mun halda áfram að stækka og færa fjármagn jafnt og þétt úr landi ásamt öðrum innlendum fjárfestum. Það má velta fyrir sér hvort Seðlabankinn myndi í framtíðinni nota gjaldeyrisforðann að einhverju leyti til að létta á útstreyminu þegar innflæði er jafn lítið og undanfarið en viðskiptaafgangurinn stendur ekki undir útflæðinu. Seðlabankinn myndi þannig í raun virka sem þátttakandi í fjármagnsjöfnuðinum og að sveiflujafna fjármagnshreyfingar til og frá landinu."

**thorsteinn@frettabladid.is**

> **Sumir hafa haft áhyggjur af fjárfestingum útlendinga hér á landi en um þessar mundir þurfum við á þeim að halda.**
>
> Stefán Broddi Guðjónsson, sérfræðingur hjá Arion banka

> **Það er vinna fyrir hagkerfið að þurfa annað árið í röð að standa undir um 200 milljarða króna útflæði með nánast ekkert innflæði á móti.**
>
> Agnar Tómas Möller, forstöðumaður skuldabréfa hjá Júpíter

# Arðsemi Íslandsbanka nam 4,7 prósentum

Arðsemi Íslandsbanka á þriðja fjórðungi ársins nam 4,7 prósentum á ársgrundvelli og lækkaði á milli ára. Arðsemin var um 4,9 prósent á sama fjórðungi í fyrra.

Hagnaður bankans nam 2,1 milljarði króna og stóð í stað á milli ára en hagnaður af reglulegri starfsemi nam 3 milljörðum króna og hækkaði um 100 milljónir.

Hreinar vaxtatekjur námu 8,4 milljörðum króna og jukust einnig um 100 milljónir á milli ára. Vaxtamunur bankans var 2,7 prósent en hann var 3 prósent á sama fjórðungi í fyrra. Þá hækkuðu hreinar þóknunartekjur úr 2,9 milljörðum króna í 3,1 milljarð.

Í uppgjörstilkynningu bankans var haft eftir Birnu Einarsdóttur bankastjóra að neikvæðar virðisbreytingar, sem meðal annars má rekja til þess að nokkuð hefur hægt á efnahagslífinu, hefðu dregið úr afkomu og arðsemi. Á móti hafi kostnaðarhlutfall farið lækkandi.

Í október lækkaði Fjármálaeftirlitið lágmarkskröfu um



**Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka.**

eigið fé Íslandsbanka úr 19,3 prósentum í 18,8 prósent. Lækkunin er rakin til minni áhættu í rekstri bankans. **– þfh**

# Hið opinbera auki fjárfestingar í stað þess að niðurgreiða skuldir enn frekar

Það er áleitin spurning hvort ekki sé skynsamlegt fyrir hið opinbera, kannski sérstaklega ríkissjóð, að slaka á markmiðum um mikla lækkun skulda í árferði eins og nú ríkir og huga frekar að því að auka fjárfestingar sem nýtast samfélaginu til framtíðar. Þetta segir Hagfræðideild Landsbankans í nýrri hagspá sinni.

„Opinberar skuldir hafa minnkað mikið á síðustu árum," segir Hagfræðideildin. Stefnt er að því að heildarskuldir hins opinbera verði komnar undir 30 prósent af vergri landsframleiði í lok ársins.

„Til þess að ná þessum markmiðum hafa komið til óreglulegar tekjur, t.d. af eignasölu og óreglulegum arðgreiðslum og er gert ráð fyrir að svo verði áfram. Reiknað hefur verið með að á árunum 2019-2021 verði hægt að nýta tæplega 120 milljarða tekjur frá fyrirtækjum í ríkiseigu til að greiða niður skuldir," segir í hagspánni.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2020 er lagt til að útgjöld ríkissjóðs verði aukin um rúm 10 prósent að nafnvirði frá fyrra ári sem er vel



**Á árunum 2019–2021 verður hægt að nýta tæplega 120 milljarða tekjur frá fyrirtækjum í ríkiseigu til að greiða niður skuldir.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

umfram verðlagsþróun og aukningu landsframleiðslu. Gert er ráð fyrir 0,4 milljarða afgangi á næsta ári, samkvæmt frumvarpinu, rifjar Hagfræðideildin upp.

„Það vekur óneitanlega athygli hversu lítið áherslur í fjármálum hins opinbera hafa breyst á síðustu árum, þrátt fyrir mikið breytta samsetningu ríkisstjórna. Það gæti bent til þess að stjórnmálaflokkar séu almennt sammála um stóru myndina í fjármálum ríkisins. Við það bætist að erfitt er að sveigja mikið frá fjármálaáætlun," segir Hagfræðideildin.

Landsbankinn gerir ráð fyrir að verulega muni hægja á hagvexti á næstu árum eftir kröftugan vöxt síðustu ár. Samkvæmt spánni mun landsframleiðsla dragast lítillega saman á þessu ári og hagvöxtur verður neikvæður um 0,4%. Á næsta ári er reiknað með tveggja prósenta hagvexti og að hann aukist lítillega árin 2021 og 2022. **– hvj**




# KÖKUBÆKLINGURINN ER KOMINN!

NÓI SÍRÍUS

# TILVERAN

Inga Rún Sigurðardóttir
ingarun@frettabladid.is

# Lykilfærni fyrir lífið

Félags- og tilfinningafærni er grundvallarfærni fyrir farsæla skólagöngu, sem þarf að fá meiri fókus í skólakerfinu. Í gegnum skóla er hægt að ná til allra barna í samfélaginu og efla geðheilsu en æskuárin eru mikilvægasti mótunartíminn hvað hana varðar.

Þetta er víðamesta yfirlit yfir þennan þátt í skólastarfi sem hefur farið fram í skólastarfi hér á Íslandi," segir Sigrún Daníelsdóttir, verkefnastjóri geðræktar hjá Embætti landlæknis, um skýrslu embættisins um landskönnun á geðrækt í skólum sem kom út í gær.

Skýrslan segir frá niðurstöðum stórrar könnunar sem lögð var fyrir í öllum framhaldsskólum landsins og tæplega 70% allra leik- og grunnskóla. Markmið hennar er að fá yfirlit yfir stöðu geðræktar, forvarna og stuðnings við börn og ungmenni í íslensku skólakerfi. Þetta er gert til að skoða hversu vel vettvangur skólakerfisins nýtist til að efla geðheilsu barna og ungmenna og koma auga á þau sem þurfa aðstoð. „Skólinn er eini vettvangurinn sem við höfum yfir að ráða til að ná til allra barnanna í samfélaginu og þar leynast því dýrmæt tækifæri. Æskuárin eru mikilvægasti mótunartími geðheilsunnar og því brýnt að ná til barna á þessum tíma," segir Sigrún.

**Eins sjálfsagt og íþróttir**

Eitt af því sem skýrslan leiðir í ljós er að ekki er verið að kenna félags- og tilfinningafærni með markvissum hætti í skólakerfinu og þannig er farið á mis við tækifæri til að byggja upp geðheilsu barna og unglinga. Þessum þætti er mest sinnt í leikskólum en svo minnkar áherslan eftir því sem líður á skólagöngu barna. Framhaldsskólar stóðu bæði leik- og grunnskólum talsvert að baki þegar kom að kennslu í félags- og tilfinningafærni, mati og stuðningi í skólastarfi og samstarfi við foreldra.

Sigrún segir að það ætti að vera jafn sjálfsagt að kenna félags- og tilfinningafærni og skólaíþróttir. Kennslan kalli enn fremur á faglega sérhæfingu rétt eins og íþróttakennsla.

„Það er margt sem okkur finnst ástæða til að kenna í skólakerfinu. Við kennum börnum að synda, kennum þeim íþróttir og að athafna sig í eldhúsinu en við höfum ekki fundið neinn sambærilegan vettvang fyrir reglubundna kennslu í félags- og tilfinningafærni, þrátt fyrir að þetta sé grundvallarfærni fyrir farsæla skólagöngu," segir Sigrún.

Fram kemur í skýrslunni að rúmur helmingur leikskóla vinnur eftir heildstæðri áætlun um kennslu hegðunar-, félags- og tilfinningafærni fyrir alla aldurshópa og eru markmið fyrir slíka kennslu tilgreind í skólanámskrá. Það sama má segja um rúm 40% grunnskóla en tæpur þriðjungur hefur tilgreint markmið í skólanámskrá. Í framhaldsskólum er hlutfallið aðeins um einn af hverjum fjórum en meirihluti skólanna (55-60%) segir þetta að litlu eða engu leyti til staðar.

**Misjafnlega stödd**

Börnin koma misjöfn inn í skólakerfið hvað varðar félagsfærni rétt eins og aðra færni. „Sum eru þegar orðin læs þegar þau byrja í grunnskóla á meðan önnur eiga í erfiðleikum með að ná tökum á lestri. Við eigum að gera ráð fyrir því að það sé mikilvægt fyrir framtíðina að öll börn nái tökum á lestri hvort sem þau eru fær í því frá upphafi eða ekki. Og það er ekkert sem rökstyður að við skulum ekki líta sömu augum á félags- og tilfinningafærni sem er grundvallarfærni fyrir farsæla skólagöngu og farsælt líf," segir Sigrún.

„Fólk er oft komið langt á fullorðinsár og er ekki enn þá orðið læst á eigin tilfinningar og á erfitt með að skilja sjónarmið annarra eða leysa ágreining. Það er eins og við höfum gert ráð fyrir að þessi færni sé bara meðfædd en hún er það ekki frekar en margt annað. Þetta er hæfni sem er hægt að þjálfa og kenna og það er hvergi betri vettvangur til þess en í skólakerfinu, þar sem börn eru að æfa sig í samskiptum allan daginn," segir Sigrún og útskýrir nánar.

„Við vitum það út frá rannsóknum að þegar börn fá markvissa kennslu í félags- og tilfinningafærni yfir margra ára tímabil í sínu námi þá eykst færni þeirra á þessu sviði. Þau sýna líka betri árangur í námi og þetta dregur úr hættu á því að þau þrói með sér áfengis- og vímuefnavanda og dregur úr hegðunarerfiðleikum. Við höfum svo sannarlega rannsóknir sem sýna okkur að þessi kennsla ber árangur ef hún er fagleg og markviss."

**Þarf kjarnafókus**

Sigrún segir að víða sé verið að gera mjög góða hluti í skólakerfinu. „En við erum alls ekki að tækla þennan þátt jafn kerfisbundið og vandlega eins og við erum að vinna með lestrar- eða stærðfræðikennslu. Punkturinn er sá að þetta sé það mikilvæg færni að hún þurfi að fá kjarnafókus í skólastarfi. Til þess að skólakerfið geti gert það þarf margt að koma til. Við þurfum að tryggja að það sé til námsefni fyrir öll skóla-

Framhald á síðu 14

> **Þau sýna líka betri árangur í námi og þetta dregur úr hættu á því að þau þrói með sér áfengis- og vímuefnavanda og dregur úr hegðunarerfiðleikum.**
>
> Sigrún Daníelsdóttir




**Hvað er félags- og tilfinningafærni?**

„Það er þekking og færni í því að þekkja og skilja eigin tilfinningar, þekkja og skilja tilfinningar annarra, geta sett sig í spor annarra, geta átt farsæl samskipti við aðra, kunna að mynda og halda vináttusamböndum, kunna að leysa ágreining á farsælan hátt, kunna að taka ábyrgar ákvarðanir. Þetta eru alls konar hlutir sem algjörlega er hægt að kenna og þjálfa rétt eins og aðra færni," segir Sigrún.

## Samstarf við foreldra mikilvægt

Á öllum skólastigum er litið á foreldra sem mikilvæga samstarfsaðila, tekið vel á móti ábendingum þeirra varðandi skólastarfið og unnið úr þeim með skipulegum og lausnamiðuðum hætti, samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar. Eingöngu er átt við foreldra nemenda undir 18 ára aldri.

Aftur á móti er afar sjaldgæft á öllum skólastigum að foreldrar taki virkan þátt í mótun stefnu og aðgerða innan skólans á sviði hegðunar, félags- og tilfinningafærni og nokkur misbrestur er á því í grunn- og framhaldsskólum að foreldrar séu upplýstir um mikilvæg atriði eins og niðurstöður kannana á líðan og skólabrag og verklag í sambandi við stuðning við nemendur.

Könnunin leiðir einnig í ljós mikinn mun eftir skólastigum þegar kemur að virku samstarfi og samskiptum við foreldra. Í nánast öllum leik- og grunnskólum eru haldin regluleg foreldrasamtöl um nám, líðan og félagslega stöðu barnanna í skólanum en þetta á aðeins við um 40% framhaldsskóla.

Þegar spurt er hvort skólinn leggi sig sérstaklega fram um að ná til foreldra nemenda sem búa á einhvern hátt við jaðarsetta stöðu er því svarað játandi í 40% leik- og grunnskóla á móti 20% framhaldsskóla.

Mun færri svarendur í framhaldsskólum segja einnig áherslu lagða á að hafa strax samband við foreldra ef áhyggjur vakna af líðan eða velferð nemenda undir 18 ára aldri. Í nánast öllum leik- og grunnskólum er þessu svarað játandi en aðeins í 67% framhaldsskóla. Eins fær starfsfólk í framhaldsskólum mun minni stuðning og ráðgjöf frá stjórnendum og samstarfsfólki varðandi farsælt samstarf við foreldra.


HRYLLILEGA
GOTT TILBOÐ
ÞÚ SÆKIR STÓRA PIZZU MEÐ TVEIMUR
ÁLEGGSTEGUNDUM AF MATSEÐLI
1.990 KR
Pizza Hut
Pantaðu í síma 515 1617 eða á pizzahut.is
Pizza Hut Smáralind og Pizza Hut Staðarbergi 2–4 Hafnarfirði

# TILVERAN

## Hlutfall skóla sem svara staðhæfingum um kennslu í félags- og tilfinningafærni játandi




- Í grunnskólum er staðan yfirleitt góð hvað varðar jafnrétti og virka þátttöku nemenda en þó er hlutfall skóla, þar sem nemendur fá val um viðfangsefni, námsaðferðir og námsaðstæður eins og kostur er, lægst á því skólastigi. Þetta er talið mikilvægt þegar kemur að sjálfræði nemenda og snertir velferð þeirra í námi.
- Eins er sjaldgæfara í grunnskólum en leikskólum að allir fái verkefni og kennslu sem hæfir getu þeirra og að fjölbreyttar aðferðir séu nýttar við kennslu. Nemendalýðræði er þó meira í grunnskólum en leikskólum og sömuleiðis stóðu grunnskólar vel þegar kom að jafnréttiskennslu og tilliti til einstaklingsbundinna þarfa nemenda.
- Framhaldsskólar standa bæði leik- og grunnskólum að baki þegar kom að gagnasöfnun um líðan og hagi nemenda, en 70% framhaldsskóla leggja fyrir árlegar nemendakannanir til að meta líðan og skólabrag á móti yfir 90% grunnskóla.
- Samkvæmt skýrslunni þarf að tryggja mun betur en gert er í dag að nemendur á öllum skólastigum fái þann stuðning sem þeir þurfa vegna erfiðleika á sviði hegðunar, líðanar og félagsfærni, og að starfsfólk í skólum fái þann stuðning sem þarf til að sinna hegðun, líðan og samskiptum barna og ungmenna með farsælum hætti.
- Þegar kemur að því að safna gögnum um skólabrag, líðan og félagstengsl nemenda er staðan langbest í grunnskólum en nánast allir grunnskólar í könnuninni leggja fyrir árlegar nemendakannanir, rúmlega tveir af hverjum þremur leggja einnig fyrir foreldrakannanir og nærri þrír af fjórum framkvæmdu tengslakannanir til að bregðast við merkjum um félagslega einangrun eða útilokun meðal nemenda.

**Framhald af síðu 12**

stig og að allir skólar hafi aðgengi að slíku efni.“

Henni þykir hjálplegt að bera þessa kennslu saman við íþróttir. „Nemendur fá þrjár heilar kennslustundir á viku fyrir íþróttakennslu og sund. Það er sérhæfing í kennaranámi og sjálfstæð námsgrein í námskrá. Ekkert af þessu á við kennslu í félags- og tilfinningafærni. Við erum ekki með sérhæfingu í kennaranámi, við erum ekki með fastar stundir í viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár. Ef við viljum taka þetta fastari tökum, þá verðum við að tryggja að það sé pláss inni í menntakerfinu fyrir þetta.“

Það er ýmislegt að gerast í málefnum barna um þessar mundir, bendir Sigrún á, eins og viljayfirlýsing fimm ráðherra um aukið samstarf í málefnum barna frá því á síðasta ári. Skýrslan er unnin í tengslum við vinnu starfshóps um geðrækt í skólum sem settur var á fót af heilbrigðisráðherra til að fara yfir stöðu geðræktar á öllum skólastigum og setja fram tillögur um innleiðingu geðræktarstarfs í íslensku skólakerfi. Þessi vinna er liður í geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaáætlun stjórnvalda til 2020.

### Tilfinningar út undan

„Það sem kemur fram í þessari könnun höfum við séð víða á undanförnum árum, í ýmsum skýrslum og úttektum og þetta ætti því ekki að koma neinum á óvart. Þetta er hins vegar í fyrsta skipti sem við tökum þetta svona heildrænt saman og gerum þessa stóru úttekt á öllum skólastigum þannig að við getum fengið nokkuð góða yfirsýn yfir hvernig málum er háttað í dag,“ segir hún.

Könnunin leiðir í ljós varðandi kennslu að algengast er að lögð sé áhersla á að efla bjargráð eða sjálfshjálp barna og ungmenna, hjálpa þeim að finna og nýta styrkleika sína og þjálfa færni þeirra til að tjá skoðanir sínar. Mun sjaldgæfara, að leikskólum undanskildum, er að börnum og ungmennum sé kennt að þekkja og skilja eigin tilfinningar og annarra, finna farsælar lausnir við vanda og erfiðleikum, efla félags- og vináttufærni, styrkja líkamsmynd og þjálfa aðferðir sem draga úr streitu og auka vellíðan, svo sem slökun eða núvitund.

### Jákvæð skólatengsl

„Það var mjög gaman að sjá að það eru ekki bara einhver atriði sem við þurfum að gera betur í þessari könnun heldur er líka margt sem er mjög vel gert. Við spyrjum um atriði sem tengjast skólatengslum og umhyggju fyrir börnum í skólastarfi en það kemur mjög vel út. Samkvæmt mati starfsfólksins er mikil áhersla á þennan þátt í skólastarfi á Íslandi sem er mjög jákvætt,“ segir hún.

Í skýrslunni kemur fram að á öllum skólastigum er mikil áhersla lögð á vinalegt viðmót starfsfólks, að mynda jákvætt samband við sérhvert barn eða ungmenni, sýna tilfinningum þeirra samkennd og skilning, hlusta á þau og taka mark á sjónarmiðum þeirra. Svarendur í nánast öllum skólum á öllum skólastigum segja kennara leggja sig fram um að skapa jákvæðan anda í bekk eða hópi þar sem öll börn og ungmenni upplifi sig velkomin og yfirleitt var lítill munur á skólastigum hvað þessi atriði varðar.

Sigrún ítrekar að það sé mjög margt gott í íslensku skólakerfi. „En það eru ákveðin atriði sem við gætum gefið sterkari fókus. Við sem samfélag höfum alla burði til að gera það.“

# Veistu hver þú ert?

Doktor.is



Það er fátt mikilvægara fyrir einstaklinga en að geta áttað sig á umhverfi sínu, samhengi þess, hættum og áskorunum. Þeir sem finna fyrir öryggi í hugsun og gjörðum og fá staðfestingu utan frá styrkjast og finna fyrir vellíðan, sjálfstraust þeirra vex. Fullorðnir þekkja þetta vel og hafa almennt gengið í gegnum lærdómsferli þar sem þeir hafa rekið sig á og bætt þekkingu sína á því hvaða hegðun og færni getur skilað þeim ásættanlegum samskiptum og framgangi í lífinu. Börn eru einnig fljót að læra slíkt og þó mótun á hegðun og hugsun sé endalaus, getum við haldið því fram að á þeim tíma sem einstaklingar eru hvað móttækilegastir fyrir leiðbeiningu sé skynsamlegt að reyna að hafa áhrif.

Við vitum í dag að kvíði og spenna er hluti af því að vaxa úr grasi, það er eðlilegt að hafa slíkar tilfinningar. Lífið er ekki dans á rósum og það er stöðugur lærdómur. Reynsla er eitthvað sem kemur eingöngu með því að prófa sig áfram og reka sig á. Þegar einkenni líkt og kvíði eða vanlíðan taka yfir og verða í forgrunni varðandi hegðun og samskiptaform einstaklinga erum við komin í vanda sem getur reynst þrautin þyngri að leysa úr. Það er enn erfiðara þegar slíkt gerist hjá börnum eða unglingum sem hafa jafnvel ekki nægan skilning eða þroska til að átta sig á þeim. Þau þurfa því leiðbeiningu og kennslu í margvíslegu formi auk meðferðar í sumum tilvikum.

Það að skapa sterka einstaklinga sem geta tekið virkan þátt í samskiptum og mótað umhverfi sitt er flókið viðfangsefni og oft dynja á áföll og ófyrirséðir hlutir. Það hvernig við tökumst á við slíkar áskoranir, hvaða leiðir við veljum og hvernig við nálgumst náungann og samfélagið í kringum okkur á sama tíma mótar okkur. Það er býsna augljóst að við erum ekki eins, höfum ekki sömu forsendur, sömu tækifæri né sama umhverfi eða möguleika. Það hvernig við spilum úr þeim skiptir hins vegar höfuðmáli. Það að skilgreina sig og vita fyrir hvað þú stendur er lykilatriði í því að týna sér ekki við að fylgja bara straumnum og því sem aðrir gera. Einstaklingurinn verður að geta tekið á gagnrýninn hátt afstöðu til þess sem mætir honum og tekið ákvarðanir, staðið og fallið með þeim, sýnt auðmýkt og haldið áfram, því lífið fer ekki í neina pásu.

Margir skilgreina sig eftir þeim gildum sem þeir alast upp við, heiðarleika, réttsýni, ábyrgð, svo dæmi séu tekin, en einnig ef slíku er ekki fyrir að fara. Menntun, peningar, staða foreldra eða fjölskyldu í samfélaginu getur líka skipt máli. Það er hins vegar alls ekki svona augljóst og eru mörg dæmi um það þegar einstaklingar fara þvert á sitt samfélagslega umhverfi og annaðhvort gera betur eða verr. Hver er sinnar gæfu smiður eins langt og það nær, sumir þurfa að hafa verulega mikið fyrir henni, aðrir ekki. Á endanum snýst þetta samt allt um það að einstaklingurinn standi á eigin fótum og geti tekist á við lífið og tilveruna. Til þess að geta það þarf hann að vita hver hann er og fyrir hvað hann stendur.

**Teitur Guðmundsson**
læknir



# VERTU MEÐ SVARTA BELTIÐ Í SPARNAÐI!



**Grísakótilettur á beini**
Kjötborð
**1.139** KR/KG
**ÁÐUR:** 1.898 KR/KG
-40%



**Kjúklingabringur**
BBQ Country
**1.931** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.798 KR/KG
-31%



**Heill sagaður lambahryggur**
Fjallalamb
**2.289** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.898 KR/KG
-21%



**Lamba prime**
Kjötborð
**2.989** KR/KG
**ÁÐUR:** 4.598 KR/KG
-35%



**Marineraðar grísakinnar**
Kjötsel
**999** KR/KG
**ÁÐUR:** 1.298 KR/KG
-23%

## NÚ GETA ALLIR VERIÐ STJÖRNUKOKKAR!



**Nautalund Wellington**
**7.998** KR/KG
**ÁÐUR:** 9.998 KR/KG
-20%



**Grísabógur**
Kjötborð
**593** KR/KG
**ÁÐUR:**898 KR/KG
-34%



**Pönnukökur og avókadó**
Nice ´N Easy
**479** KR/PK
**ÁÐUR:** 549 KR/PK
NÝTT!



**Pecan vínarbrauð**
**146** KR/STK
**ÁÐUR:** 209 KR/STK
-30%

**Rauð vínber**
**499** KR/KG
**ÁÐUR:** 998 KR/KG
-50%



netto
Lægra verð - léttari innkaup



## VERSLAÐU Á NETINU
## www.netto.is

**Tilboðin gilda 31. október - 3. nóvember**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

## ÓDÝRAST Á NETINU Í VEFVERSLUN NETTÓ*

*Skv. könnun Fréttablaðsins



**Prestahnúkur séður austan af Geitlandsjökli.** MYNDIR/ÓMB

# Í fótspor presta og perlusteins

**Tómas Guðbjartsson** hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi og **Ólafur Már Björnsson** augnlæknir og ljósmyndari

Kaldidalur liggur milli Langjökuls og Oks og nær 727 m hæð sem gerir hann að einum hæsta fjallvegi landsins. Þetta var áður fjölfarinn reiðvegur milli Þingvalla og Húsafells en í dag er þarna ágætur hálendisvegur sem er opinn yfir sumarmánuðina. Upp af Kaldadal er fjöldi spennandi gönguleiða, til dæmis á Ok, Hádegisfell syðra og nyrðra, Þórisjökul og inn í Þjófakrók þar sem talið er að Fjalla-Eyvindur hafi haldið til. Þarna er líka Þórisdalur, dalþröng vestur af Kaldadal milli Þórisjökuls og þess hluta Langjökuls sem kallast Geitlandsjökull. Í Grettis sögu segir frá því þegar Grettir sterki kemur þangað af jökli og sér þar grasi vaxnar hlíðar og jarðhita.

Síðar varð Þórisdalur alræmdur sem heimkynni vætta og útilegumanna. Vildu því fæstir af honum vita þar til árið 1664 að tveir prestar, Helgi Grímsson og Björn Stefánsson, lögðu upp frá Húsafelli í mikla frægðarför. Var tilgangurinn að kanna Þórisdal og leita þar útilegumanna. Sáu þeir enga slíka og heldur engan gróður, en við rætur litríks fjalls, sem síðar átti eftir að verða kennt við þá, reyndust vera volgrur. Þetta er Prestahnúkur, 1.220 m hátt fjall úr líparíti en í því er einnig að finna vatnskennt afbrigði þess, svokallaðan perlustein. Hann finnst óvíða í heiminum en á Íslandi aðallega þarna og í Loðmundarfirði. Við upphitun þenst perlusteinn út eins og popp og hentar því vel til einangrunar í byggingariðnaði. Voru stofnuð nokkur félög til að vinna perlustein úr Prestahnúki á áttunda áratugnum en sem betur fer varð ekkert framhald á þeim áformum, enda fjallið og umhverfið allt mikil gersemi. Enn má þó sjá ummerki um námuvegi norðan megin í fjallinu sem roföflin keppast við að útmá.

Það er engin merkt leið upp á Prestahnúk og nokkrar leiðir í boði. Flestir halda upp hlíðarnar í vestri en forðast ber brekkurnar upp af gamla námasvæðinu því þar eru brött og ófær gil. Undirlagið er laust í sér og því gott að hafa göngustafi. Á leiðinni upp sjást fallegar og litríkar jarðmyndanir og efst er frábært útsýni yfir Þórisjökul og Þórisdal en líka Langjökul og Ok. Auðvelt er að halda áfram eftir hrygg af Prestahnúki yfir á Geitlandsjökul (1.400 m), sem reyndar er frekar tilbreytingarsnauð ganga á jökli. En í hlíðum Geitlandsjökuls eru spennandi skriðjöklar sem sjálfsagt er að kanna, en til þess þarf jöklabúnað.



Fókus á hjarta landsins



Gengið upp skriðjökul frá Geitlandsjökli. Prestahnúkur til vinstri og Ok til hægri.



Útsýni af Prestahnúk er frábært, ekki síst til suðurs að Þórisjökli og yfir Þórisdal.

# BÆKUR ERU FYRIR ALLA!




**Hugvillingur**
**TILBOÐSVERÐ: 5.599.-**
Verð áður: 6.999.-




**Málleysingjarnir**
**TILBOÐSVERÐ: 5.599.-**
Verð áður: 6.999.-




**Óbyrjur tímans**
**TILBOÐSVERÐ: 2.499.-**
Verð áður: 2.999.-




**Nornin**
**TILBOÐSVERÐ: 3.999.-**
Verð áður: 4.999.-




**Múmínálfarnir (Stórbók 2)**
**TILBOÐSVERÐ: 3.999.-**
Verð áður: 4.999.-




**Nærbuxnanjósnararnir**
**TILBOÐSVERÐ: 3.299.-**
Verð áður: 3.999.-




**Þögla barnið**
**TILBOÐSVERÐ: 5.199.-**
Verð áður: 6.699.-




**Ströndin endalausa**
**TILBOÐSVERÐ: 3.299.-**
Verð áður: 3.999.-




**Kindasögur**
**TILBOÐSVERÐ: 3.999.-**
Verð áður: 4.799.-




**Sólarhringl**
**TILBOÐSVERÐ: 5.599.-**
Verð áður: 6.999.-




**Friðbergur forseti**
**TILBOÐSVERÐ: 3.999.-**
Verð áður: 4.999.-




**Urðarköttur**
**TILBOÐSVERÐ: 5.599.-**
Verð áður: 6.999.-

Café
AUSTURSTRÆTI • SKÓLAVÖRÐUSTÍG
LAUGAVEGI • AKUREYRI • VESTMANNAEYJUM

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 4. nóvember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Á berangri



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Vitaskuld hreiðraði mikil hneykslun og gremja um sig í hjörtum ýmissa einstaklinga þegar biskup Íslands, Agnes Sigurðardóttir, lýsti þeirri skoðun sinni í sjónvarpsviðtali að minnkandi traust til þjóðkirkjunnar megi rekja til siðrofs í samfélaginu. Þetta siðrof tengdi hún því að kristinfræði er ekki lengur kennd sem sérstakt fag í grunnskólum.

Fólk notar ekki alltaf heppilegustu orðin. Siðrof var kannski ekki besta orð sem Agnes gat notað í þessu samhengi. Flestir hafa þó örugglega gert sér grein fyrir að með orðum sínum um siðrof var biskup ekki að segja að börn landsins væru siðlaus eða að þjóðin væri óalandi og óferjandi. Ekkert í viðtalinu gaf það til kynna og auk þess hefði það verið algjörlega úr karakter fyrir Agnesi að lýsa slíkri skoðun, en hún hefur ætíð talað máli kærleika og umburðarlyndis. Ýmsir kusu samt að túlka orð hennar á versta veg. Það þykir henta.

Reyndar hefur það sýnt sig hvað eftir annað að Agnes má ekki tjá sig um trú og kristni án þess að ákveðnir hópar súpi hveljur og lýsi hneykslan sinni á samfélagsmiðlum. Þjóðkirkjan og biskupinn fara greinilega mjög í taugarnar á ýmsum.

Agnes Sigurðardóttir er biskup landsins og það er hlutverk hennar að standa vörð um kristna trú. Það hefur hún gert af mikilli staðfestu og heldur því ótrauð áfram. Vitaskuld er biskup fylgjandi því að biblíusögur séu kenndar í skólum og vill sömuleiðis að þeim sé haldið að börnum á heimilum landsins. Biskupi getur ekki staðið á sama um trúaruppeldi æsku landsins. Þetta blasir við og ætti ekki að hneyksla nokkurn mann.

Agnes hefur á embættistíð sinni reglulega fengið á sig mikla og harða gagnrýni og ekki ber mikið á því að farið sé í vörn fyrir hana. Það vekur til dæmis nokkra furðu hversu lítinn stuðning kynsystur hennar veita henni. Það er lítið gagn að því að blaðra fjálglega um mikilvægi samstöðu kvenna, það þarf að sýna hana í verki þegar þörf er á. Agnes Sigurðardóttir hefur allt of oft verið skilin ein eftir á berangri. Ekki verður annað séð en að hún taki því hlutskipti af kristilegu þolgæði. Er það vitanlega til fyrirmyndar í samfélagi þar sem kveinað er yfir minnsta mótlæti.

Kirkjunnar þjónar eiga að standa keikir jafnvel þótt eitthvað fækki í þjóðkirkjunni. Það er ekki eins og kirkjur landsins standi auðar þegar kemur að skírnum, fermingum og giftingum. Fólk er stöðugt að sækja í þjónustu kirkjunnar. Það þarf ekki að vera heittrúað til þess, það getur jafnvel haft litla trúarvitund. Það kemur samt í kirkjuna. Enginn er að draga það þangað. Það er að sækja í þjónustu sem það vill fá. Þjónustu sem hvílir á kristnum gildum. Þessu eiga kirkjunnar þjónar að fagna en ekki ganga hnípnir til starfa sinna. Kirkjan á sterkan á hljómgrunn meðal landsmanna. Þannig mun það vera áfram, þrátt fyrir áköf hróp þeirra sem amast við kristinni trú.

Kirkjan á ekki að sýna uppgjöf heldur fagna hverjum þeim sem gengur inn í hús hennar.

> Agnes Sigurðardóttir hefur allt of oft verið skilin ein eftir á berangri.




## Halldór




## Frá degi til dags

**Hörmuleg örlög**

**Sífellt færist í vöxt að ákveðnir fjölmiðlar greini frá andláti Íslendinga í fréttum. Það er gott og blessað en breytingin er kannski sú að fjallað er um einstaklinga sem seint gætu talist þjóðþekktir. Oft er vísað í tilfinningaþrungna minningargrein í blöðum eða á samfélagsmiðlum og þá sérstaklega ef einhver frægur heldur á penna. Nýlega var greint frá því að útförum í kyrrþey væri að fjölga. Sérfræðingur vildi meina að hár kostnaður væri ástæðan en kannski er skýringin sú að fólk vilji ekki enda æviskeið sitt sem eldingaskreytt smellubeita.**

**Drekinn eða ekki drekinn**

**Fjölmiðlar greindu frá því í vikunni að kirkjuráð þjóðkirkjunnar hefði samþykkt einróma að segja upp ráðningarsamningi Odds Einarssonar, framkvæmdastjóra ráðsins. Kom fram í fyrirsögnum að Oddi hefði verið sagt upp störfum og var ein ástæðan sögð samskipti hans við verkefnastjóra hjá Biskupsstofu. Oddur neitaði því opinberlega að hafa verið rekinn en sagðist kannast við að hafa fengið boð um viðræður um starfslokasamning. Hann hefði þekkst það góða boð og falið stéttarfélagi sínu að semja fyrir hans hönd. Hætti hann störfum umsvifalaust og kvaðst kveðja sáttur. Eftir standa lesendur og skilja ekki alveg hver munurinn er nákvæmlega.**

**bjornth@frettabladid.is**

# Lögmætar varnir



Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

Í liðinni viku bárust þær fréttir að sameiginlega EES-nefndin hefði samþykkt beiðni mína um heimild fyrir Ísland til að beita reglum um svokallaðar viðbótartryggingar varðandi salmonellu vegna innflutnings á svína- og nautakjöti. Þessar fréttir koma í kjölfarið á því að í upphafi þessa árs fékk Ísland heimild til að beita sambærilegum reglum gagnvart innfluttu kjúklingakjöti, kalkúnum og eggjum. Í tryggingunum felst að við innflutning á þessum matvælum skal alltaf fylgja vottorð sem sýnir að salmonella hafi ekki greinst í viðkomandi vörusendingu. Án slíks vottorðs verður innflutningur ekki heimilaður en nágrannalönd Íslands hafa haft þessar heimildir um árabil.

Íslensk stjórnvöld hafa í áraraðir gert kröfu um þessi vottorð á grundvelli hins svokallaða leyfisveitingakerfis sem gerir skilyrði um opinbert leyfi fyrir innflutning á m.a. kjöti. Með samþykkt Alþingis á frumvarpi mínu í júní sl. var brugðist við skýrum dómum EFTA-dómstólsins og Hæstaréttar Íslands um að leyfisveitingakerfið væri brot á skuldbindingum Íslands samkvæmt EES-samningnum. Mun leyfisveitingakerfið því falla úr gildi 1. janúar næstkomandi.

Frá samþykkt frumvarpsins hefur aðgerðaáætlun sem ég lagði fram í tengslum við frumvarpið verið fylgt eftir af festu en hún miðar m.a. að því að tryggja matvælaöryggi og vernd búfjárstofna samhliða þessum breytingum. Eitt stærsta verkefnið í því samhengi, auk ráðstafana varðandi kampýlóbakter sem þegar hafa verið tryggðar, var að fá heimild fyrir Ísland til að beita reglum um viðbótartryggingar varðandi salmonellu.

Þessi heimild Íslands er afskaplega ánægjulegur og mikilvægur áfangi og er afrakstur mikillar vinnu sem ráðuneyti mitt hefur leitt í samstarfi við Matvælastofnun. Á þessum skamma tíma hefur okkur tekist að tryggja sömu varnir og við höfum haft um árabil varðandi salmonellu. Þegar við afnemum hið ólögmæta leyfisveitingarkerfi þann 1. janúar næstkomandi munum við á sama tíma innleiða lögmætar heimildir, hinar sömu og nágrannalönd okkar beita, og byggja þannig upp sterkar varnir fyrir matvælaöryggi og vernd búfjárstofna.

> Á þessum skamma tíma hefur okkur tekist að tryggja sömu varnir og við höfum haft um árabil varðandi salmonellu.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*,
**MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is*
**LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Beint lýðræði og traust

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

San Francisco – Bandaríska stjórnarskráin frá 1787 smíðar trausta umgjörð utan um fulltrúalýðræði þar sem kjósendur velja sér fulltrúa til að semja og staðfesta lög. Höfundar skjalsins tortryggðu beint, þ.e. milliliðalaust lýðræði og töldu því öruggast að halda kjósendum í hæfilegri fjarlægð frá lagasetningu. Valdmörkin og mótvægið (e. checks and balances) sem renna eins og rauður þráður í gegn um bandarísku stjórnarskrána varða innbyrðis samskipti valdþáttanna þriggja án þess að hleypa almenningi að. Múgurinn getur verið of hrifnæmur, skrifaði einn höfundurinn. Hann gætti þess ekki að sé fólkið of hrifnæmt til að setja sér lög er það væntanlega einnig of hrifnæmt til að velja sér fulltrúa til að semja lögin. Hvað sem því líður hafa Bandaríkjamenn aldrei haldið þjóðaratkvæðagreiðslur á landsvísu. Þeir sitja enn uppi með kjörráð (e. electoral college) sem kýs forseta landsins fyrir hönd kjósenda frekar en að afli atkvæða á landsvísu sé leyft að ráða úrslitum. Í tvennum af fimm forsetakosningum frá aldamótum, 2000 og 2016, var sigurinn hafður af þeim frambjóðanda sem hlaut flest atkvæði á landsvísu. Lýðræðið gengur við staf.

Fylkin hafa mörg kosið að hafa annan hátt á skipan lýðræðisins en alríkisstjórnin. Almennar atkvæðagreiðslur tíðkast í 23 fylkjum landsins af 50 og hafa verið haldnar í hundraðatali frá 1904, oftast í Oregon og Kaliforníu. Þar hefur íbúunum lengi þótt fara bezt á að blanda saman fulltrúalýðræði og beinu lýðræði. Meiri hluti Bandaríkjamanna býr við slíka blöndu. Suður-Dakóta varð fyrst til að taka upp ákvæði um beint lýðræði í stjórnarskrá fylkisins 1898 og 21 ríki til viðbótar gerði slíkt hið sama fram til 1918, þ. á m. Kalifornía 1911. Það ár breyttu Kaliforníubúar stjórnarskrá sinni frá 1849 gagngert til að opna fyrir beint lýðræði einkum vegna almennrar óánægju með spillingu og ótæpileg áhrif sérhagsmunahópa á fylkisþinginu.

Í Kaliforníu voru haldnar almennar atkvæðagreiðslur á fylkisvísu fjórða hvern mánuð að meðaltali 1911-2000 – einu sinni til að svipta kjörinn fulltrúa embætti eins og Gray Davis ríkisstjóri mátti una 2003, oftar til að staðfesta lög fylkisþingsins eða synja þeim staðfestingar líkt og Íslendingar hafa gert í þrígang, en oftast til að leggja til breytingar á stjórnarskrá fylkisins. Hvort heldur fylkisþingið eða kjósendur sjálfir geta átt frumkvæði að breytingum á stjórnarskrá Kaliforníu, en kjósendur einir hafa rétt til að breyta henni. Fylkisþingið í Sacramento þiggur vald sitt af kjósendum eins og vera ber. Oregon heldur enn fleiri almennar atkvæðagreiðslur en Kalifornía.

**Í tvennum af fimm forsetakosningum frá aldamótum, 2000 og 2016, var sigurinn hafður af þeim frambjóðanda sem hlaut flest atkvæði á landsvísu. Lýðræðið gengur við staf.**

### Kalifornía blómstrar

Höfundar stjórnarskrár Bandaríkjanna frá 1787 hefðu trúlega vantreyst beinni aðkomu almennings að lagasetningu, enda voru margir þeirra þrælahaldarar. Þessi blandaða skipan lýðræðisins í Kaliforníu hefur þó gefizt vel á heildina litið. Reynslan sýnir að beint lýðræði hefur ekki vaxið fulltrúalýðræðinu yfir höfuð heldur veitt því heilbrigt aðhald. Kjósendur í Kaliforníu samþykktu 433 breytingar á stjórnarskrá fylkisins 1912-2017, þar af 53 fyrir frumkvæði kjósenda, eða 12%, og 380 fyrir frumkvæði fylkisþingsins (88%). Þessar tölur eru sóttar í nýja ritgerð eftir David Carrillo stjórnskipunarfræðing í Berkeley-háskóla, en hann hefur birt átta greinar hér í Fréttablaðinu til stuðnings nýju íslenzku stjórnarskránni sem Alþingi heldur enn í gíslingu auk þess sem hann ritstýrði bókinni The Icelandic Federalist Papers sem kom út í Berkeley 2018.

Kalifornía er stórveldi með sínar 40 milljónir íbúa líkt og Pólland og Spánn. Kalifornía væri fimmta ríkasta land heims mælt í framleiðslu og tekjum væri hún sjálfstætt ríki. Aðeins Bandaríkin öll, Kína, Japan og Þýzkaland framleiða nú orðið meira af vörum og þjónustu en Kalifornía sem er því komin fram úr Bretlandi, Frakklandi og Ítalíu á þennan kvarða þótt hún sé miklu fámennari en þessi lönd.

### Og svo er það Sviss

Bandaríkin og Kalifornía voru ekki eina fyrirmyndin að ákvæðum nýju stjórnarskrárinnar um beint lýðræði handa Íslendingum við hlið fulltrúalýðræðis, heldur einnig Sviss. Svisslendingar eru sú Evrópuþjóð sem gerir beinu lýðræði hæst undir höfði með góðum árangri. Beint lýðræði Svisslendinga dregur úr veldi stjórnmálamanna og flokka með því að vísa ýmsum málum frá þingi til þjóðaratkvæðis. Mikilvægur kostur þjóðaratkvæðagreiðslna er að um niðurstöður þeirra leyfist engum að efast heldur ber öllum lagaleg, lýðræðisleg og siðferðileg skylda til að hlíta þeim. Þjóðaratkvæðagreiðslur efla traust.

Svissneska þingið nýtur trausts 56-58% þarlendra kjósenda borið saman við 18% traust til Alþingis.

# Af hverju þarf þetta að vera svona flókið?



Daði Geir Samúelsson
formaður umhverfisnefndar Hrunamannahrepps og stjórnarmeðlimur í Sambandi ungra Framsóknarmanna

Ég hef oft velt þessari spurningu fyrir mér þegar kemur að málefnum sorpflokkunar hér á okkar fámenna landi. Af hverju er það svona flókið að skila af sér rusli? Íslendingar eru með svo margar mismunandi útgáfur af flokkunarkerfum að fólk fær bara létt taugaáfall við að hugsa út í þessi mál.

Segjum sem svo að ég leggi af stað í ferðalag. Ég byrja í Hafnarfirði þar sem allur pappi er flokkaður og settur í blátunnu, plast er sett í sér poka og sett í grátunnu. Ég fer áfram yfir í Kópavog. Þar er líka blátunna en núna á plastið að fara í hana en ekki þá gráu. Ókei, ég hlýt að geta munað þetta!

Svo bruna ég áfram af stað og er kominn til Reykjavíkur. Þar á plastið að fara í græntunnu, pappinn í blátunnu og svo eru þeir líka með hina gömlu grátunnu. Nei, núna er ég orðinn ruglaður og klóra mér í skallanum. Átti plastið að fara í grátunnuna, blátunnuna eða var það græntunnan? Úff, hvað er að frétta?

Ég ákveð að pæla ekki í þessu og held áfram á mínu ferðalagi. Ég ætla að skella mér í sumarbústað í Hrunamannahreppi. Þegar þangað er komið ætla ég að létta á sorpinu sem safnaðist upp hjá mér. Þar er blátunna, grátunna og brúntunna. Hvað á ég að gera? Ég les á bláu tunnuna og þar er komin enn önnur útgáfa. Þar á ég að setja plast, pappa og járn allt saman. Svo má lífræna ekki lengur fara með grátunnunni heldur á það að fara í brúntunnuna. Ég skoða þetta seinna og tek ruslið mitt og fer yfir í Bláskógabyggð til að fá mér ís. Þar sé ég fjórar tunnur: gráa, brúna, græna og bláa. Nei, hættu nú alveg! Ef ég væri ekki búinn að missa allt hárið þá væri ég alveg að verða gráhærður.

Ég gefst upp, ég veit ekki hvernig ég á að gera þetta. Ég bruna á Selfoss, stoppa fyrir utan eina sjoppu og sé þar stóran gám sem á stendur heimilissorp. Þar hendi ég öllu sorpinu og bruna svo aftur beinustu leið í Hafnarfjörð þar sem ég stekk inn og loka mig af með gríðarlegt flokkunarsamviskubit.

Þarf þetta að vera svona flókið? Er ekki hægt að einfalda þetta í ekki stærra landi en raun ber vitni? Er það virkilega nánast svo að ef ég ferðast á milli einhverra af þessum 72 sveitarfélögum sem eru hér á landi þurfi ég að læra að flokka upp á nýtt?

Ég tel að það væri sniðugra að það væri eitt samræmt flokkunarkerfi fyrir landið sem tryggir það að allir séu á sömu línu. Það myndi leiða til þess að betri og skilvirkari flokkun ætti sér stað og endurvinnsluefni færu á rétta staði.

Samband ungra Framsóknarmanna samþykkti ályktun um málið á síðasta sambandsþingi sínu þar sem lagt var til að komið verði á samræmdu flokkunarkerfi fyrir landið og mun berjast fyrir því að ná málinu í gegn.



# Miklabraut í stokk bætir líf þúsunda



Ævar Harðarson
Ph.D. arkitekt, verkefnisstjóri hverfisskipulags Reykjavíkur

Að setja Miklubraut í stokk mun bæta lífsgæði íbúa í hverfum næst þessari umferðarþyngstu götu landsins. Skýr vilji íbúa um vegstokk eða göng kom fram í samráði vegna vinnu við hverfisskipulag Reykjavíkur. Aðgerðin mun draga úr slysahættu, loft- og hljóðmengun og gera borgarumhverfið ofanjarðar betra um leið og skapað er rými fyrir almenningssamgöngur og dregið úr umferðartöfum. Tilefni þessara skrifa eru greinar Hilmars Þórs Björnsonar arkitekts í Fréttablaðinu þar sem hann hnýtir í þessar tillögur og kallar þær vanreifaðar. Þetta eru órökstuddar ávirðingar eins og sést best þegar forsaga málsins er skoðuð.



Gatnamót Stakkahlíðar og Miklubrautar eftir breytingar. Unnin fyrir Miklabraut í stokk – Frumathugun á þróunarmöguleikum og leiðbeiningar hverfisskipulags um borgargötur. MYND TRIPÓLI ARKITEKTAR

**Ósk íbúa**

Hugmyndir um að setja Miklubraut í stokk eru áratuga gamlar og margreifaðar. Gerð er grein fyrir þeim í aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016, í samvinnuhópi borgarinnar og Vegagerðarinnar frá 2008 og í gildandi aðalskipulagi 2010–2030. Sú alvara sem nú birtist meðal annars í samgöngusáttmála er þó fyrst og fremst tilkomin vegna samráðs við íbúa í hverfum næst Miklubraut.

Í vinnu við hverfisskipulag Reykjavíkur í borgarhluta 3 Hlíðar og borgarhluta 5 Háaleiti-Bústaðir árið 2016 kom fram eindreginn vilji meirihluta íbúa um aðgerðir við Miklubraut til að bæta heilsu og lífsgæði íbúa. Vilji íbúa birtist í skipulögðu samráði þar sem leitað var álits á helstu vandamálum í þeirra hverfum og hvaða úrbætur þeim líkaði best. Beitt var fjölbreyttum samráðsaðferðum eins og rýnihópum, skoðanakönnunum á íbúafundum og aðferð hverfisskipulags sem kallast Skapandi samráð sem sérstaklega dregur fram skoðanir ungra borgarbúa (fyrir þá sem vilja er hægt er að kynna sér niðurstöður samráðsins á http://hverfisskipulag.is/).

Könnun á því að setja Miklubraut í stokk hófst eftir að niðurstöður úr samráði hverfisskipulags lágu fyrir. Að þeirri vinnu komu skipulagsráðgjafar hverfisskipulags í borgarhluta 3 og 5 ásamt umferðarráðgjöfum og sérfræðingum borgarinnar.

**Nærtæk fordæmi**

Miklabraut í stokk ásamt tilheyrandi framkvæmdum á yfirborðinu er mikil og flókin aðgerð. En verkefnið er á engan hátt óyfirstíganlegt né óþekkt, eins og ýjað er að í greinarskrifum Hilmars Þórs arkitekts. Fjölmargar framkvæmdir úr byggingarsögunni eru þessu til vitnis, en einnig nýlegar framkvæmdir. Má til dæmis nefna nýlegar ganga- og stokkaframkvæmdir í Þrándheimi, en borgin er af svipaðri stærð og Reykjavík. Þar var fyrir nokkrum árum opnuð röð af veggöngum/stokkum upp á um 5,3 kílómetra sem ætlað var að létta á bílaumferð í gegnum miðborg Þrándheims. Annað nærtækt dæmi er frá Ósló, sem ég þekki vel til. Þar hófust umfangsmiklar gangaframkvæmdir um 1985 vegna þess að miðborgin var afar þjökuð af loftmengun frá útblæstri bíla. Í dag er miðborg Óslóar bæði falleg og vistvæn með mun minni bílaumferð á yfirborðinu. Þar eru fótgangandi, hjólandi og almenningssamgöngur í forgangi og mannlíf blómstrar.

**Dregur úr umferðartöfum**

Enginn efi er í mínum huga um að þegar framkvæmdum við Miklubraut verður lokið munu lífsgæði og tilvera þúsunda íbúa verða mun betri. Í borgarhluta 3 og 5 búa í dag um 26 þúsund íbúar í um 11 þúsund íbúðum. Umhverfis Miklubrautina eru stór uppbyggingarsvæði eins og Kringlan, Hlíðarendi og Skeifan auk vannýttra veghelgunarsvæða meðfram Miklubraut. Á þessum svæðum geta best við allt að sex þúsund nýjar íbúðir fyrir um sextán þúsund íbúa ef reiknað er með 2,5 íbúum á íbúð.

Spurningu Hilmars Þórs um hvort réttlætanlegt sé að spilla akstursleið og upplifun bifreiðarstjóra sem í dag aka um gróna byggð er auðsvarað. Miklabraut í stokk er fyrir íbúana í hverfunum og er ætlað að gera borgarumhverfi á yfirborðinu fallegra, skemmtilegra og betra ásamt því að draga úr neikvæðum áhrifum umferðartafa. Umferð um stokkinn þarf hvorki að vera dimm, drungaleg né mengandi eins og arkitektinn Hilmar Þór gefur í skyn. Til þess er beitt þekktum hönnunaraðferðum við form- og efnisval, liti og lýsingu ásamt loftræstihönnun, allt atriðum sem arkitektinn þekkir sjálfsagt til.

# Sorgarsaga um ólöglegan frágang Gagnaveitu Reykjavíkur



Jón Ríkharð Kristjánsson
framkvæmdastjóri Mílu

**Markmið GR með ólöglegum frágangi er að gera notendum erfitt að skipta um ljósleiðara.**

Árið 2014 úrskurðaði Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) að lagnir sem Gagnaveita Reykjavíkur (GR) hafði lagt fyrir húseigendur væru ólöglegar og að GR bæri að laga vitleysuna. Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála komst að sömu niðurstöðu, að lagnir GR væru ólögmætar en taldi að PFS hefði ekki nægilega heimild til að leggja íþyngjandi lagfæringarkröfu á GR. Staðreyndin er að GR hefur lagt þúsundir ólöglegra innanhússlagna og þær eru á ábyrgð húseigenda líkt og PFS hefur staðfest. Mikilvægt er að lesa skrif framkvæmdastjóra borgarfyrirtækisins GR í Fréttablaðinu í þessu ljósi.

Markmið GR með ólöglegum frágangi er að gera notendum erfitt að skipta um ljósleiðara. Til að laga ólöglegan frágang GR þarf að klippa á innanhússlögn og aftengja tengibox GR og það er í samræmi við reglur PFS.

PFS hefur ítrekað komist að þeirri niðurstöðu að frágangur GR sé ólöglegur en GR heldur áfram að brjóta reglur og það virðist markviss stefna fyrirtækisins, að fylgja ekki reglum PFS um innanhússlagnir. Óvandaður og ólöglegur frágangur er því í boði GR.

Þann 7. október síðastliðinn fékk, Jónas, starfsmaður Mílu, heimsókn frá GR. Tilgangurinn var að tengja ljósleiðara fyrir íbúa í húsinu. Jónas sem er einn helst sérfræðingur landsins í faginu, upplýsti fulltrúa GR um að uppsetning í hans húsi þyrfti að vera lögmæt, þekkjandi vinnubrögð GR til fjölda ára. Jónas þurfti að útskýra fyrir fulltrúa GR hvað í því fælist. Fulltrúi GR sagði að þeirra fyrirmæli væru önnur og að hann væri einu sinni ekki með efni til að framkvæma uppsetninguna með löglegum hætti. Hann þurfti því að fara og sækja efni til að geta klárað verkið.

Míla hvetur húseigendur til að fara að fordæmi Jónasar og krefjast þess að GR vinni uppsetningar í samræmi við reglur því ábyrgðin er húseigandans sem mun bera kostnað við lagfæringar.

# Uppbygging í aldarfjórðung



Guðlaugur Þór Þórðarson
utanríkisráðherra

Um þessar mundir eru 25 ár liðin frá gildistöku samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, mikilvægasta milliríkjasamnings sem Ísland hefur gert. Auk þess að vera stærsti viðskiptasamningur Íslands býður hann upp á margvísleg tæki til samstarfs fyrir Íslendinga við aðra Evrópubúa á sviðum rannsókna og vísinda, lista og menningar, menntunar, nýsköpunar, mannréttinda og jafnréttismála. Uppbyggingarsjóður EES er eitt slíkt tæki.

Með þátttöku í Uppbyggingarsjóði EES leggur Ísland fram sinn skerf til samstarfs Evrópuríkja um umbætur og uppbyggingu í þeim ríkjum Evrópu sem standa lakar í efnahagslegu tilliti. Þetta eru Eystrasaltsríkin og ríkin í Mið- og Suður-Evrópu, nánar tiltekið Eistland, Lettland, Litháen, Búlgaría, Grikkland, Króatía, Kýpur, Malta, Portúgal, Pólland, Rúmenía, Slóvakía, Slóvenía, Tékkland og Ungverjaland. Uppbyggingarsjóðurinn er fjármagnaður af Íslandi, Liechtenstein og Noregi og er okkar framlag til að draga úr félagslegum og efnahagslegum ójöfnuði innan Evrópska efnahagssvæðisins og þar með stuðla að stöðugleika og framförum í Evrópu.

Áherslur Íslands hafa frá upphafi verið á að stuðla að samstarfsverkefnum á sviði rannsókna og vísinda, menntunar og menningar, umhverfis- og orkumála, samfélagslegra umbóta og málefna flóttamanna. Höfum við í þeim efnum notið dyggrar aðstoðar RANNÍS, Orkustofnunar og Mannréttindaskrifstofu Íslands. Samvinna á sviði jarðvarma hefur fram til þessa verið mikið áherslumál okkar og mun svo verða áfram. Um leið hef ég lagt ríka áherslu á að efla samstarf á sviði jafnréttismála og á sviðum nýsköpunar og fyrirtækjaþróunar.

Uppbyggingarsjóðurinn býður upp á margvísleg tækifæri fyrir Íslendinga til samstarfs við aðila í þessum fimmtán ríkjum. Auk styrkja sem renna til verkefnanna sjálfra eru veittir styrkir til tengslamyndunar og verkefnaþróunar. Þegar hafa fleiri hundruð samstarfsverkefni með þátttöku íslenskra aðila notið styrkja úr sjóðnum. Hvað nýsköpun og fyrirtækjaþróun varðar hef ég lagt áherslu á aðkomu Íslandsstofu að því að aðstoða íslensk fyrirtæki við að taka þátt í verkefnum á vegum sjóðsins.

**Frumkvæði okkar og þau tæki og aðferðir sem við höfum beitt með góðum árangri í jafnréttisbaráttunni verða kynnt fyrir þátttakendum, og áhugasömum boðið upp á að skapa samstarfsverkefni sem notið geta styrkja úr sjóðnum.**

Til marks um þann ávinning sem bæði Ísland og viðtökuríkin hafa af aðildinni í sjóðnum er ráðstefna um jafnréttismál sem hefst í Reykjavík í dag. Hún er samvinnuverkefni Íslands, Noregs og Portúgals með stuðningi Uppbyggingarsjóðs EES og sækja hana fulltrúar frá öllum viðtökuríkjunum til þess að læra af reynslu Íslendinga og Norðmanna á sviði jafnréttismála. Frumkvæði okkar og þau tæki og aðferðir sem við höfum beitt með góðum árangri í jafnréttisbaráttunni verða kynnt fyrir þátttakendum, og áhugasömum boðið upp á að skapa samstarfsverkefni sem notið geta styrkja úr sjóðnum. Það má því segja að með þessari ráðstefnu sé íslensk jafnréttisstefna orðin sannkölluð útflutningsvara.


SAMSUNG
dagar
21.- 31.okt
ALLT AÐ
20% afsláttur
af flestum SAMSUNG vörum
LOKADAGAR
75"
Skoðaðu úrvalið okkar á
ORMSSON.IS
ORMSSON
SAMSUNG
SETRIÐ
LÁGMÚLA 8 - 530 2800
Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15
ormsson

# Hvað fékkstu margar stjörnur?



**Marín Guðrún Hrafnsdóttir**
varaformaður Fræðagarðs, félags háskólamenntaðra

Varstu upp á þitt besta í vinnunni í dag, afkastaðir miklu, náðir öllu á réttum tíma og dreifðir orku og gleði til þess að fá sem besta umsögn? Hvað ertu annars með margar stjörnur?

Bandalög háskólamanna á Norðurlöndum kynntu nýlega skýrslu þar sem gerð var úttekt á umfangi netvanga eða vefsíðna sem hafa milligöngu um vinnu sem inna þarf af hendi. Umfangið er enn sem komið er ekki mikið á Norðurlöndum en stéttarfélög eru að búa sig undir að geta þjónustað þennan nýja hóp enda margt sem bendir til þess að sérfræðingar muni í framtíðinni margir hverjir starfa undir merkjum stjörnugjafar, líkt og við þekkjum svo vel hjá netvöngum á borð við Airbnb og Uber.

Ljóst er að vinnumarkaðurinn er að breytast. Í dag er e.t.v. meira vit í að spyrja ungt fólk hvar það hyggist byrja í stað hinnar hefðbundnu spurningar um hvað það ætli sér að verða, enda talið að endurmenntun og aðlögunarhæfni muni skipta öllu máli. Samfélög, fyrirtæki og stéttarfélög eru í óðaönn að búa sig undir breytinguna sem kennd hefur verið við fjórðu iðnbyltinguna enda hefur nú þegar fjöldi starfa breyst og sjálfvirkni og gervigreind sjást víða, t.a.m. í sjálfsafgreiðslukössum í matvörubúðum, bankasjálfsölum, róbótum í framleiðslu og nú er hægt að senda fyrirspurnir til lögfræðistofa um ýmis lögfræðileg álitaefni þar sem svarið berst um hæl. Reyndar sýna kannanir að margir vilja fremur fá næstum því rétt svar strax en kostnaðarsamt réttara svar sem tekur tíma (sjá t.a.m. Lögmannablaðið, 3. tbl. 2019).

Mitt í þessari tækni- og samfélagsþróun nútímans er fyrirbærið netvangur (e. digital platform). Þótt slíkar rafrænar starfsmannaveitur séu vart teknar til starfa hér á landi eru víða merki þess að verkefnaráðningum sé að fjölga. Útfærslur netvanga geta verið með ýmsu móti en þó minnir þessi tækninýjung nokkuð á það þegar hafnarverkamenn hímdu löngum stundum niðri á höfn í von um lausavinnu, um miðja síðustu öld.

Hafnarverkamenn, sem oft á tíðum verða að bíða eftir lausavinnu og aðrir verkamenn einnig, sérstaklega þegar almenn vinna er stopul svo sem nú er, þurfa nauðsynlega að hafa afdrep nærri athafnasvæðum bæjarins, þegar svo stendur á. Einnig er að slíku verulegt hagræði fyrir atvinnurekendur, sem kann að vanta verkamenn í vinnu um styttri tíma (Verkamaðurinn, 14. tbl. (4.7.1969), bls. 4).

**Með tölvuna á kaffihúsi á Spáni**

Þótt freistandi sé að vinna sjálfstætt, geta ráðið tíma sínum og þurfa lítið að spá í styttingu vinnuvikunnar blikka rauðu ljósin skært varðandi réttindi og öryggi á vinnumarkaði. Frelsi í vinnu getur nefnilega haft á sér tvær hliðar og enginn kýs að frelsisþrá fari eins og hjá Rósu og Bjarti í Sumarhúsum. Það að losna undan Rauðsmýrarmaddömunni þýddi nefnilega að Rósa gat ekki lengur leyft sér að ríða út á sunnudögum – frelsið á heiðinni þýddi enga hvíldardaga og harkið varð algjört. Hættan á því að sjálfstætt starfandi fái lítið sem ekkert frí er fyrir hendi og í umsagnarheimi er ekki gott að vera illa upplagður eða veikur. Þá er hætta á að stjörnunum fækki og þar með atvinnutækifærunum. Ef vinnumiðlun framtíðar fer að hluta fram á netinu vandast allt utanumhald vinnumarkaðsmódela, lágmarkslaun eru mismunandi á milli landa, veikinda- og orlofsréttindi og þannig mætti lengi telja. Ný vinnulöggjöf þarf að ná utan um



þennan landamæralausa veruleika og tryggja réttindi við verkefnaráðningar og/eða í „gig" hagkerfinu.

**Þú færð fjórar og hálfa stjörnu í dag**

Netvangar dagsins í dag eru stjörnugjafadrifnir. Ímyndum okkur að í lok vinnudags væri alltaf einhver sem þakkaði okkur fyrir daginn með stjörnustimpilinn á lofti. Við þekkjum öll frægustu netvangana eins og Airbnb og Uber. Sá síðarnefndi hefur nú víkkað út starfsemi sína í Bandaríkjunum og býður upp á Uber Works sem er snjallforrit þar sem fyrirtæki og vinnuafl geta auðveldlega leitað að vinnu eða vinnukrafti í tiltekin afmörkuð verkefni. Airbnb hefur líka gert sig gildandi sem vinnumiðlari og hafa upplifanir (Airbnb Experience) notið vinsælda. Það er enda auðvelt að markaðssetja sérþekkingu á netvöngum og talið er að í Bandaríkjunum muni þeim sem vinna sjálfstætt og nýta sér netvanga til þess að skapa sér vinnu fjölga það hratt að þeir verði um 40 milljónir strax á næsta ári.

**Eftirlitslausar atvinnuveitur á Facebook?**

Í síðasta mánuði gafst undirritaðri kostur á að kynna sér hvað stéttarfélög tveggja ólíkra landa, Bretlands og Danmerkur, eru að gera til þess að mæta því fólki sem kýs eða er knúið til að starfa sjálfstætt og/eða á eigin vegum – sumir í gegnum netvanga. Sjálfstætt starfandi eru nú fleiri en starfsmenn hins opinbera kerfis í Bretlandi en breytingin er mun skemmra á veg komin í Danmörku sem og á hinum Norðurlöndunum. Þar er þróunin hægari og rafrænar vinnuveitur enn jaðarfyrirbæri og mælast sem hlutfall af vinnumarkaði á bilinu 0,3-2,5%. Enn sem komið er sækja fáir lífsviðurværi sitt einvörðungu í gegnum netvanga á Norðurlöndunum.

En stéttarfélög eru á varðbergi, réttindi sem tilheyra hinu hefðbundna ráðningarsambandi eru ekki sjálfgefin þegar rætt er um sjálfstætt starfandi eða þá sem vinna með því að krækja sér í verkefni frá degi til dags. Það getur verið erfitt að viðhalda réttindum í veikinda- og/eða orlofssjóðum þegar tekjur eru ótryggar og þú tilheyrir „gig" hagkerfinu, sem í gríni og alvöru hefur einnig verið nefnt hark-hagkerfið. Vinnulöggjöf á Íslandi nær ekki nema að takmörkuðu leyti utan um þennan hóp og hver er síðan að spá í réttindi þeirra sem vinna að miklu eða mestu leyti í gegnum Facebook eða netvanga með ekkert formlegt utanumhald? Á Facebook-síðunni Vinna með litlum fyrirvara er að finna stóran hóp sem starfar með þeim hætti.

**Hvernig geta stéttarfélög stutt við sjálfstætt starfandi?**

Netvangar geta gagnast fólki í millibilsástandi á vinnumarkaði, fólki sem vill auka tekjur sínar tímabundið eða taka að sér aukavinnu. Þeir gagnast fólki sem hefur verið á vinnumarkaði, fólki með reynslu og sambönd mun betur en þeim sem hafa kannski aldrei fengið tækifæri til að sanna sig á vinnumarkaði og því eru þeir síður hjálplegir ungu fólki.

Hin dökka hlið netvanga er að þeir geta þýtt bakslag í réttindabaráttu enda er veruleiki þeirra landamæralaus, eftirlit lítið og eins og áður sagði nær vinnulöggjöfin illa utan um þetta form vinnusambands. Erfitt getur reynst að viðhalda samtakamætti, standa sameiginlega að kröfugerðum til launahækkana og einnig getur þróunin verið slæm m.t.t. starfsþróunar og endurmenntunar. Hver á að halda slíkum sjóðum uppi ef fáir vilja greiða í þá?

Ef rétt er á málum haldið er niðurstaða skýrslunnar um netvanga, sem unnin var af bandalögum háskólamanna á Norðurlöndum, sú að þeir geti haft jákvæð áhrif á framleiðni og hagvöxt en áskoranirnar eru klárlega þær að verja þarf vissa hópa gegn undirboðum.

Í stjörnugjafadrifnum heimi er því miður hætta á að einhverjir verði undir og þá þurfa stéttarfélög að vera tilbúin til þess að koma til hjálpar. Þótt netvangar séu tækifæri fyrir þá sem sjá stjörnur á himni og möguleikana í að nýta þekkingu sína sem mest og best er hin hliðin á teningnum sú að við erum öll ólík og ekki víst að það að fá umsögn og stjörnur henti öllum.

**Í stjörnugjafadrifnum heimi er því miður hætta á að einhverjir verði undir og þá þurfa stéttarfélög að vera tilbúin til þess að koma til hjálpar.**

# Liðræði eða lýðræði



**Kristján Hreinsson**
skáld

Í eina tíð var á Alþingi sagt annað slagið: „Rétt er að biðja þingheim um að sýna stillingu." Þessi beiðni hefur glatað gildi sínu, hófstilling er ekki lengur til, því á Íslandi verða stjórnmálamenn sjálfkrafa yfir gagnrýni hafnir ef þeir ná inn á þing. Ef hugsandi maður vogar sér að gagnrýna störf þeirra, þá eru þeir snöggir að saka menn um lýðskrum og nýta sér svo hvert tækifærið sem gefst til að snúa útúr, beita rökvillum og hreinum lygum til að forðast að horfast í augu við eigin mistök. Um leið og menn komast inn á þing eða verða ráðherrar, tilheyra þeir stjórnmálaelítunni. En sú elíta hefur leyfi til að misskilja allt, skapa sinn eigin sannleika og túlka hverja orðræðu sér í hag.

Vegna þess að stjórnmálamenn leyfðu ekki nýrri stjórnarskrá að taka gildi og telja sig hafna yfir gagnrýni, er nú svo komið, að Alþingi Íslendinga er í heljargreip rotinnar stjórnsýslu. Spilling ræður því hvaða mál ná fram að ganga og hverju er ýtt til hliðar. Klækir stjórnvalda eru af ýmsum toga. Menn beita málþófi, þeir setja mál í nefndir, þeir koma með breytingatillögur og þeir fá afgreiðslu mála frestað. Svo fátt eitt sé nefnt. Gagnrýni dugir ekki vegna þess að kerfið er bundið gallaðri stjórnarskrá, sem elítan túlkar með einum hætti í dag, með öðrum hætti á morgun. Og guð hjálpi þeim sem nafngreina þingmann undir hatti gagnrýninnar umræðu. Slíkt er skóggangssök. Menn eru réttdræpir með mannorðsmeiðingum og útskúfaðir ef þeir leyfa sér slíkan munað. Að bera á þingmenn sakir, er nánast hreinn ógjörningur. Þeir eru hálli en álar þegar kemur að tangarhaldi réttvísinnar. Að svíkja gefin loforð verður þeim eins eðlilegt og að drekka vatn. Að svíkja þjóðina og fara á svig við það sem meirihluti þjóðarinnar hefur samþykkt, er stjórnmálaelítunni tamt og sjálfsagt.

Reyndar er það svo að orð hafa einungis þá merkingu sem við gefum þeim. En síðan komumst við að samkomulagi um tiltekna merkingu og reynum þannig að forðast það að allt sé byggt á gagnkvæmum misskilningi. En elítan kann að horfa framhjá þessu samkomulagi. Fólk lærir strax á fyrsta degi þingskapa að misskilja allt og líta á téð samkomulag sem misskilning. Elítan afmarkar sinn eigin sannleika. Þingliðið þjónar sínum herrum og sinnir einungis því sem nærir vel út fyrir fámenna klíku. Á Íslandi hefur það nú sannað gildi sitt að vera í réttu liði, vegna þess að Íslendingar búa við liðræði: Stjórnarliðið, þingliðið, bændaliðið, útgerðarliðið og peningaliðið, þetta er liðið sem ræður. Það er erfitt að sjá þjóð sína í greipum gerræðisvalds. Það er erfitt að vera í liði og það er erfitt að vera utan liðsins. Það er erfitt að þurfa að velja á milli þess að ganga í Sjálfstæðisflokkinn eða leita hælis í Norður-Kóreu sem pólitískur flóttamaður. En þetta bíður okkar í liðræðisríkinu Íslandi, ef við fáum ekki nýja stjórnarskrá. Ný stjórnarskrá getur komið í veg fyrir margt af því sem nærir stjórnsýslu glundroða og hagsmunapots. Ný stjórnarskrá getur þaggað niður í þeim sem segja með tungutaki liðandi stundar: „Rétt er að biðja þingheim um að sýna spillingu."

*Hér glímt er nú við glatað lið*
*sem gasprar helst á kránni*
*en seinna náðar njótum við*
*með nýju stjórnarskránni.*

# Geta borgarbúar flett bæklingi?



**Ásta Kristrún Ólafsdóttir**
sálfræðingur, kennari og móðir barns með fötlun

Þegar barn er greint með einhvers konar fötlun, eiga foreldrar að fá í hendur bækling með upplýsingum um þjónustu sem barnið og fjölskylda þess á rétt á, bæði hjá ríki og sveitarfélagi.

Sama gildir um þá sem fara á lífeyri, hvort sem það er vegna örorku eða aldurs.

Því miður er þetta ekki svona og það er undir hælinn lagt hvort, hvenær og hvernig fólk fær upplýsingar um rétt sinn. Það er opinbert leyndarmál að foreldrar fatlaðra barna fá oftar en ekki upplýsingar frá öðrum foreldrum um rétt barna sinna. Það er þá tilviljunarkennt hvaða upplýsingar fólk fær.

Kolbrún Baldursdóttir borgarfulltrúi lagði fram tillögu í velferðarráði um að bæta upplýsingagjöf til borgarbúa, einkanlega aldraðra, öryrkja og foreldra fatlaðra barna, meðal annars með útgáfu upplýsingabæklings.

Tillagan var felld með eftirfarandi rökum: „Ljóst er að einn bæklingur með svona umfangsmikilli þjónustu yrði ansi viðamikið plagg og spurning hversu auðvelt það yrði fyrir borgarbúa að sækja upplýsingar í slíkt rit." Sem sagt of mikið mál, of stór bæklingur og fólk er … fífl? og málið er dautt.

Svo virðist sem hugmyndinni hafi verið sópað af borðinu í fljótræði og án umræðu. Ég trúi ekki að það sé vilji meirihlutans að halda fólki óupplýstu jafnvel þótt það gæti sparað einhverja aura.

Það er einlæg von mín að velferðarráð endurskoði afstöðu sína og skoði málið frekar með stjórnsýslulög um upplýsingaskyldu að leiðarljósi.

**Svo virðist sem hugmyndinni hafi verið sópað af borðinu í fljótræði og án umræðu. Ég trúi ekki að það sé vilji meirihlutans að halda fólki óupplýstu jafnvel þótt það gæti sparað einhverja aura.**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

**200kr** afsláttur

**Fulleldað** Aðeins að hita

**Íslenskt** Lambakjöt







**679 kr./800 g**

**Bónus Buffaló Leggir**
Fulleldaðir, 800 g, 2 teg. - Verð áður 879 kr.

**1.579 kr./kg**

**ÍL Lambalæri sérskorið**
Ferskt, kryddað, 2019 slátrun

## Súpa og brauð

**3stk.**

**Lágkolvetna Próteinbrauð**
Inniheldur 25% prótein
Aðeins 12 g kolv. pr. 100 g










**Fulleldað** Aðeins að hita

**1.598 kr./1 kg**

**Bónus Kjúklingasúpa**
Fullelduð, 1 kg

**298 kr./pk.**

**Hatting Hvítlauksbrauð**
3 stk.

**398 kr./420 g**

**Bónus Próteinbrauð**
420 g

**70%** Kjöt










**198 kr./770 g**

**Myllan Fjölkornabrauð**
770 g

**895 kr./500 g**

**OS Samlokuostur**
Í sneiðum, 500 g

**259 kr./220 g**

**Bónus Brauðskinka**
220 g

# BÓNUS

EKKERT BRUÐL

VALITOR

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:00 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00
**Smáratorg og Skeifan:** Mán-Lau; 10:00-19:00 • Sun; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með 3. nóvember eða meðan birgðir endast.

# Botnfrosinn leikmannamarkaður

**Níu félagaskipti hafa verið tilkynnt til KSÍ frá því Íslandsmótinu lauk. Börkur Edvardsson, formaður knattspyrnudeildar Vals, segir að færri feitir bitar séu á lausu, leikmenn séu ekki að koma heim og margir efnilegir leikmenn séu búnir að semja við erlend lið.**

**FÓTBOLTI** Aðeins níu félagaskipti hafa runnið í gegnum KSÍ frá því að keppni í Pepsi-deild karla lauk, þar af tvenn sem voru nánast klöppuð og klár í sumar. Félögin í deildinni virðast vera að búa sig undir erfiðara rekstrarár og erfiðara er að afla fjár en áður. Þannig sagði Sævar Pétursson, framkvæmdastjóri KA, í útvarpsþætti fótbolta.net að félögin væru að glíma við að það væri erfiðara að skuldbinda sig í leikmannamálum á meðan óvissa væri um hvað væri til í veskinu. KA þarf að skera niður um 10 prósent fyrir næsta ár og sagði Sævar að hann myndi minnka leikmannahópinn. Trúlega væri það leið sem önnur lið myndu fara líka.

E. Börkur Edvardsson, formaður knattspyrnudeildar Vals, segist búast við litlum breytingum á leikmannahópi Vals frá síðasta tímabili. „Við erum með öflugan hóp, mjög öflugan meira að segja. Ég reikna ekki með miklum tilfærslum en maður veit aldrei. Almennt er verið að kenna fjárhagnum um en ég held að það séu bara ekki eftirsóknarverðir bitar á lausu, allavega færri en undanfarin ár. Það eru margir ungir leikmenn farnir út og þar af leiðandi skipta þeir ekki um félög innanlands á meðan. Það er eitthvað lítið um að leikmenn erlendis séu að snúa aftur heim – þannig að ef maður rýnir í þetta þá eru eðlilegar skýringar á bak við þessi félagaskipti og við þurfum að passa okkur á að tala ekki deildina niður og alhæfa.

Það kannski breytist aðeins þegar félögin fara að æfa. Það er rólegt núna en ég held að þetta eigi sér eðlilegar skýringar,“ segir Börkur.



Níundu félagaskiptin runnu í gegnum KSÍ í gær þegar Halldór Orri Björnsson sneri aftur í sína heimahaga í Garðabæ og samdi við Stjörnuna. Fimm félög hafa ekki sótt sér nýjan leikmann eftir að tímabilinu lauk. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Þjóðsagan um gullið**

Hann segir það þjóðsögu að Valur hafi botnlausa vasa af gulli – stjórn knattspyrnudeildar Vals þurfi að hugsa út í hverja krónu sem eytt sé þrátt fyrir að hafa skilað góðum hagnaði á síðastliðnu ári.

„Við erum ekki í Evrópukeppninni á næsta tímabili, þar af leiðandi þurfum við að passa okkur enn frekar og fara varlega. Við erum í stöðu sem við ætluðum okkur ekkert að vera í. Ég veit ekki alveg hvaðan þetta kemur, sú umræða að Valur eigi alla þessa peninga. Valur er að reka sex meistaraflokka í efstu deild sem er gríðarlega kostnaðarsamt og að mínu mati of kostnaðarsamt. Við þurfum að velta hverri krónu vel fyrir okkur áður en við ráðstöfum henni. Það er jafn erfitt fyrir okkur og aðra að ná í nýja samstarfsaðila og við, félögin, þurfum að tala varlega og passa að hræða ekki frá okkur aðila. Við eigum að gera meira og vera faglegri til að laða til okkar sterka samstarfsaðila. Við erum að reka okkar deild á svipaðan hátt og aðrar stærri knattspyrnudeildir, trúlega eins og flestir aðrir. Við reynum alltaf að vanda okkur, höfum mikinn metnað og höfum náð að skapa umhverfi sem laðar að sterka samstarfsaðila sem við erum mjög stoltir af að vinna með en jafnframt þurfum við að passa okkur á hvernig við spilum úr okkar fjármunum. Við erum alveg jafn blankir og næsti maður.“

> **Ef maður rýnir í þetta þá eru eðlilegar skýringar á bak við þessi félagaskipti og við þurfum að passa okkur á að tala ekki deildina niður og alhæfa.**
>
> E. Börkur Edvardsson, formaður knattspyrnudeildar Vals



Honum finnst eins og félög í efstu deild séu að stíga örlítið varlegar til jarðar en áður. „Talandi um þjóðsögur þá eru laun leikmanna ákveðin þjóðsaga. Ég efast um að nokkurt félag sé að borga einhver forstjóralaun. Ég er þess fullviss að laun leikmanna munu fara lækkandi á komandi misserum. Ég held að menn muni vanda sig enn frekar og taka vel ígrundaða ákvörðun þegar kemur að því að sækja sér feitan bita á markaðnum.“

**Þarf yfirvegaða umræðu**

Börkur er ekki feiminn við að viðra sínar skoðanir og trúlega væri hægt að gefa út ansi stórt blað um skoðanir hans á fótboltanum hér heima. Hann spyr hvort hér séu of margar landsdeildir (of mörg lið), hvort það sé sanngjarnt að lið frá höfuðborgarsvæðinu niðurgreiði ferðakostnað liða úti á landi, hvort meistaraflokkar liða ættu að sameinast svo fátt eitt sé nefnt. „Það þarf að taka yfirvegaða umræðu um hvert íslenskur fótbolti stefnir. Út frá fjárhag, árangri og mörgu fleiru. Skilja tilfinningarnar eftir heima og skoða þetta ofan í kjölinn. Menn tengjast sínum félögum mjög sterkt og taka oft ákvarðanir út frá sínu félagi og sjá þar af leiðandi ekki heildarmyndina.“

benediktboas@frettabladid.is

## Félagaskipti til 30.09

**KR:**
- Emil Ásmundsson frá Fylki

**Breiðablik:**
- Anton Ari Einarsson frá Val

**Stjarnan:**
- Emil Atlason frá HK
- Vignir Jóhannesson frá FH
- Halldór Orri Björnsson frá FH

**Valur:**
- Birkir Heimisson frá Heerenveen

**Víkingur R.:**
- Helgi Guðjónsson frá Fram

**Fylkir:**
- Þórður Gunnar Hafþórsson frá Vestra

**Fjölnir:**
- Grétar Snær Gunnarsson frá Víkingi Ó.

FH, KA, HK, ÍA, Grótta hafa ekki fengið til sín leikmenn




# Fundu fyrir afar fjandsamlegu viðmóti

**FÓTBOLTI** Töluverður fjöldi íslenskra stráka freistar gæfunnar í hinum harða heimi atvinnumennskunnar í knattspyrnu. Sumir komast í gegnum nálaraugað og fá atvinnumannssamning á meðan aðrir koma aftur heim. Knattspyrnuþjálfarinn Guðjón Þór Ólafsson er að vinna að rannsókn um upplifun íslenskra leikmanna, sem skrifað hafa undir atvinnumannssamning á aldrinum 15 til 18 ára, af veru sinni hjá erlendum liðum.

„Það sem kom mér kannski einna helst á óvart var þegar leikmennirnir lýstu því fjandsamlega viðmóti sem þeir urðu fyrir af hendi liðsfélaga sinna. Bæði á æfingum og í klefanum eftir æfingar. Þarna er engin miskunn og leikmenn teknir föstum tökum. Þetta var ákveðið sjokk fyrir þá, þeir vissu vel að heimurinn þarna úti væri harður en sú mikla harka sem þeir upplifðu í sinn garð kom þeim í opna skjöldu,“ segir Guðjón Þór í samtali við Fréttablaðið.



Guðjón Þór Ólafsson.

„Þá lýstu þeir því að þeir hefðu á einhverjum tímapunkti fundið fyrir einmanaleika og depurð. Til að mynda þegar þeir fá send myndskeið þar sem félagarnir eru að skemmta sér fjarri þeim. Sumir fóru með fjölskyldu sína með sér og það hafði bæði kosti og galla. Þeir lýstu annars vegar þægindum við að hafa félagslegt net í kringum sig og öryggið við að hafa einhvern til staðar þegar eitthvað bjátar á. Aðrir fundu hins vegar fyrir því að það hefði hamlað þeim að komast betur inn í málin félagslega á nýjum stað. Þeir sem áttu fjölskyldumeðlim sem hafði sjálfur verið í atvinnumennsku voru þó líklegri til þess að pluma sig sjálfir,“ segir hann.

„Þeir einstaklingar sem komust alla leið inn í aðallið félaganna voru heilt yfir heilsteyptir karakterar. Aftur á móti var ekki klippt og skorið að ein leið hentaði betur en önnur til þess að tækla atvinnumennskuna. Af þeim sem komu heim fannst sumum þeim hafa mistekist og voru niðurbrotnir í einhvern tíma. Verið væri að hrifsa af þeim draum með höfnuninni. Aðrir litu þannig á hlutina að þeir væru þakklátir fyrir tækifærið og það að fá tækifæri væri lærdómur sem þeir gætu nýtt sér,“ segir Guðjón sem kynnir niðurstöður sínar á málstofu í Háskóla Íslands klukkan 13.15 í dag. **– hó**

# Fólk

FIMMTUDAGUR 31. OKTÓBER 2019

## Tíska



Kápur, stórar, víðar og síðar, eru mikið í tísku í vetur eins og sjá mátti á sýningu hjá Chanel í París. Kvenlegar og fallegar. →4


HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.







Hágæða, ítalskar ullarkápur frá Cinzia Rocca eru glæsilegar og klassískar yfirhafnir fyrir konur sem vilja vera vel klæddar í vetrarkuldanum.

# Laxdal - kápubúð í 80 ár

Í dag ríkir einstök vetrarstemning og síðdegisfjör í Bernharð Laxdal. Boðið verður upp á tískusýningu, veitingar og tilboð á ýmsum vetrarfatnaði. →2




Bernharð Laxdal styður í hvívetna ábyrga framleiðsluhætti. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Aðlaðandi er konan ánægð og það er hún svo sannarlega komin í fallegan kjól frá Bernharð Laxdal.




Verslun Bernharðs Laxdal er í glæsilegu húsnæði að Skipholti 29b.



Sumir af fegurstu kjólum landsins fást einmitt í Laxdal.



Rósbleikur síðkjóll er rómantískur á síðkvöldum vetrar.

**20% afsláttur af Gerry Weber, Taifun og Betty Barclay**



Dömuleg buxnadragt í rauðum lit er íðilfögur í vetur.



Fínn blazer-jakki er sígild flík og passar við öll tækifæri.



Þær Anna, Hjördís, Lilja og Guðbjörg taka af alúð á móti viðskiptavinum.

Við elskum að dekra við konur og finna handa þeim réttu klæðin við öll lífsins tilefni og árstíðir," segir Guðrún Axelsdóttir, eigandi Bernharðs Laxdal í Skipholti.

Kápur og sparikjólar hafa verið sérgrein Bernharðs Laxdal í 80 ár og þar svigna nú fataslár og búðarborð undan dýrindis sparifatnaði, fallegum kápum sem gera allar konur glæsilegar og flottum úlpum sem klæða konur vel og umvefja þær hlýju í vetrarhörkunum.

„Við erum með gríðarlega mikið úrval af kvenfatnaði og í hverri viku koma nýjar vörur. Því er úr miklu og freistandi úrvali að velja," segir Guðrún í glæsilegri verslun Bernharðs Laxdal þar sem tekið er af alúð og natni á móti viðskiptavinum og þaðan fara allar konur sælar heim.

## Fornfræg kvenfataverslun

Hjá Bernharð Laxdal fást heimsþekkt og eftirsótt vörumerki. Þar á meðal Gerry Weber, Taifun, Samoon, Betty Barclay, Vera Mont og fleiri og fleiri.

„Bernharð Laxdal er fornfræg kápuverslun og hefur glatt konur í áratugi með glæsilegu úrvali af kápum og alls kyns dúnkápum og dúnúlpum," segir Guðrún.

„Öll vörumerki í Bernharð Laxdal styðja ábyrga framleiðslu. Þar má nefna hágæða, ítalskar ullarkápur frá Cinzia Rocca sem eru algjör klassík, ásamt fleiri frábærum merkjum sem samanstanda af einstakri hönnun og gæðum. Þá erum við með glæsilegt úrval skinnkraga og skinntrefla sem prýða hverja konu í svölum haustvindum og vetrarríkinu," upplýsir Guðrún sem býður viðskiptavinum upp á síðdegisfjör í versluninni í dag klukkan 16 til 18.

> **Við ætlum að njóta léttra veitinga í dag, horfa á glæsilega tískusýningu og bjóða upp á dásamlegan klæðnað og fylgihluti á frábæru tilboði.**

„Við ætlum að njóta léttra veitinga, horfa á glæsilega tískusýningu og bjóða upp á dásamlegan klæðnað og fylgihluti á tilboði, eins og dýrindis kápur og úlpur frá Gerry Weber, Taifun og Betty Barclay sem bjóðast á 20 prósenta afslætti fram á laugardag."

Bernharð Laxdal er í Skipholti 29b. Sími 551 4422. Skoðið úrvalið á laxdal.is.

Bernharð Laxdal
GERRY WEBER
Betty Barclay
CINZIA ROCCA


hjá
Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

# Gróf vetrartíska frá Chanel

Vetrartískan einkennist af stórum jökkum og kápum. Kápurnar eru oft víðar og síðar. Gróf tíska er fyrirferðarmikil en hún er einnig hlý og góð eins og Chanel sýndi á tískuviku í París.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Þegar kólnar í veðri er nauðsynlegt að eiga góða vetrarflík. Á undanförnum árum hafa dúnúlpur verið vinsælar en nú eiga kápurnar hug allra kvenna. Það sýndu frægustu hönnuðir heimsins þegar þeir kynntu vetrartískuna 2019-2020 í París. Chanel sýndi dásamlegan vetrarfatnað í umhverfi sem líktist því að vera í miklum snjó uppi í fjalli. Snjórinn var auðvitað ekki ekta en átti að minna á að hlýr og vandaður fatnaður getur líka verið fallegur.

Chanel var mikið með köflótt tweed-efni, svart og hvítt fór vel við umhverfið. Fötin voru kvenleg og fallega sniðin. Þau voru sannarlega í anda Karls Lagerfeld sem lést fyrr á árinu og jafnvel líka upphafskonu Chanel, Coco Chanel. Karl hafði reyndar puttana í hönnun þessa vetrarfatnaðar því hann var sýndur stuttu eftir lát hans. Fyrirsæturnar hylltu minningu þessa frábæra hönnuðar í lok sýningar og áhorfendur stóðu upp honum til heiðurs.



Glæsileg vetrartíska frá Chanel sem sýnd var í París fyrir veturinn 2019-2020. Röff og töff draktir, kápur, kjólar og hattar. Takið eftir síddinni á kápunum og kjólunum. NORDICPHOTOS/GETTY




# Iceland Airwaves

FIMMTUDAGUR 31. OKTÓBER 2019




## Fjölbreytt dagskrá á Iceland Airwaves 6.–9. nóvember

center hotels

Off-Venue
ICELAND 2019
AIRWAVES

FIM 7 NÓVEMBER
JÖRGENSEN KITCHEN & BAR
LAUGAVEGUR 120
15:30 - FOREIGN MONKEYS
16:30 - FLAMMEUS
17:30 - UNA STEF & THE SP47
18:30 - BEEBEE & THE BLUEBIRDS

FÖS 8 NÓVEMBER
CENTERHOTEL ÞINGHOLT
ÞINGHOLTSSTRÆTI 3-5
16:00 - RAVEN
17:00 - MAGNÚS JÓHANN
18:00 - MIKAEL LIND

LAU 9 NÓVEMBER
LÓA BAR-BISTRO
LAUGAVEGUR 95-99
16:00 - ATERIA
17:00 - KONFEKT
18:00 - KARMA BRIGADE

AÐGANGUR ÓKEYPIS & TILBOÐ Á BAR
WWW.CENTERHOTELS.COM/AIRWAVES

# Hlakkar til að sjá unga og upprennandi tónlistarmenn



Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra.

*Hvað finnst þér það skemmtilegasta við tónlistarhátíðina Iceland Airwaves?*

„Það besta við Airwaves er að finna borgina fyllast af lífi og fá tækifæri til þess að heyra frábæra og fjölbreytta tónlist. Heyra eitthvað glænýtt, heyra eitthvað kunnuglegt í nýju samhengi og auðvitað hitta skemmtilegt fólk.“

*Hvernig finnst þér skemmtilegast að upplifa hátíðina?*

„Mér finnst gott að skipuleggja ekki of mikið og hafa rými fyrir eitthvað óvænt í dagskránni. Og hlusta eftir ábendingum frá öðrum hátíðargestum, það er aldrei að vita nema maður eignist nýja uppáhaldshljómsveit eða -flytjanda.“

*Hvað hlakkar þú til að sjá í ár?*

„Ég hlakka til að sjá marga af íslensku flytjendunum, það eru fjölmargir ungir og upprennandi í tónlistarsenunni í dag sem vonandi munu vekja lukku á Airwaves og hrífa með sér nýja aðdáendur,“ segir Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra.

ICELANDAIR FOUNDING SPONSOR
ICELAND AIRWAVES
REYKJAVIK NOV 6 — 9 2019
REYKJAVÍK LOVES #reykjavikloves

**Gott að vita!**

- Þú getur nálgast **armbandið** í ráðhúsinu frá og með **4. nóvember.** Mundu kvittun og skilríki.
- Einn miði veitir þér **aðgang** að öllum tónleikum – Meira en **150 hljómsveitir**
- **Airwaves Pro** ráðstefnan fer fram á **fimmtudaginn 8. og föstudaginn 9. nóvember**
- Þú getur hlustað á hljómsveitirnar á **Spotifylista** Iceland Airwaves 2019
- **10% afsláttur** af mat, drykk, vörum og afþreyingu fyrir miðahafa – 20% fyrir **Airwaves Plus** miðahafa
- Takmarkað magn af **dagpössum** í boði.

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR OG MIÐASALA Á ICELANDAIRWAVES.IS OG Í APPINU.

City of Reykjavík Heineken TVG-ZIMSEN CENTER HOTELS Hertz



Sveitin gaf út plötuna Fever Dream í júlí. Þau hlakka til að spila nýju lögin á Íslandi. MYND/ALEXANDER MATUKHNO

# Lofa miklu stuði

**Hljómsveitin Of Monsters and Men spilar á Iceland Airwaves á laugardagskvöldinu. Þessi fræga sveit hefur ekki spilað á Íslandi síðan á Airwaves 2016 og er spennt að koma og spila lög af nýju plötunni fyrir landa sína.**

Hljómsveitin Of Monsters and Men er án nokkurs vafa einhver vinsælasta og frægasta hljómsveit Íslands. Sveitin hefur náð frábærum árangri á erlendum vettvangi, en fyrir vikið hafa landar hennar sjaldan fengið að njóta þess að sjá sveitina á sviði að undanförnu. Síðustu tónleikar OMAM á Íslandi voru á Airwaves árið 2016 og nú snýr sveitin aftur, með nýútgefna plötu í farteskinu, og spilar í Valshöllinni laugardagskvöldið 6. nóvember, klukkan 23.45.

## Góðu ári að ljúka

Fréttablaðið náði tali af þeim Brynjari Leifssyni, gítarleikara sveitarinnar, og trommaranum Arnari Rósenkranz Hilmarssyni þar sem þeir voru að undirbúa sig fyrir tónleika í London. Þeir segja að platan Fever Dream, sem kom út í lok júlí, hafi verið vinsæl.

„Já, þetta hefur gengið helvíti vel, við fórum beint í níunda sæti á Billboard-vinsældalistanum og lagið Alligator sló vinsældamet í Kanada, þannig að þetta hefur farið vel af stað,“ segja strákarnir.

Fever Dream náði líka efsta sæti á Billboard-listanum fyrir rokkplötur, sem kom sveitinni skemmtilega á óvart. „Það er bara töff og dálítið skemmtilegt,“ segir þeir. „Við höfum aldrei litið á okkur sem rokkband beint, en við höfum reyndar aldrei velt því mikið fyrir okkur hvers konar hljómsveit við erum. Þetta kom okkur bara skemmtilega á óvart og var mjög gaman.“

Þeir segja að árið hafi verið þétt. „Við vorum að vinna í plötunni fram í mars og vorum svo í mánuð í Bandaríkjunum að hljóðblanda hana,“ segir þeir. „Svo komum við aðeins heim til að eyða tíma með vinum og fjölskyldu og æfðum stíft, áður en við fórum aftur af stað út. Þá fórum við að flakka til að kynna plötuna og spila á einstaka tónleikum, eins og hjá Jimmy Fallon og Jimmy Kimmel og svo var æft aðeins meira.“

Tónleikaferðalagið byrjaði svo í ágúst. „Allt í einu vorum við farin að túra á fullu,“ segja Brynjar og Arnar. „Við komum varla heim fyrr en í febrúar á næsta ári.“

## Radio City Music Hall stendur upp úr

Of Monsters and Men hefur spilað um allan heim á mörgum stórum hátíðum og í heimsþekktum tónleikahöllum. Brynjar og Arnar segja að ólíkir tónleikar standi upp úr af ólíkum ástæðum.

„Glastonbury voru sennilega stærstu tónleikarnir. Við höfum aldrei séð svona mikið af fólki fyrir framan sviðið. Tónleikarnir í Red Rocks í Colorado standa líka upp úr,“ segja þeir, en tónleikastaðurinn er afar sérstakur, því hann er hogginn í rauða kletta. Strákarnir eiga svo auðvitað líka góðar minningar af Faktorý í Reykjavík.

En það eru einir tónleikar sem þeir eru sammála um að hafi verið alveg sérstakir, það var þegar þeir spiluðu í Radio City Music Hall í New York-borg.

„Þetta er mjög flottur og svolítið sérstakur tónleikastaður, það er gaman að vera þarna inni og okkur hafði dreymt um að fá að spila þar, þannig að það var mjög gaman að fá að gera það. Það skemmdi heldur ekki fyrir að það var uppselt á tónleikana,“ segja þeir. „Það komu líka flestir foreldrar og makar að horfa á okkur spila og það var mikil fjölskyldustemning, sem gerist ekki oft. Það var alveg geðveikt.“

Þeir segja að það sé ekki mjög mikill munur á að spila á litlum tónleikastað eða stórum, en að þeir verði meira stressaðir eftir því sem það er færra fólk. „Þegar það eru komnir ákveðið margir verður maður minna stressaður,“ segja þeir. „En við höfum verið að spila á tiltölulega litlum tónleikastöðum undanfarið og það er svolítið næs. Það er að vísu mun heitara og meiri sviti, en það eru allir í salnum í stemningunni, ekki bara þeir sem eru upp við sviðið, þannig að stemningin er öðruvísi.“

## Spenntir að fara á nýja staði

Tónleikaferðalagið sem er fram undan leggst mjög vel í Arnar og Brynjar. „Það er gaman að túra aftur eftir langa pásu og við erum að fara aftur til Ástralíu og Asíu núna yfir jólin, sem er spennandi. Við höfum aldrei gert það,“ segja þeir. „Við spilum í Ástralíu á gamlársdag og nýársdag og það verður mjög gaman að vera þar yfir áramótin.

Við erum líka að fara að heimsækja nýja staði í Asíu, eins og Hong Kong, Taívan og Bangkok,“ segja þeir. „Þannig að það er margt nýtt og mjög spennandi fram undan. Það er gaman að vera ekki alltaf að gera það sama.“

## Stuð á Airwaves

Brynjar og Arnar búa á Íslandi en samt hafa þeir ekki spilað þar síðan 2016. Þeir eru spenntir fyrir því að koma aftur á Airwaves.

„Það er bara geggjað að vera að spila aftur á Íslandi, við erum öll spennt og ég held að það verði rosalega gaman að spila á flottum tónleikum þar,“ segja þeir og bæta við að þeir séu yfirleitt með aðeins meiri stressfiðring í maganum fyrir tónleika í heimalandinu. „Mamma og pabbi verða úti í sal og maður vill standa sig fyrir þau, svo er alltaf smá stress yfir því að það komi enginn!“ segja þeir léttir.

Þeir segja að tónleikagestir geti búist við miklu stuði. „Það er nú alltaf markmiðið, að það sé stuð,“ segja þeir. „Við getum lofað konfettí og miklu stuði. Við spilum örugglega meirihlutann af nýju plötunni í blandi við vinsælustu lögin á hinum tveimur. Þetta verður mjög gaman!“

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, sími 694 4103 | Veffang: frettabladid.is

+ ICELAND AIRWAVES




## Off Venue tónleikar Landsbankans

Stúdentakjallarinn - Fim. 7. nóv.
16.30 Tómas Welding
17.00 ROKKY
17.30 Vök

Landsbankinn Austurstræti - Lau. 9. nóv.
15.30 Krassasig
16.00 Una Schram
16.30 Auður

Frá árinu 2014 hefur Landsbankinn gert um 30 tónlistarmyndbönd með ungu og upprennandi tónlistarfólki. Sjáðu þau öll á landsbankinn.is/icelandairwaves.

# Gaman að uppgötva ný bönd

**Will Larnach Jones, rekstrarstjóri Iceland Airwaves, segist sérlega spenntur fyrir hátíðinni í ár. Von er á fjölbreyttum hljómsveitum til landsins og fjöldi íslenskra hljómsveita skemmtir gestum.**

Will segir að reynt hafi verið að blanda saman ólíkum tegundum tónlistar auk þess sem tónleikastaðirnir séu margir og ólíkir. Hann segir það skapa skemmtilega stemningu á hátíðinni. „Eitt af því sem mér finnst standa upp úr í ár eru tónleikar Johns Grant í Fríkirkjunni. Ég held að þeir verði stórkostlegir. Þetta er svo lítill tónleikastaður og nálægðin milli áheyrendanna og flytjandans svo mikil. Venjulega spilar John Grant á stórum stöðum eins og Hörpu svo ég held að það verði mjög sérstakt að sjá hann spila í Fríkirkjunni,“ segir Will.

Hann segist vera mjög spenntur fyrir tónleikunum í Valshöllinni á laugardeginum þar sem hljómsveitin Of Monsters and Men lokar kvöldinu. „Þar spilar líka með hellingur af öðrum hæfileikaríkum listamönnum. Daði Freyr, Agent Fresco og Vök koma fram þar og líka japanska hljómsveitin Chai sem er nokkurs konar indí-fönkhljómsveit sem er alveg frábær og ég er spenntur að sjá þær spila.“



Will Larnach-Jones stjórnar Airwaves annað árið í röð.

Í ár verður sú nýjung á hátíðinni að boðið verður upp á sérstaka On-Venue dagskrá. Það er dagskrá í samstarfi við tónleikastaði sem skipuleggja sína dagskrá sjálfir en armband á hátíðina gildir sem aðgöngumiði. „Við erum að vinna með Dillon bar og Kornhlöðunni. Kornhlaðan er fallegur staður sem er nýlega orðinn tónleikastaður og við erum spennt fyrir að vera í samstarfi með þeim.“

Will nefnir einnig Listasafn Íslands þar sem margt áhugavert verður um að vera. Seabear heldur þar sína fyrstu tónleika í mörg ár og Hatari verður með stóra tónleika. „Þetta er frekar stórt ár hjá þeim í Hatara eftir Eurovision,“ segir Will. „Orville Peck kemur líka fram í Listasafninu en hann er alveg frábær tónlistarmaður, nokkurs konar kántrísöngvari. Svo má líka nefna Mac DeMarco. Það er erfitt að nefna nokkra, það er frábært tónlistarfólk að koma fram alls staðar á meðan á hátíðinni stendur.“

### Hátíðin breyst gegnum árin

Þetta er annað árið í röð sem Will stýrir Airwaves en hann er þó ekki ókunnugur hátíðinni. „Ég held að ég hafi komið fyrst á Airwaves árið 2000 eða 2001. Ég vann sem kynningarstjóri Sigur Rósar fyrir mörgum árum svo ég þekkti Ísland og hátíðina. Hátíðin hefur breyst mikið síðan ég fór fyrst á hana en ég á góðar minningar frá þeim tíma.“

Eitt af því sem Will telur að hafi breyst frá upphafsárum hátíðarinnar er að fólk hefur víðari tónlistarsmekk. „Fólk hélt áður fyrr að íslensk tónlist væri öll mjög svipuð, aðallega indí tónlist. En íslensk tónlist er mjög fjölbreytt eins og sést greinilega á Airwaves. Þar koma fram hljómsveitir sem spila nánast klassíska tónlist, eins og Hugar til dæmis, svo koma líka fram popphljómsveitir og R&B-hljómsveitir, hipphopp- og metalhljómsveitir og auðvitað líka indí.“

Will telur að hátíðin í dag sé þekkt bæði erlendis og hérlendis fyrir að tefla fram ólíkum tónlistarstílum. „Hátíðin hefur mjög gott orð á sér fyrir að uppgötva nýjar hljómsveitir á undan öðrum. Það er eitthvað sem hefur verið að þróast gegnum árin og við leggjum mikla áherslu á það að kynna nýtt tónlistarfólk. Mér finnst það mjög spennandi en ég held að það sé það sem mörgum finnst skemmtilegast við Airwaves. Ekki bara að hlusta á hljómsveitir sem þú þekkir heldur uppgötva eitthvað nýtt.“



Óskar og Vala njóta sín vel á Iceland Airwaves og gera mikið úr helginni.

# Eins og í útlöndum

Óskar Guðjónsson og eiginkona hans, Vala Jónsdóttir, segjast hafa mikla ánægju af því að rölta á milli tónleikastaða, uppgötva nýtt tónlistarfólk og sjá hljómsveitir sem þau hafa ekki séð áður. Allt þetta geta þau gert á Iceland Airwaves. „Maður hittir erlenda ferðamenn á röltinu sem koma sumir hingað bara til að fara á Airwaves. Síðan er líka gaman að sjá stærri og þekktari hljómsveitir koma fram á smærri tónleikastöðum. Það er oft meiri nánd við hljómsveitir og tónlistarfólk heldur en maður er vanur á stærri tónleikum erlendis,“ segir Óskar.

„Við reynum að fylgja flæðinu. Gerum samt drög að plani fyrir hátíðina, en endum alltaf á að breyta því á miðri leið. Hittum kannski fólk sem við þekkjum og fylgjum því þangað sem það er að fara, eða heyrum af tónlistarfólki sem við vissum ekki af og breytum planinu. Okkur finnst besta upplifunin fylgja því að vera sveigjanleg og fylgja straumnum.

Síðastliðin tvö ár höfum við fengið okkur hótelherbergi niðri í bæ yfir Iceland Airwaves-helgina. Reynum að finna eitthvert gott „last minute“ verð og höfum sloppið vel hingað til. Við lítum á þetta eins og helgarferð og högum okkur eiginlega eins og við séum erlendis. Morgunmatur uppi á herbergi, skoða verslanir í bænum og kynnast nýjum veitingastöðum í bland við góða tónlist og félagsskap vina,“ segir hann.

Óskar segist vera búinn að setja upp sína eigin dagskrá fyrir hátíðina. „Við erum búin að hlusta á Spotify-playlistann frá Iceland Airwaves og alltaf þegar við heyrum eitthvað sem okkur líst á, þá merkjum við hljómsveitina eða tónlistarfólkið í appinu og reynum að stilla smá dagskrá upp. Við erum ekki komin með pottþétta dagskrá fyrir þessa hátíð en ef ég þekki okkur rétt þá mun það skýrast rétt fyrir hátíðina. Svo er spurning hvað við náum að halda okkur við af því plani.

Það sem er mest spilað í stofunni heima núna eru lög með Cautious Clay, líst vel á hann. En svo finnum við alveg pottþétt eitthvað annað jafn spennandi á morgun, framboðið er svo mikið,“ segir Óskar.

# Kvikmyndir á vínylplötum

**Íslensk tónlist hefur á síðustu árum verið sterkt aðdráttarafl fyrir ferðamenn.**

Þótt Ísland sé lítið hefur íslensk tónlist vakið heimsathygli og sett landið á kortið. Airwaves Pro er tveggja daga ráðstefna sem verður haldin 7.-8. nóvember, tilgangur hennar er að tengja saman hér á Íslandi eina virtustu leiðtoga listabransans.

Einn þessara leiðtoga er Nelly Ben Hayoun. Nelly er einn virtasti hönnuður heims en hún hefur hlotið fjöldann allan af verðlaunum, síðast var hún í fyrsta sæti af 50 bestu kvenkyns fyrirlesurum af The Drum í janúar 2018. Nelly er líka kvikmyndagerðarmaður og hefur skrifað og leikstýrt þremur heimildarmyndum í fullri lengd. Á ráðstefnunni ætlar hún að tala um síðustu heimildarmyndina sína, I am (not) a Monster, sem fjallar um valdauppbyggingu og virkni þekkingar og það að hugsa. Nelly útskýrir að hún muni fara út í hvernig maður hugsar og hvernig maður breytir hugsunum í aðgerðir.



Nelly Ben Hayoun. Nelly er einn virtasti hönnuður heims og hefur hlotið fjöldann allan af verðlaunum. Hún er einnig kvikmyndagerðarmaður.

### Hugsar út fyrir kassann

Hún hlýtur að vita eitthvað sjálf um það, en listinn yfir það sem Nelly hefur framkvæmt er ansi langur. I am (not) a Monster er ekki bara dreift í myndbandsformi heldur er Nelly Ben í samstarfi við The Vinyl Factory um að dreifa myndinni á vínylplötum. Á ráðstefnunni ætlar Nelly að bjóða fólki að fá ókeypis vínylplötu til að geta hlustað á myndina. Nelly er þekkt fyrir að hugsa út fyrir kassann og brjóta upp hefðbundnar leiðir, en hún segir að ein áskorun kvikmyndaiðnaðarins í dag sé að finna nýjar leiðir til að dreifa myndum. Kvikmyndir á vínylplötum geta höfðað enn betur til kvikmynda- og tónlistarunnenda. Á ráðstefnunni ætlar hún að tala um hvernig listahöfundar geta unnið með kerfi tónlistariðnaðarins, sérstaklega þegar viðfangsefnið er tilraunakennt og er tjáð frá fjölbreyttum sjónarhornum.

### Háskóli á næturklúbbum

Árið 2017 stofnaði Nelly the University of the Underground, eða háskóla undirheimanna. Háskólinn er gjaldfrjáls og er kennt í næturklúbbum London, New York og Amsterdam. Nelly ætlar að fjalla um skólann á ráðstefnunni og segist vona að einhverjir Íslendingar muni hafa áhuga á að skrá sig. Skólinn styður óhefðbundnar rannsóknaraðferðir og gjaldfrjálst og landamæralaust nám. Opnað var fyrir umsóknir í skólann þann 28. október og fresturinn rennur út þann 18. nóvember.

Nelly hefur einu sinni áður komið til Íslands, en það var í tengslum við Geimsinfóníuna sem hún safnaði saman og stjórnaði. Geimsinfónían er fyrsta sinfónía geimvísindamanna og geimfara NASA, af fjölmörgum virtum tónlistarmönnum tók hljómsveitin Sigur Rós meðal annars þátt í verkefninu. Nelly segist að sjálfsögðu ætla að fara á tónlistarhátíðina sjálfa í ár, jafnvel að uppgötva nýja tónlistarmenn.




| | | | |
|---|---|---|---|
| **6. nóvember Miðvikudagur** | Canopy Reykjavík | 17.00 | Frid |
| | Canopy Reykjavík | 18.00 | Svavar Knútur |
| | Slippbarinn | 16.30 | Hildur |
| | Slippbarinn | 17.30 | Between Mountains |
| | Slippbarinn | 18.30 | JFDR |
| **7. nóvember Fimmtudagur** | Canopy Reykjavík | 17.00 | Ásta |
| | Canopy Reykjavík | 18.00 | Ceasetone |
| | Slippbarinn | 16.30 | Sóley |
| | Slippbarinn | 17.30 | Huginn |
| | Slippbarinn | 18.30 | Sykur |
| **8. nóvember Föstudagur** | Alda Hótel / Brass | 17.00 | Daði Freyr |
| | Alda Hótel / Brass | 18.00 | Sycamore Tree |
| | Reykjavík Konsúlat | 17.00 | Valborg Ólafs |
| | Reykjavík Konsúlat | 18.00 | Marteinn Sindri |
| | Canopy Reykjavík | 17.00 | Elísabet |
| | Canopy Reykjavík | 18.00 | Hrím |
| | Slippbarinn | 15.30 | KUL |
| | Slippbarinn | 16.30 | Matthildur |
| | Slippbarinn | 17.30 | Emmsjé Gauti |
| | Slippbarinn | 18.30 | Agent Fresco |
| **9. nóvember Laugardagur** | Alda Hótel / Brass | 17.00 | Teitur Magnússon |
| | Alda Hótel / Brass | 18.00 | Cell 7 |
| | Reykjavík Konsúlat | 17.00 | Mikael Lind |
| | Reykjavík Konsúlat | 18.00 | Elín Hall |
| | Canopy Reykjavík | 17.00 | Marteinn Sindri |
| | Canopy Reykjavík | 18.00 | Raven |
| | Slippbarinn | 15.30 | Warmland |
| | Slippbarinn | 16.30 | Bríet |
| | Slippbarinn | 17.30 | Hipsumhaps |
| | Slippbarinn | 18.30 | JóiPé x Króli |

ICELAND AIRWAVES · BRASS KITCHEN & BAR · ALDA HOTEL REYKJAVÍK · canopy REYKJAVÍK | CITY CENTRE · REYKJAVÍK KONSÚLAT HÓTEL · SLIPPBARINN CAFÉ • RESTAURANT • BAR

# Tímir ekki að slíta keðjuna

Emmsjé Gauti er ókrýndur konungur íslensku rapp- og hipphopp-senunnar. Hann kemur tvisvar fram á Iceland Airwaves í ár, bæði On- og Off-Venue, og segist ekki hjátrúarfullur 13. árið í röð.

Þegar maður er búinn að safna svona mörgum Airwaves-árum í röð tímir maður ekki að slíta keðjuna," segir Emmsjé Gauti sem stígur tvisvar á svið á Iceland Airwaves að þessu sinni, þrettánda árið í röð.

„Talan þrettán hefur engin áhrif á mig; ég er ekki vitund hjátrúarfullur," segir hann og skellir upp úr. Áður en sólóferill Emmsjé Gauta fór á flug fékk hann dýrmætt tækifæri á Iceland Airwaves.

„Ég ólst upp á Airwaves sem er frábær stökkpallur fyrir óreynda tónlistarmenn að stíga út fyrir þægindarammann og koma fram á almennilegum sviðum. Hátíðin er menningarviðburður sem Íslendingar mega ekki missa frá sér og líka mikilvægur vettvangur sem gefur listamönnum tækifæri til að kynnast blaðamönnum stórblaða í tónlistarheiminum sem og forstjórum sem hafa áhrif í alþjóðlegu tónlistarsenunni," segir Gauti og er fullur tilhlökkunar fyrir hátíðinni fram undan.

„Á Airwaves myndast orka sem er fyrirfinnst hvergi annars staðar. Hún stafar að hluta til vegna þess að áhorfendaskarinn er blanda af einlægum músíkunnendum og túristum. Fyrir mig er það enn meira krefjandi. Ég spila endalaust af tónleikum hér heima á ári hverju og er því farinn að lesa stemninguna nokk vel en Airwaves fylgir meiri óvissa og tilheyrandi stress sem umbreytist í jákvæða orku og drifkraft því ég syng á íslensku og það er mikil áskorun að ná upp sem mestri stemningu á giggi þar sem ekki tala allir íslensku."

### Spilar út öðruvísi korti

Á þrettán árum hefur Emmsjé Gauti komið fram á fleiri en hundrað Airwaves-tónleikum, bæði On- og Off-Venue.

„Airwaves er snilld og ég man ekki eftir leiðinlegu Airwaves-giggi því öll hafa þau haft sinn sjarma. Eitt eftirminnilegasta giggið var Off-Venue í jarðböðunum í Mývatnssveit. Þar var eitthvað mjög skemmtilegt í gangi, og síðan hef ég farið í tvígang norður í jarðböðin til að spila fyrir fólk sem svamlar um ofan í náttúruauðlind, sem er frekar ruglað fyrirbæri til að gigga við," segir Gauti og hlær við.




**Emmsjé Gauti gæðir sér hér á uppáhaldshamborgaranum sínum, hamborgara nr. 1, í Hagavagninum sínum við Vesturbæjarlaug.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hann mælir með því að fólk taki sér rölt í bænum og detti inn á óvænta Off-Venue-tónleika.

„Off-Venue er yndislegur partur af Airwaves og gefur hátíðinni enn meiri vigt. Mér þykir fagurt að fjölskyldufólki sé sinnt á sama tíma og haldin eru viðameiri gigg á börum. Sjálfum þykir mér skemmtilegast að sjá tónlistarmenn sem ég veit ekkert um og hef oftsinnis labbað inn á lítið Off-Venue snemma kvölds þegar enginn er kominn en það eru oft bestu giggin. Að sama skapi þykir mér einstakt að spila fyrir alla flóru fólks og börnin líka á Off-Venue-tónleikum þar sem áhorfendur voru ekki endilega á leið á tónleika en rráku inn nefið og skemmtu sér hið besta."

Emmsjé Gauti kemur fram On-Venue í Gamla bíói á fimmtudag kl. 23.20 og Off-Venue á Slippbarnum Marina á föstudag kl. 17.30.

„Það verður öllu tjaldað til, eins og alltaf. Margar hreyfingar og gimmik hafa orðið til á Airwaves og fólk má búast við því að við stokkum upp. Airwaves er enda vettvangur til að spila út öðruvísi korti og ég er spenntur fyrir því."




**Enska tónlistarkonan Georgia hefur vakið mikla athygli fyrir frumlega partítónlist sem hún blandar saman úr ýmsum ólíkum áhrifum.**

# Frumleg og fjörleg

Tónlistarkonan Georgia er fædd og uppalin í norðvesturhluta London. Hún leikur á fjölda hljóðfæra og spilar, semur og tekur upp alla tónlistina sína sjálf. Georgia spilar á Iceland Airwaves í Listasafni Reykjavíkur á fimmtudagskvöld kl. 20.50.

Georgia gaf út sína fyrstu plötu árið 2015. Hún var tekin upp í heimastúdíói og vakti strax athygli fyrir frumleika, en það varð strax ljóst að Georgia væri engri lík. Hún hefur svo fylgt breiðskífunni eftir með nokkrum smáskífum, en sú nýjasta, Never Let You Go, kom út í september. Þann 10. janúar er svo von á nýrri breiðskífu, sem nefnist Seeking Thrills.

Í tónlist Georgia blandast saman ýmis áhrif og hún er hröð, létt, tilfinningaþrungin og melódísk partítónlist sem ber keim af klúbbamenningu níunda og tíunda áratugarins.

Það munaði samt litlu að Georgia hefði aldrei orðið tónlistarkona. Hún var fengin til liðs við knattspyrnulið Queens Park Rangers þegar hún var barn og endaði með því að spila með nokkrum stúlkum sem enduðu í enska landsliðinu. Georgia fór seinna til kvennaliðs Arsenal en eftir að þjálfari hennar lést hætti hún í knattspyrnunni og fór að starfa sem trommari. Hún trommaði svo meðal annars fyrir Kwes og Kate Tempest áður en hún hóf sólóferilinn.

# Ný plata eftir sjö ár

Hljómsveitin Hjaltalín kemur fram í Listasafninu á fimmtudagskvöldið. Sigríður Thorlacius og Hjörtur Ingvi Jóhannsson segja að meðal annars verði flutt ný lög.

Síðasta platan kemur út í lok 2012 og við erum að leggja lokahönd á plötu núna. Við erum búin að vinna lengi að þessari plötu og hún er loksins að verða tilbúin," segir Sigríður. „Það er rosa sigur fyrir okkur og ákveðinn léttir." Hún segir nýju plötuna að vissu leyti frábrugðna en þó rökrétt framhald af fyrri plötu.

„Ég myndi segja að það væri lógískt framhald af síðustu plötu en það gerist auðvitað ýmislegt hjá fólki á svona löngum tíma sem hefur óneitanlega áhrif," útskýrir Sigríður. „Hún er ekki úr einhverri allt annarri átt en auðvitað eru einhverjar breyttar áherslur sem aðrir sjá kannski betur en við. Við náttúrulega lifum með efninu og sjáum ekki stórar breytingar en vissulega ákveðinn þroska í einhverja átt."

### Áhrif úr ýmsum áttum

Það er óhætt að fullyrða að meðlimir Hjaltalín séu fjölhæfir en þau hafa, samhliða vinnslu á nýju plötunni, verið önnum kafin við ýmis önnur tónlistarverkefni síðastliðin ár. Aðspurð hvort greina megi áhrif úr þessum ólíku áttum í nýja efninu segja þau að svo sé hiklaust. „Engin spurning. Það hefur áhrif eins og allt annað, fólk þroskast og fullorðnast og breytist sjálft, í sama takti og sem músíkantar. Við erum náttúrulega að vinna í ýmsum geirum," segir Sigríður.

Hjörtur tekur undir þau orð. „Á tímabili var Högni í GusGus og þá komu dálítil raftónlistaráhrif sem má að einhverju leyti heyra á nýju plötunni, svo var ég í námi í Hollandi frá 2011-2015, þá vorum við byrjuð á plötunni og þá fór ég meira að pæla í lagasmíðum, sem ég hafði ekkert endilega mikið verið í áður," segir Hjörtur. „Svo hefur Viktor verið mjög virkur úti í Berlín, verið að semja kvikmyndatónlist og vinna með mörgum. Hann hefur verið með mjög flottar strengjaútsetningar á plötunni. Þetta hefur allt skilað sér."



**Hjaltalín leggur nú lokahönd á nýja plötu.** MYND/KÁRI BJÖRN ÞORLEIFSSON

> Við höfum oft átt töfrandi stundir á hátíðinni þó að fyrsta skiptið sé líklega alltaf eftirminnilegast.
>
> **Hjörtur Ingvi Jóhannsson**

Hjaltalín kom fyrst fram á Airwaves árið 2006 í Þjóðleikhúskjallaranum. Bæði Sigríður og Hjörtur segja að það hafi verið einna eftirminnilegustu tónleikar hljómsveitarinnar á þessari hátíð.

„Við komum fyrst fram á Airwaves þegar við vorum að byrja í þessari mynd sem við erum í í dag árið 2006 í Þjóðleikhúskjallaranum. Það markaði eiginlega upphaf hljómsveitarinnar í þeirri mynd sem hún er í nú. Þá vorum við með þessi klassísku hljóðfæri og þá kom ég inn í fyrsta skipti. Við getum svolítið sett það sem mælistiku á hljómsveitina," segir Sigríður.

„Við höfum oft átt töfrandi stundir á hátíðinni þó að fyrsta skiptið sé líklega alltaf eftirminnilegast," segir Hjörtur. Þá segir hann hljómsveitina afar þakkláta í garð hátíðarinnar sem hafi mikla þýðingu fyrir tónlistarfólk hér á landi. „Við erum þakklát fyrir að fá tækifæri til að spila á þessum vettvangi, við höfum upplifað mikla vinsemd í okkar garð og þykir vænt um það, þetta er svona uppskeruhátíð þar sem maður getur séð hvað aðrir eru búnir að vera að gera og er bara mikils virði."

# ICELANDAIR × WAVES

## SÍÐAN 1999

Nú eru liðin 20 ár síðan Icelandair stóð fyrir tónleikaviðburði í flugskýli á Reykjavíkurflugvelli. Við þessar fábrotnu aðstæður steig Iceland Airwaves sín fyrstu skref. Við erum stolt af því að hafa frá upphafi verið aðalbakhjarl þessarar mögnuðu hátíðar sem kynnir ferska tónlist fyrir heimsbyggðinni.

Komið og fagnið með okkur á tónleikastað Icelandair í Listasafni Reykjavíkur, og á stórtónleikum Of Monsters and Men í Valshöllinni. Sjáumst hress!



ICELAND AIRWAVES

#SpiritofIceland #IcelandAirwaves

ICELANDAIR

# Góð stemning og fjölbreytileiki

Hljómsveitin Konfekt er skipuð þremur ungum tónlistarkonum og æskuvinkonum af Seltjarnarnesi, þeim Önnu Ingibjörgu Þorgeirsdóttur sem leikur á hljómborð og gítar auk þess að syngja, Evu Kolbrúnu Kolbeins sem leikur á trommur og Stefaníu Helgu Sigurðardóttur sem leikur á gítar, píanó og syngur bakrödd. Hljómsveitin kom fram á Músíktilraunum í maí þar sem hún lenti í öðru sæti. Þær koma fram á Hressingarskálanum miðvikudaginn 6. nóvember kl. 23 og hlakka til að gleðja gesti með tónlistinni sinni.

Stelpurnar fengu nokkrar spurningar til að svara.

*Hvað finnst ykkur skemmtilegast við Airwaves?*

Magnið af lifandi tónlist sem fyllir Reykjavíkurborg í nokkra daga og stemningin og fjölbreytileikinn sem fylgir því.

*Hvernig finnst ykkur skemmtilegast að upplifa hátíðina almennt?*

Það er skemmtilegast þegar maður fer á eins marga tónleika og maður kemst á og núna hlökkum við líka til að spila á hátíðinni og prófa þá hlið.

*Hvað hlakkið þið til að sjá í ár?*

Það er svo mikið sem við erum spenntar fyrir en getum nefnt OMAM, Vök, GDRN, Gabríel Ólafs og svo eru þar líka vinir okkar frá Músíktilraunum: Ásta, Blóðmör og Flammeus.



**Hljómsveitin Konfekt er ung og upprennandi.**

# Nýtt lag og tónleikar á Airwaves



**Hljómsveitin Seabear var að senda frá sér nýtt lag fyrir nokkrum dögum eftir langt hlé á þeim markaði.**

## Hljómsveitin Seabear var að senda frá sér nýtt lag eftir langt hlé, lagið Waterphone kom út síðastliðinn föstudag. Það mun án vafa heyrast á tónleikum hljómsveitarinnar á Iceland Airwaves

Meðlimir hljómsveitarinnar hafa sinnt öðrum verkefnum undanfarið en fara nú á fullt. Fyrsta plata hljómsveitarinnar kom út árið 2007.

Sindri Már Sigfússon segir að hljómsveitin hafi verið að vinna í nýju efni síðan hún ákvað að koma saman aftur. Fyrst kemur út lagið Waterphone en plata í fullri lengd er áætluð á næsta ári.

Í upphafi var Seabear eins manns hljómsveit en það breyttist þegar plötusamningur var í höfn. „Þá þurftum við að fara að spila á tónleikum. Við spiluðum og ferðuðumst víða um heim á árunum 2008-2010. Við gerðum tvær plötur á því tímabili,“ segir hann.

Sindri segir að á tónleikunum í Hafnarhúsinu ætli bandið að flytja jafnt ný sem eldri lög. Hann segist hlakka til hátíðarinnar og að sjá allar þessar nýju íslensku hljómsveitir sem hann hefur ekki áður séð á tónleikum. Hljómsveitarmeðlimir fyrir utan Sindra eru Örn Ingi Ágústsson, Halldór Örn Ragnarsson, Sóley Stefánsdóttir, Guðbjörg Hlín Guðmundsdóttir og Kjartan Bragi Bjarnason.

Tónleikar Seabear verða í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu kl. 22.30, laugardaginn 9. nóvember.






**Jón Gunnar Geirdal hlakkar mikið til Iceland Airwaves um þarnæstu helgi.**

# Bærinn lifnar við

Jón Gunnar Geirdal var spurður nokkurra spurninga um Iceland Airwaves og hér koma svörin.

*Hvað finnst þér skemmtilegasta við Iceland Airwaves?*

Ég elska hvað borgin lifnar við á þessari geggjuðu hátíð og eitt það allra besta er að ráfa um miðborgina og detta bara inn á tónleika með einhverjum, einhvers staðar og upplifa eitthvað einstakt – láta koma sér á óvart. Svo er Off-Venue stemningin algjörlega geggjuð.

*Hvernig finnst þér skemmtilegast að upplifa hátíðina almennt?*

Airwaves krefst ákveðins skipulags, beinagrind að þessu helsta sem þú vilt sjá ásamt því að koma sér tímanlega á tónleikastaði, en lykillinn er að sætta sig við það fyrir hátíðina að þú munt ekki sjá allt, enda engin ástæða til. Finna sér ákveðinn tónleikastað þegar líður á kvöldið, skjóta rótum og fíla sig bara með jökulkaldan Classic. Svo má líka taka gowiththeflow-fíling, ákveða ekkert og enda bara einhvers staðar í stemningu, þetta er Airwaves og gaman alls staðar. En besta upplifunin er að taka túristann á þetta, leigja sér hótel í bænum og upplifa hátíðina eins og maður sé túristi-í-eiginlandi, tók það nokkrum sinnum og það voru skemmtilegustu hátíðarnar.

*Ertu byrjaður að setja upp þína dagskrá í ár? Ef já, hvað er á planinu?*

Ég er aðeins byrjaður að skipuleggja en svo gerist þetta meira þegar nær dregur. Planið fyrir gamlar Airwaves-rottur eins og mig er oftast afar einfalt enda svo sjóaður í festivalinu.

*Hvað hlakkar þú mest til að sjá í ár?*

Ég er alltaf mest spenntur fyrir þessum innlendu hljómsveitum og alltaf gaman að sjá eitthvað alveg nýtt.

Annars er þetta það sem ég er mest peppaður fyrir:

Auður sem er minn uppáhalds tónlistarmaður í dag, GDRN sem er himnesk, Hipsumhaps sem er eitt það allra skemmtilegasta sem hefur komið fram í íslenskri textasmíð, grúppían. Ég þarf svo að sjá JóaPéxKróla, Emmsjé Gauta, Aron Can og goðsögnina Cell7 sem er tryllt live.

Tómas Welding finnst mér spennandi, John Grant og OMAM er skyldumæting, Vök eru æðisleg, Hugar nauðsynlegir fyrir núvitundarástand undirritaðs og svo held ég að Velvet Negroni sé partí sem gæti komið á óvart.



ERT ÞÚ KLÁR
Í VEIÐINA?
Icebreaker
ullarhúfa
6.490 kr.
Osprey
bakpoki
21.990 kr.
Ferrino
flíspeysa
22.990 kr.
Ferrino
vatns- og
vindheldur jakki
39.990 kr.
Icebreaker
síðerma ullarbolur
13.990 kr.
Icebreaker
ullarvettlingar
5.900 kr.
Icebreaker
ullarnærbuxur
6.590 kr.
Ferrino
fóðraðar göngubuxur,
vind- og vatns-
fráhrindandi
29.990 kr.
Icebreaker
ullarbuxur
12.990 kr.
icebreaker
MERINO
OSPREY
Ferrino
legghlífar
7.990 kr.
AKU
Icebreaker
ullarsokkar
3.990 kr.
AKU
Superalp
gönguskór
39.990 kr.
FERRINO
GSI
OUTDOORS
Bolli m/karabínu
2.490 kr.
GSI brúsi heldur heitu
eða köldu
6.190 kr.
Neyðarskýli 8.990 kr.
Jobe Gleraugu 9.990 kr.
Vatnsheldar lúffur/skeljar
12.990 kr.
Vatnsheldir hanskar
5.990 kr.
Lambhúshetta m/vindvörn
7.990 kr.
Nalgene
vatnsbrúsi
2.990 kr.
Höfuðljós 185Lum
11.490 kr.
Ferðasessa
1.590 kr.
Áttaviti
14.690 kr.
Hálkubroddar
6.990 kr.
Osprey Talon 33L 21.990 kr.
GG•sport
Smiðjuvegur 8, Græn gata, 200 Kópavogi • sími: 571 1020 • www.ggsport.is
Fylgstu með okkur á
Facebook og á Instagram


SMART FÖT, FYRIR SMART KONUR
NETVERSLUN WWW.TISKUHUS.IS
My Style tískuhús
Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464

Ný sending
Str. M-XXXL

Kr. 7.900.-
Kr. 8.900.-
Kr. 8.900.-
Kr. 8.900.-
Rita
Við erum á Facebook
Bæjarlind 6 • S. 554 7030

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —
89%
Með því að auglýsa í Atvinnublaðinu nær þitt fyrirtæki til 89% lesenda dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu.


# Vatnsheldir vetrarskór

**Það er fátt verra en að verða kalt og blotna í fæturna. Til að njóta útiveru í vetur er því mikilvægt að eiga hlýja og vatnshelda skó. Gúmmístígvél eru mjög góður kostur**

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is

Oft eru vetrarskór stórir og klunnalegir og ekki endilega mikið fyrir augað. En það er þó hægt að finna skó sem geta gengið upp bæði við fínni tilefni að vetri og henta vel til gönguferða í snjónum. Slíkir skór henta vel þegar fólk vill kannski fara eitthvað fínt út að borða og vill geta gengið að veitingastaðnum án þess að frjósa á tánum eða blotna í gegn, en vill þó ekki líta út eins og ferðinni sé heitið í fjallgöngu á Everest.

Ef marka má tískusýningarpallana undanfarin misseri virðast stígvél vera í tísku. Stígvél eru mjög hentugur skófatnaður við hin ýmsu tilefni. Flestir tengja þau eflaust við útiveru í rigningu, garðvinnu eða útilegur. En þegar vetrartískan 2019-2020 var kynnt bæði í London og Mílanó mátti sjá fyrirsætur í stígvélum við fínni föt. Stígvél eru ef til vill frekar köld á köldustu vetrardögunum hér á Íslandi en kosturinn við þau eru að auðvelt er að vera í þeim í ullarsokkum og þá eru komnir hinir fínustu vetrarskór.


Klassísk svört pollastígvél sáust á tískupöllunum með vetrartískunni í Kína. NORDICPHOTOS/GETTY


Stígvél geta tekið á sig ýmsar myndir. Þessi háhæluðu gúmmístígvél minna einna helst á gula leðurskó frá 8. áratug síðustu aldar.


Þessi stígvél minna svolítið á frystihús. Hér er fyrirsæta í hversdagslegum kjól við hvít gúmmístígvél.


Fyrirsæta í Mílanó skartar stígvélum við sparilegan svartan kjól.


Hér eru svört gúmmístígvél notuð við snyrtilegar buxur, skyrtu og jakka. Tilvalinn veisluskóbúnaður.

# Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Þjónusta

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**REGNBOGALITIR EHF.**
Alhliða málningarþjónusta. Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinna löggilltra fagmanna. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Smiður getur bætt við sig verkum Uppl. Sveinn s. 6912218

### Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

**NUDD - NUDD**
Úrvals nudd í miðbæ Kópavogs sími 888 6618 Elísabet.

### Önnur þjónusta



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
**Tímapantanir í síma 864-1273**

## Keypt & Selt

### Til sölu




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.




### Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**
**Upplýsingar í síma 782 8800**

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

Ódýr íbúð til sölu/leigu á Skagaströnd. Uppl. S: 847 8446

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500






**Honda CR-V Executive**
Nýskráður 3/2018, ekinn 13 þús.km., dísel, sjálfskiptur 9 gírar.
Verð kr. 4.990.000
Afborgun kr. 62.235 á mánuði.*



**Honda CR-V Elegance**
Nýskráður 4/2017, ekinn 65 þús.km., dísel, sjálfskiptur 9 gírar.
Verð kr. 3.790.000
Afborgun kr. 47.307 á mánuði.*



**Honda Civic Elegance**
Nýskráður 3/2018, ekinn 12 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 2.990.000
Afborgun kr. 37.354 á mánuði.*



**Ford Kuga Titanium S**
Nýskráður 12/2012, ekinn 120 þús.km., dísel, sjálfskiptur 6 gírar.
Tilboð kr. 1.690.000
Afborgun kr. 27.711 á mánuði.*



**Honda Jazz Trend**
Nýskráður 3/2018, ekinn 32 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 1.990.000
Afborgun kr. 24.914 á mánuði.*

*Afborgun miðast við 80% lánshlutfall í 7 ár. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 8,94%

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

## Fasteignir

**EIGNAMIÐLUN**
GRENSÁSVEGUR 11 SÍMI 588 9090

**KÁRSNESBRAUT 45, 200 KÓPAVOGUR**




STÓRAR STOFUR - RÚMGOTT ELDHÚS - GLÆSILEGT ÚTSÝNI - BÍLSKÚR - NÝLEGA VIÐGERT HÚS. 164.0 fm 5 herb. efri sérhæð í vel staðsettu húsi á flottum útsýnisstað. Íbúðin er 136 fm og bílskúrinn er skráður 28 fm. **V. 59,9 m.**

**Opið hús fimmtudaginn 31. október milli kl. 17:15 og 17:45**

**Nánari uppl. Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s. 899 1882, thorarinn@eignamidlun.is**

**HÓLMGARÐUR 66**
108 Reykjavík








**Falleg og vel skipulögð 62,4 fermetra 2ja herbergja íbúð á jarðhæð á þessum eftirsótta stað í 108 Reykjavík.**

- Mikið endurnýjuð eign.
- Sérinngangur og timburverönd til suðurs.

Verð: **38,4 millj.**



Nánari upplýsingar veitir:
**Páll Þórólfsson** lögg. fasteignasali
pall@miklaborg.is **sími:** 893 9929

**MIKLABORG** 569 7000 · Lágmúla 4 · miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

**VANTAR 10.000 fm**
**atvinnuhúsnæði til leigu á höfuðborgarsvæðinu eða Suðurnesjum.**

- Er að leita að atvinnuhúsnæði til leigu í kringum 10.000 fm á höfuðborgar-svæðinu eða Suðurnesjum.
- Hluti húsnæðisins má vera í kjallara.



Nánari upplýsingar:
**Gunnar S. Jónsson,** lögg. fasteignasali
gunnar@miklaborg.is **sími:** 899 5856

**MIKLABORG** 569 7000 · Lágmúla 4 · miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

## Atvinna

# Ef þú ert með rétta starfið – erum við með réttu manneskjuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

**Capacent_**

capacent.is

# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

EYJALIND

**Gúmmíbelti**
- Fyrir smágröfur



Vertu vinur okkar á Facebook
**Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is**



**Göngubraut: 69.500,-**
Hámarks þyngd notanda: 110 kg.
8 prógröm.
Hátalarar og MP3 fyrir gsm síma.
Hámarks hraði 14 km/klst.
Stærð brautar: 42x115 sm.
Afgreitt alla daga. Uppl. í síma 661-1902.
Bíldshöfða 16, Rvk.
PREKTÆKI

**LED leiðiskrossar**



- Gengur fyrir raf-hlöðum eða tengist rafmagni.
- Rafhlaða endist um það bil í einn mánuð.

**Upplýsingar í s. 699 6869 og rafeindir.is**

**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

**viftur.is**
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir
**íshúsið**



S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

**BIBLE TALKS IN ENGLISH**
WILL BE HELD IN
**MENNINGARHÚS Grófinni**
Tryggvagötu 15 on the 5th floor, 101 REYKJAVIK
Thurs. Oct. 31: 6-7 pm
Sat. Nov. 2 and Sun. Nov.3: 4-5 pm
We present no new doctrine,
but uphold all that Jesus lived and taught.
**Everybody is welcome!**
Vibeke Schaffalitzky & Karen Lund

Alla fimmtudaga og laugardaga

gudruninga@frettabladid.is

# SPORT 24

## Íþróttavöruverslun




## 20%-30% afsláttur af nýjum vörum

## Öll helstu merkin á einum stað

adidas · NIKE · ENDURANCE ATHLECIA · hummel · PUMA

**SPORT24 Miðhrauni 2 Garðabæ**

Opið virka daga 11-18
Laugardaga 11-18
Sunnudaga 13-18

Sími 553 0700
NÆG BÍLASTÆÐI

**SPORT24 Sundaborg 1 Reykjavík**

Opið virka daga 11-18
Laugardaga 11-16
Sunnudaga Lokað



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Rannveig Ísfjörð**

Grænumörk 2, Selfossi,

lést á Landspítalanum í Fossvogi þann 27. október.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Við þökkum auðsýnda samúð og vináttu vegna andláts

**Benedikts Einars Guðbjartssonar**

Sérstakar þakkir til starfsfólks á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi.

**Edda Hermannsdóttir og fjölskylda.**



✝

Ástkær sonur okkar, bróðir og mágur,

**Hallgrímur Þormarsson**

veitingastjóri á Hótel Búðum,

lést af slysförum 27. október.
Útförin fer fram frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 7. nóvember kl. 13.00.

**Þuríður Hallgrímsdóttir** — **Finnbogi Kjartansson**
**Þormar Ingimarsson** — **Þórunn Stefánsdóttir**
**Kjartan Henry Finnbogason** — **Helga Björnsdóttir**
**Fjóla Finnbogadóttir** — **Davíð Sigurbergsson**
**Ása Lind Finnbogadóttir**
**Thelma Þormarsdóttir** — **Óskar Örn Hauksson**
**Rakel Þormarsdóttir** — **Auðunn Blöndal**
**Bryndís Begga Þormarsdóttir**
**Einar Ólafsson** — **Kahina Ólafsson**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sverrir Guðvarðsson**

Hlaðhömrum 2 (áður Fálkahöfða 4),

lést á Landakotsspítala þriðjudaginn 22. október. Sérstakar þakkir til starfsfólks Landakotsspítala L2 fyrir frábæra umönnun. Útför hans fer fram frá Áskirkju föstudaginn 1. nóvember klukkan 14.00.

**Sigríður Bjarnason**
**Hjálmar Sverrisson**
**Oddrún Sverrisdóttir** — **Gísli Guðmundsson**
**Sverrir Sverrisson** — **Kristrún Leifsdóttir**
**Pétur Sverrisson** — **Helena Ragnarsdóttir**
**Karl Friðrik Sverrisson** — **Susan Ellekær**
**Birgir Þór Sverrisson** — **Kolbrún Eva Valtýsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Okkar elskulegi

**Valdimar Bjarnason**

Þorlákshöfn,

lést mánudaginn 21. október.
Útförin fer fram frá Þorlákskirkju laugardaginn 2. nóvember kl. 13.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Píeta samtökin.

**Þorbjörg Jónína Magnúsdóttir**
**Bjarni Már Valdimarsson** — **Eva María Hilmarsdóttir**
**Bryndís Ósk Valdimarsdóttir**
**Magnús Þór Valdimarsson** — **Lilja Margrét Sigurðardóttir**
**Salka Liljan Bjarnadóttir**
**Bjarni Valdimarsson** — **Guðfinna Karlsdóttir**
**Magnús Snorrason** — **Friðgerður Pétursdóttir**
**Þóra, Emma og Sandra Bjarnadætur og fjölskyldur,**
**Pétur, Jón, Arnþór og Fjóla Rós Magnúsarbörn**
**og fjölskyldur.**

**Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?**

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is.
Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot



**Örtröð var á McDonald's síðustu vikuna fyrir lokun.** FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Fengum fágaða borgara við brotthvarf McDonald's

**Um mánaðamótin verða tíu ár frá því að bandaríski skyndibitarisanum McDonald's var lokað á Íslandi. Lokunin var tilkynnt með viku fyrirvara og úr varð örtröð á stöðunum. Hamborgaraunnandi segir hamborgaraflóruna hafa blómstrað í kjölfarið.**

Mér fannst eins og Ísland hefði fengið sjálfstæðið aftur þegar McDonald's fór. Í staðinn höfum við fengið mun fágaðri hamborgara," segir Curver Thoroddsen, listamaður og hamborgaraunnandi. Um mánaðamótin verða liðin tíu ár frá því að McDonald's hætti á Íslandi eftir 16 ára dvöl.

Greint var frá því í fréttum 26. október 2009 að McDonald's yrði lokað um mánaðamótin. Mikið fát kom á almenning sem hafði fram að því litið á skyndibitakeðjuna sem sjálfsagðan hlut í matarflórunni. Á forsíðu Fréttablaðsins fyrir tíu árum var mynd af örtröð fyrir utan McDonald's í Faxafeni.

„Salan hefur ekki bara magnast, hún fór í túrbó. Öll þessi vika hefur verið undirlögð, frá morgni til kvölds," sagði Jón Garðar Ögmundsson, rekstraraðili McDonald's. Seldust um 10 þúsund hamborgarar á dag og þurfti að bæta við starfsfólki. Á fimmtudeginum 29. október kláruðust allir BigMac-borgararnir um tíma.

Ástæða brotthvarfs skyndibitarisans var efnahagsumhverfið á Íslandi. Samkvæmt kröfum og stöðlum McDonald's þurfti að kaupa inn kjöt, ost, grænmeti og annað að utan, sem var mjög óhagstætt eftir gengishruninu auk hárra tolla. Í stað McDonald's kom Metro, sambærilegur skyndibitastaður sem notaði innlent hráefni. Á síðasta deginum kostaði einn hamborgari 230 krónur.

Curver framdi umtalaðan gjörning árið 2003 þegar hann borðaði hamborgara í öll mál í heila viku. Hann byrjaði gjörninginn á McDonald's. „Það var táknrænt fyrir Hamborgaratúrinn að byrja á McDonalds. Bæði er hamborgarinn sjálfur tákn skyndibita og dægurmenningar, svo er McDonald's toppurinn á því," segir Curver.

Hann segir að þegar skyndibitarisinn yfirgaf Ísland fyrir áratug hafi honum þótt það jákvæð þróun þó svo að borgararnir hafi verið góðir á bragðið. „Það voru margir mjög ánægðir þegar McDonald's kom árið 1993, að þá værum við orðin þjóð meðal þjóða. Ég leit öfugt á það, því þegar McDonald's fór þá fékk Ísland aftur sjálfstæðið frá amerísku nýlenduherrunum."

Curver á enn þá umbúðirnar utan af stjörnumáltíðinni sem hann snæddi snemma á öldinni og eru þær nú safngripur. Aðspurður hvaða þýðingu það hafi haft að missa McDonald's, nú þegar litið er áratug aftur í tímann, segir Curver það hafa leitt til mikillar grósku í hamborgurum. „Það hefur orðið mjög góð þróun frá skyndibitahamborgurum yfir í svokallaða sælkeraborgara. Við urðum laus undan vissri áþján þegar McDonald's fór. Í dag er miklu meiri breidd en fyrir áratug." **arib@frettabladid.is**



**Curver Thoroddsen framkvæmdi gjörning árið 2003 þar sem hann borðaði ekkert nema hamborgaratilboð. Fyrsti bitinn var tekinn á McDonald's.** FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Gunnar Karlsson**

sagnfræðingur og prófessor emeritus,

lést á hjartadeild Landspítalans, 28. október.
Útförin fer fram frá Dómkirkjunni mánudaginn 4. nóvember kl. 12.

**Silja Aðalsteinsdóttir**
**Sif Gunnarsdóttir** — **Ómar Sigurbergsson**
**Sigþrúður Gunnarsdóttir** — **Jón Yngvi Jóhannsson**
**Elísabet Gunnarsdóttir** — **Sighvatur Arnmundsson**
**Áróra, Valgerður, Silja, Steinunn, Arnmundur,**
**Aðalsteinn, Ragnar Þorlákur**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Unnur Stefánsdóttir**

Ægisgötu 16b, Akureyri,

lést fimmtudaginn 24. október síðastliðinn á Sjúkrahúsinu á Akureyri.
Jarðarförin fer fram þriðjudaginn 5. nóvember nk. kl. 13.30 í Akureyrarkirkju.

**Björn Snæbjörnsson** — **Magga Kristín Björnsdóttir**
**Sigurbjörg Snæbjörnsdóttir**
**Stefán Sigurður Snæbjörnsson** — **Randi Aarseth**
**Kristinn Snæbjörnsson** — **Kristín Sigurbjörg Jóhannsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


ALLT Í RJÚPNAVEIÐINA
Benelli
SAVAGE ARMS
BERETTA
FRANCHI
Beretta A400 Plus
Benelli Raffaello BE Diamond
Franchi Affinity 3 Max5
Bettinsoli
Bushnell Prime
kr. 28.900
Rjúpnavesti Game Vest X
ný hönnun á vesti fyrir veiðar á rjúpu
kr. 24.900
Húfa
kr. 2.490
Broddar
kr. 7.900
Skot vettlingar
kr. 7.890
MERINO ullarnærföt
Legghlífar
kr. 9.995
kr. 5.990
kr. 5.690
kr. 6.290
Sokkar
kr. 2.790
Haglaskot
HIGH PHEASANT EXTREME
ULTRAMAX
kr. 2.490
kr. 2.890
Vesturröst
2019 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
Sérverslun veiðimannsins - Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - www.vesturrost.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

| Staður | Hiti °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 5 | 2 ↘ |
| Ísafjörður | 0 | 5 ↘ |
| Akureyri | 4 | 10 ↗ |
| Egilsstaðir | 4 | 3 ↑ |
| Kirkjubæjarkl | 3 | 1 ↘ |
| Hveravellir | -3 | 3 → |

Suðvestan 3-10 m/s, hvassast norðvestan til. Rigning eða súld á köflum, en þurrt að kalla á austanverðu landinu. Hiti víða 2 til 7 stig.

## Föstudagur

| Staður | Hiti °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 3 | 3 ← |
| Ísafjörður | 1 | 2 ↙ |
| Akureyri | -1 | 1 ↑ |
| Egilsstaðir | 0 | 0 ○ |
| Kirkjubæjarkl | 3 | 2 ↘ |
| Hveravellir | -4 | 6 ↗ |

## Laugardagur

| Staður | Hiti °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 2 | 3 ← |
| Ísafjörður | 1 | 2 ↙ |
| Akureyri | -2 | 0 ○ |
| Egilsstaðir | 0 | 1 ↙ |
| Kirkjubæjarkl | 3 | 1 ↙ |
| Hveravellir | -4 | 2 ↘ |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 2 | | | 4 | 5 |
| | | 8 | | 4 | 3 | | | |
| 9 | | 2 | 1 | | 8 | 3 | | |
| 1 | 3 | 5 | | | | | | 7 |
| | | 9 | | 8 | | 5 | | |
| 7 | | | | 3 | 2 | | | 9 |
| | | | | | | | 2 | |
| | 5 | | | | | | 6 | |
| 3 | | 7 | | 9 | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | | | 7 | 2 | | |
| 2 | | 7 | 5 | | | 9 | | |
| | | | 8 | | | | | 7 |
| | 2 | 1 | | | | | 8 | 5 |
| | | | | | | 6 | 4 | |
| | | 8 | | 2 | 3 | 7 | | |
| | 6 | 5 | | | | 8 | | |
| | 4 | | | | 6 | | | 9 |
| | | 9 | 3 | 1 | | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | | | 1 | 4 | | |
| 8 | 6 | 3 | | | | | 5 | 7 |
| | 1 | | 5 | | | | | 3 |
| 4 | | | | | | 3 | | |
| 1 | 2 | | | | 6 | | 8 | |
| 3 | | | | | 4 | | | 1 |
| 5 | 3 | 2 | | | 7 | | | |
| | | 9 | | 4 | | | | |
| | | | 6 | | | | | 9 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 kk. nafn
5 einkar
6 óður
8 stroka
10 átt
11 skjögt
12 titill
13 gabb
15 gimsteinn
17 sóðast

**LÓÐRÉTT**
1 lagast
2 gælunafn
3 spori
4 stagar
7 tvístrast
9 troða
12 urt
14 nugga
16 freri

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1 jakob, 5 all, 6 ær, 8 flótti, 10 na, 11 rið, 12 jarl, 13 snuð, 15 túrkis, 17 atast. **LÓÐRÉTT:** 1 jafnast, 2 alla, 3 kló, 4 bætir, 7 riðlast, 9 traðka, 12 jurt, 14 núa, 16 ís.

## Skák Gunnar Björnsson

Weber átti leik gegn Heemsoth árið 1973.

**1. Ha8+! 1-0.** Svartur er óverjandi mát í tveimur leikjum.

**www.skak.is:** EM landsliða.

Svartur á leik



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 4 | 5 | 9 | 2 | 6 | 1 | 3 | 7 |
| 2 | 9 | 6 | 3 | 1 | 7 | 5 | 4 | 8 |
| 1 | 7 | 3 | 5 | 4 | 8 | 6 | 9 | 2 |
| 6 | 1 | 4 | 7 | 8 | 5 | 3 | 2 | 9 |
| 5 | 8 | 9 | 6 | 3 | 2 | 4 | 7 | 1 |
| 3 | 2 | 7 | 1 | 9 | 4 | 8 | 5 | 6 |
| 7 | 3 | 1 | 4 | 6 | 9 | 2 | 8 | 5 |
| 9 | 6 | 8 | 2 | 5 | 3 | 7 | 1 | 4 |
| 4 | 5 | 2 | 8 | 7 | 1 | 9 | 6 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 4 | 8 | 1 | 6 | 5 | 2 | 3 | 7 |
| 3 | 6 | 5 | 2 | 7 | 4 | 9 | 8 | 1 |
| 1 | 7 | 2 | 3 | 8 | 9 | 4 | 6 | 5 |
| 7 | 3 | 1 | 4 | 9 | 8 | 6 | 5 | 2 |
| 2 | 8 | 6 | 5 | 3 | 1 | 7 | 4 | 9 |
| 4 | 5 | 9 | 6 | 2 | 7 | 3 | 1 | 8 |
| 6 | 1 | 3 | 7 | 5 | 2 | 8 | 9 | 4 |
| 8 | 2 | 4 | 9 | 1 | 3 | 5 | 7 | 6 |
| 5 | 9 | 7 | 8 | 4 | 6 | 1 | 2 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 8 | 7 | 1 | 2 | 3 | 4 | 6 | 5 |
| 3 | 2 | 4 | 6 | 8 | 5 | 7 | 9 | 1 |
| 1 | 5 | 6 | 4 | 9 | 7 | 3 | 8 | 2 |
| 6 | 1 | 5 | 9 | 7 | 8 | 2 | 3 | 4 |
| 4 | 3 | 8 | 2 | 5 | 6 | 1 | 7 | 9 |
| 2 | 7 | 9 | 3 | 1 | 4 | 6 | 5 | 8 |
| 5 | 9 | 1 | 7 | 3 | 2 | 8 | 4 | 6 |
| 7 | 4 | 2 | 8 | 6 | 9 | 5 | 1 | 3 |
| 8 | 6 | 3 | 5 | 4 | 1 | 9 | 2 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.


KEBE
Hvíldarstólar
Tegundir: Rest og Fox



Opið virka daga 11-18 laugardaga 11-15
Komið og skoðið úrvalið
NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN



LÍFIÐ ER Á FRETTABLADID.IS
Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, menningu, tísku, heilsu og margt fleira.



Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Stærsta efnisveita landsins með íslenskt sjónvarpsefni

Vandað íslenskt sjónvarpsefni, nýjustu erlendu þáttaraðirnar, barnaefni með íslensku tali og hátt í þúsund kvikmyndir.

Verð aðeins **3.990 kr./mán.**




MARAÞON

Tryggðu þér áskrift
**stod2.is | 1817**

# HITUM UPP

## Í TÖLVUTEK ER EITT MESTA ÚRVAL




**14" FHD IPS**
Ultra-Narrow og Privacy Shutter
**Intel i5-1035G1**
3.6GHz Turbo Quad Core Gen10
**8GB minni**
DDR4 2666MHz
**256GB SSD**
NVMe diskur
Lenovo

**Ideapad S340** **119.990**
Ný lúxus kynslóð með baklýst lyklaborð, 10 tíma rafhlöðu með hraðhleðslu og Dolby Audio hljóðkerfi
**Tíunda kynslóð öflugri Intel örgjörva**




**GTX 1050**
3GB GeForce leikjaskjákort
**Intel i5 9300H**
4.1GHz Turbo Quad Core
**8GB minni**
DDR4 2400MHz
**256GB SSD**
NVMe diskur
Lenovo

**Ideapad L340** **129.990**
Nýjasta kynslóð öflugri leikjafartölva með Ambient Lighting leikjalyklaborð og Dolby Audio hljóðkerfi
**Nvidia GTX 1050 3GB leikjaskjákort**




**7T PRO McLaren** **149.990**
Einstök upplifun! McLaren viðmót og útlit með einstakt Carbon Fiber hulstur með Alcantra ítölsku efni
**Einstök lúxus útgáfa í takmörkuði magni**




**GTX 1060**
6GB VR Ready leikjaskjákort
**Intel i5 8400**
6 kjarna 4.0GHz Turbo
**8GB minni**
DDR4 2666MHz
**256GB SSD**
og 1TB harðdiskur

**LEGION C530 Cube** **149.990**
Fullkominn leikjaturn með LED lýsingu og handfangi




**GLORIOUS MODEL O** **9.990**
Loksins fáanleg á Íslandi léttasta RGB leikjamúsin!




**22" FHD IPS**
Razor-thin border
**Intel G5400T**
Pentium Gold Dual 3.1GHz
**4GB minni**
DDR4 2400MHz
**1TB diskur**
Nóg pláss fyrir allt:)
Lenovo

**IdeaCentre AIO 520** **79.990**
Glæsileg 22" skjátölva með Privacy vefmyndavél




**PS4 PRO+FIFA20**
1TB diskur og einn stýripinni
**67.990**




**27" BENQ GW2780**
Glæsilegur 27" IPS FHD skjár
**29.990**




**DUCKY ONE 2**
Alvöru Mekaniskt leikjalyklaborð
**19.990**




**TRUST LEIKJASTÓLL**
Glæsilegur GXT 707 leikjastóll frá Trust
**29.990**




**1TB FERÐAFLAKKARI**
Backup Plus Slim með tímamóta hugbúnaði
**9.990**

**Opnunartímar**
Virka daga 10-18
Laugardaga 11-16

**TÖLVUTEK**

Reykjavík • Mörkin 3 • 563 6900
Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

# FYRIR JÓLIN

## LANDSINS AF ÖLLU FYRIR TÖLVUNA




31. október 2019 • Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

**SENDUM FRÍTT**
Um land allt allar vörur allt að 10 kg.

**TÖLVUTEK**

Reykjavík • Mörkin 3 • 563 6900
Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

# Áttunda kynslóð VW Golf frumsýnd í Wolfsburg

Kemur fyrst beinskiptur en aðalsölubíllinn sem er 150 hestafla sjálfskiptur verður kynntur með vorinu hérlendis.



Njáll Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is

VW frumsýndi nýja kynslóð VW Golf í síðustu viku í höfuðstöðvum sínum í Wolfsburg og þó að útlit bílsins sé engin bylting segja hönnuðir VW að upplýsingakerfi bílsins sé það og meira til. Mælaborðið er nú að mestu leyti stafrænt sem er óvanalegt í þessum stærðarflokki. Volkswagen hefur sterkar stoðir í þessum bíl því að Golf er söluhæsti bíll Evrópu og hefur verið í fararbroddi í fjóra áratugi og selst í meira en 35 milljónum eintaka. Bíllinn kemur á markað í Evrópu í desember en á Íslandi á nýju ári.

„Við fáum fyrst beinskiptu bílana upp úr áramótum en aðalsölubíllinn okkar verður auðvitað sjálfskipti 150 hestafla bíllinn í mildri tvinnútgáfu, en hann er væntanlegur með vorinu,“ segir Jóhann Ingi Magnússon, vörumerkjastjóri Volkswagen, í viðtali við Fréttablaðið. „Sambærilegir bílar verða á svipuðum verðum milli kynslóða en þessar mildari tvinnútgáfur hækka bílinn örlítið í verði. Tengiltvinnútgáfurnar tvær verða svo kynntar næsta haust,“ segir Jóhann enn fremur.

Nýja mælaborðið í Golf er nánast alveg stafrænt og gildir einu hvort um skjái eða takka er að ræða. Skjáir eru snertiskjáir og takkar með snertivirkni. Í mælaborðinu er innbyggt mótald sem tengir hann við höfuðstöðvar Volkswagen svo hægt verður að senda hugbúnaðaruppfærslur gegnum netið. Einnig gefur þetta möguleika fyrir eigendur bílanna að tengjast þeim í gegnum síma sína svo hægt er að sjá til dæmis hvort kveikt sé á ljósum.



Mesta útlitsbreytingin er á framendanum þar sem lægra húdd gerir nýju díóðuljósin þynnri.



Byltingin er innandyra í nýjum Golf með nýjum 10 tommu upplýsingaskjá og nú þarf ekki lengur að tengja til að Apple Carplay virki. MYND/ VW NEWSROOM

**» Sjálfvirkni í akstri nær nýjum hæðum hjá VW í nýjum Golf, en hann er fyrsti bíllinn frá framleiðandanum með Car2X samskiptabúnaðinum sem varað getur ökumann við hugsanlegri hættu.**

Sjálfvirkni í akstri nær nýjum hæðum hjá VW í nýjum Golf, en hann er fyrsti bíllinn frá framleiðandanum með Car2X samskiptabúnaðinum sem varað getur ökumann við hugsanlegri hættu sé hinn bíllinn búinn slíkum búnaði. Þar sem að VW Golf er vinsælasti bíll Evrópu er ekkert skrýtið að VW velji Golf til að kynna þennan nýja búnað. VW Golf er einnig hálfsjálfkeyrandi eins og það er kallað, en hann getur stýrt, aukið og minnkað hraða á þjóðvegi á allt að 210 km hraða, en ökumaður verður þó að hafa aðra hönd á stýri á meðan.

Þeir sem eru svo heppnir að eiga Samsung síma munu geta opnað bílinn með símanum og loks er Alexa, hjálparhellan frá Amazon, innbyggð í nýja Golfinn. Í nýjum Golf verður hægt að velja um fimm tvinnútgáfur. Þrjár þeirra eru svokallaðar mildari tvinnútgáfur með 48V rafkerfi, beltaknúnum startara og 48V litíumrafgeymi. Þær gerðir kallast eTSI og verða með 110, 130 og 150 hestafla bensínvélum. Einnig verða nú tvær tengiltvinnútgáfur í boði, önnur samtals 204 hestöfl en GTE útgáfan er nú 245 hestöfl. Ný 13 kílóvattstunda rafhlaða er með meira drægi eða 60 km.

Vélarútgáfur verða fimm samtals, tvær þriggja strokka bensínvélar, 90 og 110 hestöfl, tvær fjögurra strokka dísilvélar sem skila 115 og 150 hestöflum og loks ein metanútgáfa sem er 130 hestöfl. Að sögn tæknimanna Volkswagen hefur tekist að minnka mengun vélanna talsvert og þá sérstaklega dísilvélanna sem blása út 80% minna nituroxíði en áður. Einnig hefur eyðsla dísilvélanna minnkað um 17% miðað við fyrri kynslóð.



Verksmiðjur VW eru mikilvægar fyrir atvinnulífið. NORDICPHOTOS/GETTY

## VW hugleiðir að færa framleiðslu frá Tyrklandi

Stjórn Volkswagen Group mun hittast í vikunni með það eitt að markmiði að ákveða hvort að áætlunum um framleiðslu á Passat í Tyrklandi verði hætt eða ekki. Ástæðan er hernaðaríhlutun Tyrkja í Sýrlandi og einnig pólitísk afskipti heima fyrir, en stjórnarmaður hjá VW, Stephan Weil, hefur sagt að hann sé á móti byggingu verksmiðjunnar í Tyrklandi. Stephan Weil er einnig forsætisráðherra í Neðra-Saxlandi en þar eru einmitt höfuðstöðvar Volkswagen Group og fylkið hefur mikil ítök hjá bílaframleiðandanum gegnum 20% hlut sinn í fyrirtækinu.

Verksmiðjan, sem kosta á 1,3 milljarða evra, á að verða tilbúin árið 2022 en þá mun núverandi Passat-verksmiðja í Emden í Þýskalandi fara að framleiða rafbíla. Ein af lausnunum sem til greina koma er að færa framleiðslu á Passat til risaverksmiðju VW í Bratislava í Slóvakíu, en þar eru VW Touareg og Audi Q7 framleiddir ásamt smábílunum VW Up, Seat Mii og Skoda Citigo. Áætlanir gera ráð fyrir að framleiðsla þessara smábíla muni minnka svo að hætta þurfi framleiðslu á næstu árum. Samkvæmt heimildum innan VW mun þegar hafa verið ákveðið að flytja hluta af framleiðslu Skoda Karoq til Bratislava, en til stóð einnig að framleiðsla á Karoq yrði í Tyrklandi.



## 20 Benz EQC bílar innkallaðir á Íslandi

Samkvæmt vefmiðlinum Autoblog hefur Mercedes-Benz hafið innköllun á EQC rafbílnum vegna gallaðs bolta í mismunadrifi í framöxli. „Daimler AG hefur komist að þeirri niðurstöðu að á sumum EQC bílum geti bolti í mismunadrifi framöxuls hugsanlega ekki staðist kröfur um endingu. Þess vegna er ekki hægt að koma alveg í veg fyrir að boltinn geti brotnað á líftíma bílsins,“ segir í tilkynningu frá framleiðandanum. „Gallinn gæti haft áhrif á snúningsvægi til framöxuls sem leitt gæti til þess að bíllinn stöðvist skyndilega, og gæti haft áhrif á stjórnum ökutækisins, sem leitt gæti til slyss,“ segir enn fremur í tilkynningunni. Þýska viðskiptablaðið Kfz Betrieb sem sagði fyrst frá innkölluninni segir að 1.700 EQC bílar hafi verið innkallaðir, þótt Daimler vilji ekki gefa upp hversu margir þeir eru.

Alls munu 20 bílar á Íslandi verða innkallaðir vegna gallans. Að sögn Jónasar Kára Eiríkssonar, vörumerkjastjóra Mercedes á Íslandi, er verið að bíða eftir varahlutum svo hægt sé að hefja innköllunina. „Tilkynning verður send eigendum og auðvitað Neytendastofu tilkynnt um málið. Engin atvik hafa komið upp varðandi þennan galla, en þetta kom upp í gæðaeftirliti framleiðanda,“ sagði Jónas enn fremur.

## Kia XCeed frumsýndur í Öskju um helgina

Bílaumboðið Askja frumsýnir Kia XCeed í Kia húsinu að Krókhálsi 13 á laugardaginn klukkan 12-16. XCeed er glænýr bíll úr smiðju suður-kóreska bílaframleiðandans og er borgarjepplingur. Forsala á XCeed í rafmagnaðri tengiltvinnútfærslu með 58 km drægi er þegar hafin.

Hönnunin á XCeed er falleg og sportleg og mikið er lagt í innanrýmið. Bíllinn er með með 184 mm veghæð og ökumaður og farþegar sitja hátt í bílnum. Bíllinn er með 426 lítra farangursrými með aftursætin uppi. XCeed er einn tæknivæddasti bíllinn í sínum flokki og má þar nefna 10,25 tommu upplýsingaskjá og 12,3 tommu skjá í mælaborði. Þá er XCeed í boði með tæknivæddu UVO kerfi sem bætir enn frekar tengimöguleika varðandi afþreyingu og akstursupplýsingar og gefur ökumanni betra aðgengi að umheiminum og því sem er að gerast í kringum hann í akstrinum.




Á næsta ári kemur Kia XCeed í rafmagnaðri tengiltvinnútfærslu.

**» XCeed verður fyrst fáanlegur með 1,4 l bensínvél, framdrifi og sjö þrepa DCT sjálfskiptingu.**

Bíllinn er hannaður í hönnunarmiðstöð Kia í Frankfurt í Þýskalandi undir handleiðslu Gregory Guillaume, aðstoðarforstjóra hönnunardeildar Kia Motors í Evrópu. XCeed verður fyrst fáanlegur með 1,4 lítra bensínvél, framdrifi og sjö þrepa DCT sjálfskiptingu, en á næsta ári kemur XCeed í rafmagnaðri tengiltvinnútfærslu sem verður án efa vinsæl útfærsla. Á næsta ári mun Askja einnig fá Ceed Sportswagon Plug-in Hybrid.

Samhliða frumsýningunni á XCeed á laugardag mun Askja opna á forpantanir á þessum tveimur tengiltvinnbílum. Áætlað drægi þeirra er 58 km á rafmagni.


NIVEA
SÉRSTAKLEGA
ÞRÓAÐ FYRIR
VIÐKVÆMA HÚÐ
Q10 POWER
FYRIR VIÐKVÆMA HÚÐ
FYRIR SLÉTTARI
OG HEILBRIGÐARI HÚÐ
100% ILMEFNALAUST
GEFUR MIKINN RAKA
NIVEA
Q10
POWER
ANTI-WRINKLE
NIVEA
Q10
POWER
ANTI-WRINKLE
DAY CREAM SPF 15

FRÉTTABLAÐIÐ
# MENNING



Manuel Barrueco hefur starfað með mörgum af fremstu listamönnum heims. Hann kemur fram í Salnum á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Varð gagntekinn af gítartónum

## Manuel Barrueco, einn fremsti gítarleikari heims, heldur einleikstónleika í Salnum. Verður einnig með masterklass í Hafnarfirði. Byrjaði að leika á gítar átta ára gamall.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Gítarleikarinn Manuel Barrueco heldur einleikstónleika í Salnum sunnudaginn 3. nóvember klukkan 16. Á efnisskrá tónleikanna eru verk frá Kúbu og Spáni, en sterk tengsl eru á milli þessara landa því Kúba var lengi spænsk nýlenda. Listamaðurinn verður einnig með masterklass 4. og 5. nóvember í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar. Hann hefur áður haldið vel sótta tónleika hér á landi, en eiginkona hans er íslensk.

Barrueco er einn fremsti gítarleikari heims og hefur verið tilnefndur til fjölda Grammy-verðlauna. Hann hefur starfað með mörgum af fremstu listamönnum heims og má þar nefna Placido Domingo og Barböru Hendricks. Fjöldinn allur af hljómplötum og geisladiskum með leik hans hefur komið út. Nýlega var gerð heimildarmynd um hann sem sýnd hefur verið víðs vegar um Bandaríkin.

### Óttaðist um móður sína

Barrueco ólst upp á Kúbu og byrjaði að leika á gítar átta ára gamall. „Tónlist skiptir miklu máli í kúbönsku samfélagi. Frændur mínir fóru að leika á gítar og systur mínar tvær vildu læra á gítar. Tónlistarkennslan fór fram á heimilinu, ég varð gagntekinn og bað um að fá að læra líka,“ segir hann.

Hann flutti til Bandaríkjanna þegar hann var fjórtán ára gamall með fjölskyldu sinni. „Sem krakki gekk ég í kaþólskan skóla og lífið var þægilegt fyrir byltingu. Fjölskyldumeðlimir voru ekki kommúnistar og það að vera ekki kommúnisti í kommúnísku þjóðfélagi var erfitt og nokkrir fjölskyldumeðlimir voru fangelsaðir. Fjölskyldan ákvað að flytja til Bandaríkjanna og það tók fimm ár að fá leyfi og í millitíðinni var faðir minn sviptur vinnu sinni. Þessi tími var erfiður. Ég óttaðist sérstaklega um móður mína sem talaði mjög opinskátt gegn stjórnvöldum. Ég var hræddur um að eitthvað myndi henda hana. Þegar við komum til Bandaríkjanna hvarf sá ótti. Svo byrjuðum við að aðlagast nýju landi.“

> ÉG ÓTTAÐIST SÉRSTAKLEGA UM MÓÐUR MÍNA SEM TALAÐI MJÖG OPINSKÁTT GEGN STJÓRNVÖLDUM. ÉG VAR HRÆDDUR UM AÐ EITTHVAÐ MYNDI HENDA HANA.

### Veraldarvanur prestur

Það eru orðin 52 ár síðan hann flutti frá Kúbu og hann hefur ekki komið þangað síðan. „Þar er einræðisstjórn og meðan svo er vil ég ekki koma þangað. Ef ég myndi snúa aftur í heimabæ minn myndi ég nánast ekki þekkja neinn. Fjölskyldumeðlimir eru dánir eða fluttir þaðan. Ég myndi hitta gamalt fólk sem ég þekkti sem barn og myndi ekki þekkja það aftur. Eina manneskju myndi ég þó örugglega þekkja. Þegar ég var ellefu ára nemandi í tónlistarskólanum þá var annar nemandi ári yngri en ég. Hann var mjög veraldarvanur, átti kærustu og mig langaði alltaf til að verða eins og hann. Hann varð síðan kaþólskur prestur og við höfum nokkrum sinnum hist í Bandaríkjunum.“

Barrueco hefur náð gríðarlega langt í list sinni en er afar tregur til að ræða um velgengni sína. „Mér hefur gengið vel,“ segir hann af stakri hógværð.

## Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

### 31. OKTÓBER 2019

#### Tónleikar

**Hvað?** Hádegistónleikar
**Hvenær?** 11.45
**Hvar?** Eldborg í Hörpu
Sinfóníuhljómsveit Íslands heldur opna hádegistónleika og flytur Aeriality eftir Önnu Þorvaldsdóttur og fjórðu sinfóníu Tsjajkovskíjs.

**Hvað?** Setning Menningarhátíðar Seltjarnarness
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Bókasafn Seltjarnarness
Hátíðin stendur til 3. nóvember. Um 40 viðburðir og sýningar verða víðs vegar um Seltjarnarnesið.

**Hvað?** Bókakaffi
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið | Menningarhús Árbæ
Karl Ágúst Úlfsson les upp úr bók sinni Átta sár á samviskunni.

**Hvað?** Úlla og Drakúla
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Borgarbókasafnið Kringlunni
Úlfhildur Dagsdóttir segir frá ferðalagi sínu um slóðir Drakúla í Transilvaníu.

**Hvað?** Hrekkjavaka
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Árbæjarsafn
Börn 12 ára og yngri verða að koma með fullorðnum. Draugasögur, draugahús og eldlistakona.

**Hvað?** Svartar fjaðrir
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hamrar, Hofi
Dagskrá í tali og tónum. Helga Kvam píanó og Þórhildur Örvarsdóttir söngur.

**Hvað:** Danspartý
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hard Rock Lækjargötu
Verðlaun fyrir besta búninginn.

**Hvað?** Útgáfutónleikar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Bæjarbíó Hafnarfirði
Útgáfutónleikar Láru Rúnarsdóttur.

# Verðug verðlaunabók

BÆKUR

**Rannsóknin á leyndardómum eyðihússins**

★★★½☆

**Snæbjörn Arngrímsson**

**Útgefandi:** Vaka-Helgafell
**Fjöldi síðna:** 246



Snæbjörn Arngrímsson.

Úrslit í samkeppninni um Íslensku barnabókaverðlaunin vekja ætíð athygli en hún varð þó nokkru meiri nú en oft áður því sigurvegarinn reyndist vera Snæbjörn Arngrímsson, fyrrum umsvifamikill bókaútgefandi og útgefandi Harry Potter og Dan Brown hér á landi. Verðlaunabók hans heitir Rannsóknin á leyndardómum eyðihússins og hefst á minnisstæðri setningu: „Þetta var sumarið þegar Guðjón G. Georgsson kom í fyrsta sinn til þorpsins.“

Guðjón, sem fullyrðir að hann sé fyrirmyndin að Superman, er aðalpersóna sögunnar ásamt stúlkunni Millu sem býr í litlu fiskiþorpi, Álftabæ. Það er Milla sem segir söguna og með þeim Guðjóni tekst vinátta og í sameiningu ákveða þau að leysa gátuna um hinn geðvonda og ríka Hrólf sem bjó í hinu dularfulla Eyðihúsi. Hrólfur er látinn en skildi eftir sig bréf með þremur vísbendingum um það hvar fjársjóð hans væri að finna.




Það sem vekur hvað mesta eftirtekt við þessa fyrstu bók höfundar er hversu vel hún er stíluð. Stíllinn er seiðandi og tær og undirliggjandi er ljúfur húmor.

Hinar ungu aðalpersónur eru skemmtilegar, það er ákveðin einsemd yfir Guðjóni meðan Milla sem áberandi hvatvís og hugrökk. Höfundur hefði þó mátt leggja aðeins meiri rækt við að lýsa samspilinu milli þeirra og tilfinningum þeirra hvort til annars. Þar vantar smá fíniseringu. Bókin er viðburðarík og vinirnir lenda í hinum mestu ævintýrum þar sem spenna er við völd. Þar hefði reyndar mátt staldra við og dýpka frásögnina, þarna er farið nokkuð hratt yfir sögu. Tímavél og tímaflakkari koma við sögu, en þeir kaflar eru þó ekki þeir bestu í bókinni. Það besta eru alls kyns hugleiðingar, eins og hugsanir Millu um vinnumann Guðs sem hleypir dagsljósi inn í heiminn og dregur tjöldin fyrir á kvöldin þegar fólk fer að sofa.

Þessi fyrsta skáldsaga Snæbjörns Arngrímssonar er verulega góð og verðug verðlaunabók. Hæfileikar höfundar eru ótvíræðir og hann getur ekki látið staðar numið. Rithöfundarferillinn er að hefjast.

**Kolbrún Bergþórsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Snæbjörn Arngrímsson sannar rithöfundarhæfileika sína með afar vel skrifaðri sögu sem er viðburðarík og skartar aðalpersónum sem auðvelt er að láta sér þykja vænt um.

# MIÐNÆTURSPRENGJA

**í Útilíf Smáralind 31. október.**
Truflað úrval af **hágæða vörum fyrir alla fjölskylduna!**
**Sérfræðingar** frá okkar helstu merkjum verða **á staðnum frá 19-22**.



# Á villigötum í frumskóginum

**LEIKHÚS**

**Stórskáldið**

★★½☆☆

**Björn Leó Brynjarsson**

**Borgarleikhúsið**

**Leikstjórn:** Pétur Ármannsson
**Leikarar:** Jóhann Sigurðarson, Unnur Ösp Stefánsdóttir og Hilmar Guðjónsson
**Leikmynd og búningar:** Ilmur Stefánsdóttir
**Lýsing:** Pálmi Jónsson
**Myndbandshönnun:** Elmar Þórarinsson
**Leikgervi:** Margrét Benediktsdóttir og Ilmur Stefánsdóttir
**Hljóðmynd:** Þórður Gunnar Þorvaldsson


Stærsta vandamálið við leikritið er slæmt handverk og veikur rammi, segir leiklistargagnrýnandi Fréttablaðsins, Sigríður Jónsdóttir.

Heimildarmyndagerðarfólkið Rakel og Andri eru á leið djúpt inn í Amasonfrumskóginn til að leita uppi Nóbelsverðlaunahöfundinn Benedikt, sem er pabbi Rakelar. Hann yfirgaf fjölskylduna fyrir löngu síðan og lét sig hverfa inn í regnskóginn. Stórskáldið er afrakstur Björns Leós Brynjarssonar í starfi sínu sem leikskáld Borgarleikhússins og var frumsýnt á Nýja sviði hússins fyrir stuttu.

Hugmyndirnar sem Björn Leó setur fram í textanum snúa helst að fjölskyldusamskiptum, sannleikanum og sköpunargáfu en allar rista þær grunnt. Stærsta vandamál leikritsins er slæmt handverk og veikur rammi. Frásagnir um fortíðina eru ósviðsræn leið til að koma upplýsingum til skila. Persónur tala hver til annarrar frekar en að tala saman, bregðast við og vinna úr. Leiktextinn tjóðrar leikarana við orðið og hefur þannig lamandi áhrif á framvinduna. Sögur skapa kannski mannveruna en endalausar upprifjanir eru ekki gefandi fyrir lifandi samskipti.

**Margar hugmyndir**

Jóhann Sigurðarson hefur þá sjaldgæfu hæfileika að gæða nánast hvaða texta sem er lífi með víðfeðmu raddsviði og persónutöfrum. En honum tekst ekki að gera hinn einræðuglaða Benedikt sannfærandi. Ekki farnast hinum leikurunum betur. Þau Unnur Ösp Stefánsdóttir og Hilmar Guðjónsson beita ýmsum brögðum til að kveikja neistann á milli skötuhjúanna en uppskera fátt. Rakel er hvatberi atburðarásarinnar en vex ekki sem persóna fyrr en undir lokin, Unnur Ösp leysir hlutverkið ágætlega en nær aldrei tangarhaldi á ókláruðum karakternum. Áhorfendur kynnast Andra heldur aldrei og Hilmar leitar af miklum móð í skrípalæti til að kynda undir texta-Anum, slíkt dugar skammt.

Ábyrgðin liggur líka hjá Pétri Ármannssyni sem leikstýrir Stórskáldinu. Líkt og í handritinu eru hugmyndirnar margar en fáar unnar til fullnustu. Í byrjun er upptökuvélin lifandi hluti af sýningunni en verður fljótt föst við þrífótinn.

Hreyfing og líkamstjáning leikara á sviðinu er of takmörkuð til að mynda togstreitu milli þremenninganna. Allt of oft eru allar þrjár persónurnar hreyfingarlausar og stundum tilfinningalausar á meðan farið er með textann, leikurinn fer nánast allur fram fremst á sviðinu sem fletur út alla spennu. Stílbrotin eru ekki nægilega vel útfærð og riðla framvindunni án þess að bæta einhverju við nema spaugpásu.

**Á byrjunarreit**

Notkun á exótík í bæði fagurfræði og innihaldi leiksýningar krefst nákvæmni af hálfu listræna teymisins og heppnast miður vel í Stórskáldinu. Ilmur Stefánsdóttir tínir til Hawaii-skyrtur, safaríhatta og nýtískulegan samfesting til að klæða karakterana. Leikmyndina fyllir hún af gerviplöntum, líkneskjum og basthúsgögnum. Sýnishorn úr mörgum mismunandi menningarheimum sem ekki er hægt að útskýra eða afsaka með gerviveröldinni sem reynt er að búa til.

Baráttan fyrir nýrri íslenskri leikritun snýst ekki einungis um að setja á svið fleiri leikrit heldur einnig gæðI. Stórskáldið er leikverk á byrjunarreit, efniviðurinn er til staðar en handritið þarfnast töluvert meiri vinnu. Vonandi fær Björn Leó fleiri tækifæri til að þróa sinn stíl betur.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem leikrit frá leikskáldi Borgarleikhússins standast ekki listrænar kröfur. Ekki er nóg að gefa leikskáldum ráðrúm til að skrifa innan veggja atvinnuleikhúsanna heldur verður að veita þeim aðhald, stuðning og setja skýr markmið.

**Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Ófullgerð samsuða af hugmyndum og fagurfræði.

# Þjóðlegur fróðleikur í sauðalitunum

**BÆKUR**

**Kindasögur**

★★★★½

**Aðalsteinn Eyþórsson og Guðjón Ragnar Jónasson**

**Útgefandi:** Sæmundur
**Fjöldi síðna:** 118


Í bókinni eru kindurnar dregnar fram í sínu rétta ljósi; þær eru þrautseigar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sögur af íslensku sauðkindinni geta varla klikkað fyrir þá sem hafa gaman af þjóðlegum fróðleik í laufléttum dúr. Í Kindasögum rekja sagnasafnararnir Aðalsteinn Eyþórsson og Guðjón Ragnar Jónasson einstaklega skemmtilegar frásagnir af sauðfé á Íslandi, sem hefur unnið sér eitthvað til frægðar. Efnið er fjölbreytt og nokkuð yfirgripsmikið því í bókinni má finna bæði sögur af kindum í fornsögum, útigangsfénu í Tálkna, sem enn er nokkuð hitamál á Vesturlandi, og margt þar á milli.

Texti bókarinnar er afar fallega skrifaður og tekst höfundum einstaklega vel til með að endursegja frásagnirnar, sem þeir hafa ýmist tínt til úr gömlum blaðagreinum eða úr samtölum sínum við bændur landsins. Höfði frásagnir af kindum ekki til fólks getur það engu að síður skemmt sér við að lesa þjóðsagnakenndan og hnyttinn stíl þeirra höfunda. Þá má sjá á textanum að þeir hafa haft gaman af umfjöllunarefninu því þeir leika sér á laufléttum nótum með frásagnirnar og þær verða ljóslifandi fyrir lesandanum.

Íslenska sauðkindin hefur gegnt gríðarlega stóru hlutverki í sögu okkar Íslendinga. Hún hefur fætt okkur og klætt í gegnum aldirnar, en einnig dregið kappsfulla smala í ótrúlegar afreksferðir um óbyggðir landsins. En eins og höfundar benda á hefur þorri landsmanna misst tenginguna við þennan gamla samferðamann sinn. Kindin er raunar orðin flestum að hálfgerðri hulduveru, sem bregður fyrir út um bílglugga í ferðum út á land. Og það er kannski það sem gerir sögurnar svo skemmtilegar, þær líkjast margar hverjar frekar gömlum þjóðsögum af huldufólki og tröllum en frásögnum af raunverulegum atburðum.

Í bókinni eru kindurnar dregnar fram í sínu rétta ljósi; þær eru þrautseigar skepnur, sem gefa ekkert eftir og láta hafa fyrir sér. Samhliða sögunum er svo stiklað á stóru í sögu íslensks sauðfjárbúskapar, en hann var allt annar fyrir rúmum hundrað árum en hann er í dag. Ótrúleg saga hinnar frægu rollu Herdísarvíkur-Surtlu er svo rakin og stendur hún upp úr, enda um að ræða æsispennandi frásögn af kind í útlegð, sem fangaði hjörtu landsmanna á sjötta áratug síðustu aldar.




Höfundarnir fara afar vel með efnið og passa sig vel á að hafa umfjöllunina, til dæmis um sauðfé í Íslendingasögunum, ekki of fræðilega. Hér er um að ræða lauflettar frásagnir sem eru ætlaðar fólki til almennrar dægrastyttingar. Aðalsteinn og Guðjón hafa með bókinni lagt sitt af mörkum til að viðhalda gamalli íslenskri sagnahefð. Þeim tekst frábærlega upp og hafa vandað val sitt á efni í bókinni, því líklega hefur verið úr nógu að velja. Þeir hafa síðan boðað útgáfu fleiri sagna af íslensku kindinni og bíðum við hin spennt á meðan þeir sanka að sér efni með ferðum sínum á sveitabæi landsins.

**Óttar Kolbeinsson Proppé**

**NIÐURSTAÐA:** Langþráður þjóðlegur fróðleikur í laufléttum dúr. Afar vel heppnuð bók með skemmtilegum kindasögum.


SEGJUM NEI
VIÐ ÓÞARFA OG JÁ VIÐ
ÞVÍ SEM SKIPTIR MÁLI
HÚÐOFNÆMI,
NEI TAKK
Neutral
SENSITIVE SKIN
BLACK
COLOUR
WHITE
Neutral®
HÚÐOFNÆMI, NEI TAKK

## BÍÓ





**Halloween** | 1978
Michael byrjar feril sinn sem hryllingsfígúra í skúmaskotum smábæjarins Haddonfield þar sem hann beitir búrhnífnum á unglinga, barnfóstrur og kærasta þeirra, af umtalsverðri einurð og festu. Hin dyggðum prýdda Laurie Strode er sú eina sem kemst lifandi frá þeim þessum hildarleik. Jamie Lee Curtis öðlaðist heimsfrægð fyrir hlutverkið sem var því dýra verði keypt að hún hefur aldrei losnað almennilega við Michael síðan.

Hún varð vegna óvæntra vinsælda myndarinnar útnefnd „öskurdrottning“ áttunda áratugarins og lék í nokkrum fjölda hryllingsmynda og átti það að vísu ekki langt að sækja þar sem móðir hennar, Janet Leigh, lék hina ólánsömu Marion Crane sem ögraði Norman Bates með því að skella sér í heitt steypibað í Psycho.



**Halloween II** | 1981
Vinsældir Halloween urðu til þess að John Carpenter og meðhöfundur hans, Debra Hill, voru nánast þvinguð til þess að gera framhaldsmynd. Carpenter kom sér þó undan því að leikstýra myndinni og það kom í hlut Ricks Rosenthal. Carpenter og Hill skrifuðu hins vegar handritið og mótuðu um leið framhaldsmyndaformúluna í hryllingsdeildinni og þá ófrávíkjanlegu reglu að í næstu mynd eru fleiri drepnir og drápin eru ógeðslegri.

Halloween II stendur þeirri fyrstu langt að baki en er samt lúmskt skemmtileg og ágætis tilbreyting fólgin í því að í henni reynir á frumleika Michaels þegar hann þarf, formsins vegna, að spara búrhnífinn góða og nota ýmis morðtól önnur. Til dæmis heitan pott og fínlegan skurðstofuhníf.

Framhaldsmyndin hefst á nákvæmlega sama stað og Halloween lauk þegar Michael stendur upp og lætur sig hverfa eftir að læknirinn hans hafði dælt í hann byssukúlum.

Í djöfulgangi þessarar myndar kemur í ljós að Laurie er systir Michaels sem kann að skýra einbeittan áhuga hans á því að drepa hana.



**Halloween** | 2018
Eftir að hafa mátt myrða sig í gegnum haug af misvondum framhaldsmyndum tók Michael Myers, með aðkomu Carpenters, hressilegan fjörkipp í fyrra með alveg öldungisgóðu og enn einu lokauppgjöri við Jamie Lee Curtis í hlutverki Laurie, litlu systurinnar sem hann bara getur ómögulega í hel komið.

Í þessari nýjustu Halloween-mynd, sem óhætt er að mæla með, er látið sem fyrri framhaldsmyndir séu ekki til og hún er því, eins og reyndar Halloween II, beint framhald af Halloween frá 1978. Fjörutíu ár eru liðin frá því að Laurie slapp undan hnífslögum Michaels en þegar hann kemur til þess að ljúka ódæðisverkinu snúast hlutverkin við og gerandinn verður þolandi þar sem Laurie er við öllu búin.

Curtis segir sjálf að líta megi á þessa mynd sem #MeToo-byltingu þeirra sem hafa mátt þola ofsóknir og gróft ofbeldi skrímsla af sauðahúsi Michaels. Mikið til í því og að þessu sinni svífur óvenju ferskur femínískur andi yfir Haddonfield.

# Michael Myers kemur í kvöld!

**Hrekkjavökumorðinginn Michael Myers hefur stungið slægt og flakað barnfóstrur, vandræðaunglinga og í raun bara hvern sem er þegar hann bregður undir sig betri fætinum sem gerist einmitt einna helst að kvöldi á hrekkjavökunni.**

Kjarninn í þeim ágæta undirflokki hryllingsmyndanna sem kenndur er við „slasher“ er einfaldlega sá að einhvers konar illfygli í mannsmynd fargar lánlausu fólki á færibandi. Oftast nær notast ófétí þessi við eggvopn af ýmsum gerðum og þá jafnan í stærri kantinum.

Alfred Hitchcock opnaði þessari manngerð, ef yfirleitt er hægt að kenna þessa gaura við mennsku, leið inn í kvikmyndirnar með Psycho árið 1960 þegar hann kynnti búrhnífinn til sögunnar sem handhægt morðvopn. Hitchcock fékk hinum mjög svo ödipusardulda Norman Bates hnífinn í hendur en sá átti til að umturnast í morðóða móður sína ef konur hættu sér í sturtu í undir hans þaki.

**Blóðlaust í 18 ár**
Þótt Psycho hafi slegið hressilega í gegn og aflað Hitchcock meira fjár og athygli en önnur meistaraverk hans náðu búrhnífamorðingjar ekki almennilegri fótfestu í kvikmyndum fyrr en átján árum síðar þegar John Carpenter trommaði upp með Michael Myers í Halloween.

Halloween hefst á hrekkjavöku, að sjálfsögðu, þar sem Michael litli Myers, uppáklæddur í trúðabúning með grímu, tekur alveg upp úr þurru upp á því að myrða stóru




systur sína með búrhníf skömmu eftir að hún hefur lokið ástarleik með kærastanum sínum.

Eftir það segir fátt af Michael sem elst upp á geðsjúkrahúsi undir handleiðslu læknisins Sam Loomis. Eftir fimmtán ár í þögn fer honum að leiðast þófið og aðfaranótt Hrekkjavöku strýkur hann og heldur heim til Haddonfield og byrjar að gera að ungmennum eins og honum einum er lagið á þessu annars bráðskemmtilega kvöldi sem halloween er.

**Illskan uppmáluð og tær**
Þegar Carpenter kynnir Michael til leiks virðist hann í fyrstu vera sálsjúkur morðingi en síðar kemur í ljós að eitthvað meira er að og Loomis verður sannfærður um að skjólstæðingur hans sé hvorki meira né minna en tær illska. Michael verður þannig ættfaðir hersingar seinni tíma hryllingsmyndaskrímsla þar sem fossar blóð í hans slóð þar sem hann röltir, ískyggilega rólegur og gersamlega ódrepandi, með tilheyrandi glundroða og örvinglan.

Þótt Michael Myers sé sjálfur, þrátt fyrir allt, hógværðin uppmáluð er þetta dagurinn hans þannig að hann má vera dálítið frekur til fjörsins þannig að þeim sem vilja minnast hans er bent sérstaklega á þrjár bestu, áhugaverðustu eða í það minnsta skemmtilegustu myndirnar úr hinum langa og brokkgenga myndabálki sem kenndur er við hrekkjavökuna.

Gleðilega hrekkjavöku!

toti@frettabladid.is

bauhaus.is

# BAUHAUS®




Hefur þú séð nýja BAUHAUS blaðið?









## Þú færð allt fyrir baðherbergið í BAUHAUS!

Camargue



**14.895,-**

### Bardolino blöndunartæki

Krómað. Bil milli gats: 150 ± 15 mm. Blöndunartæki sturtu er með möttu yfirborði og einföldu handfangi. Rósettur og S-tengsl fylgja með.

Camargue



**18.595,-**

### Soriso blöndunartæki

Krómað. Bil milli gats: 150 ± 15 mm. Flottur hitastillir sem hentar fyrir baðkar og sturtu. Eitt handfang fylgir sem auðvelt er að stilla. Rósettur og S-tengsl fylgja með.

Camargue



**19.795,-**

### Veruno blöndunartæki

Krómað. Bil milli gats: 150 ± 15 mm. Einfalt handfang sem stillir bæði vatnsstraum og hitastig. Er hægt að nota við baðkar og sturtu. Rósettur og S-tengsl fylgja með.

Camargue



**20.995,-**

### Acro blöndunartæki

Krómað. Bil milli gats: 150 ± 15 mm. Fallegur hitastillir frá Camargue með öryggisstöðvun við 38°C og nýjustu tækni sem gerir það auðvelt að stilla og stýra vatnsstraumi og hitastigi. S-tengsl og rósettur fylgja með.

NÝTT Í BAUHAUS



### Cuba baðlínan

Krómuð baðlína.

Salernisbursti....................................6.995,-
Handklæðaslá....................................5.345,-
Einfaldur snagi....................................2.045,-
Veggfestur sápuskammtari..................4.095,-
Salernisrúlluhaldari m.hlíf....................3.945,-
Salernisrúlluhaldari............................3.245,-

BLUERAIN

### Sturtusett

Krómað sturtusett með 20 cm sturtuhaus, handsturtu og slöngu. Hitastillir með brunavörn fylgir. 5 ára ábyrgð gegn leka.



**19.995,-**

~~41.995,-~~

## MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!

## OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18

BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplysingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is

DAGSKRÁIN á Hringbraut



MANNAMÁL

Alltaf á fimmtudögum kl. 20.00 – Stjórnandi þáttarins er Sigmundur Ernir Rúnarsson.

Mannamál er persónulegur viðtalsþáttur þar sem áhugaverðir og jafnvel þjóðkunnir Íslendingar segja frá lífi sínu og starfi á opinskáan og hispurslausan hátt.

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut og hringbraut.is




Fylgstu með!



# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## RÚV SJÓNVARP

**12.35 Kastljós**
**12.50 Menningin**
**13.00 Útsvar 2018-2019 Akranes - Dalvíkurbyggð**
**14.15 Landinn 2010-2011**
**14.40 Popppunktur Grísalappalísa - Reykavíkurdætur**
**15.50 Milli himins og jarðar**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Lars uppvakningur**
**18.16 Trélitir og sítrónur** Þjóðsögur, hryllingssögur, draugar, afturgöngur, mórar og skottur og að sjálfsögðu sjálf Hrekkjavakan! Þrátt fyrir mikinn hrylling er samt fullt af fjöri og slími eins og vanalega. Trélitir og sítrónur verða á Draugasetrinu á Stokkseyri og hitta þar spekinga tvo eins og vanalega og fræðast um drauga, hrekkjavökuna og ýmislegt tengdu þjóðsögum.
**18.26 Hryllingssaga Eitthvað óhreint**
**18.28 Anna og vélmennin**
**18.50 Krakkafréttir**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.50 Menningin**
**20.05 Soð Keflavíkurflugvöllur - Sandvík** Kristinn og Janus hittast á Keflavíkurflugvelli og fara um gömlu herstöðina þar sem þeir elda „smash burgers“ að hætti Kanans með snúningi frá Villa pulsu. Strákarnir halda för sinni áfram og líta á kirkju í Höfnum og enda í Sandvík.
**20.25 Uppáhaldsréttir Nadiyu**
**21.05 Berlínarsaga**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Kynlífsfræðingarnir** Fjórða þáttaröðin um William Masters og Virginiu Johnson sem voru frumkvöðlar á sviði kynlífsrannsókna. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.15 Pabbahelgar**
**00.00 Atlanta** Gamanþáttaröð um tvo frændur sem reyna að stofna til betra lífs fyrir sig og fjölskyldur sínar. Earl hefur flosnað upp úr háskólanámi og býr inni á barnsmóður sinni sem hann á í stopulu sambandi við. Þegar hann kemst að því að frændi hans er við það að slá í gegn sem rapptónlistarmaður gerist hann umboðsmaður hans. Aðalhlutverk: Donald Glover, Brian Tyree Henry, LaKeith Stanfield og Zazie Beetz. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**00.20 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**07.50 The Open Championship** Útsending frá lokadegi Opna breska meistaramótsins.
**10.30 HSBC Champions** Útsending frá HSBC Champions á Heimsmótaröðinni.
**16.30 Bermuda Championship** Útsending frá Bermuda Championship á PGA-mótaröðinni.
**20.30 Inside the PGA Tour** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni í golfi.
**20.55 Golfing World** Skemmtilegur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.
**21.45 World Golf Championship** Útsending frá lokadegi HSBC Championship á Heimsmótaröðinni.
**02.00 HSBC Champions** Bein útsending frá HSBC Champions á Heimsmótaröðinni.

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Late Late Show**
**09.30 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 The King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 Dr. Phil**
**13.50 Man with a Plan**
**14.15 The Voice US**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Late Late Show**
**19.00 America's Funniest Home Videos**
**19.20 Making History**
**20.10 Ást**
**20.45 The Loudest Voice**
**21.40 The Passage**
**22.25 In the Dark (2019)**
**23.10 The Code (2019)**
**23.55 The Late Late Show**
**00.40 NCIS**
**01.25 Billions**
**02.25 The Handmaid's Tale**
**03.20 Black Monday**
**03.50 SMILF**
**04.20 Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Á tónsviðinu**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Flakk**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Víðsjá**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Útvarp UngRÚV**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Tónlistarkvöld Útvarpsins**
**21.00 Mannlegi þátturinn**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Samfélagið**
**23.05 Lestin**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.00 Golden Exits**
**13.35 A.X.L.**
**15.15 The Jane Austen Book Club**
**17.00 Golden Exits**
**18.35 A.X.L.**
**20.15 The Jane Austen Book Club**
**22.00 The Hitman's Bodyguard**
**00.00 Charlie Wilson's War**
**01.40 Fear of Water**
**03.20 The Hitman's Bodyguard**

## STÖÐ 2

**07.00 Two and a Half Men**
**07.25 Friends**
**07.45 Grey's Anatomy**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Great News**
**10.00 Grand Designs**
**10.50 Puppy School**
**11.45 Besti vinur mannsins**
**12.10 Heimsókn**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 The Curious Case of Benjamin Button**
**15.40 Stelpurnar**
**16.05 Seinfeld**
**16.30 Seinfeld**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Sportpakkinn**
**19.20 Veður**
**19.25 Næturvaktin** Lokaþáttur. Komið er að miklu uppgjöri þegar þremenningarnir fá þær fréttir að til standi að leggja af næturafgreiðslu á bensínstöðinni. Sjá þeir félagar sér því þann kost vænstan að ráðstafa starfsmannasjóðnum hið snarasta - og gera þannig gott úr öförum sínum.
**19.55 Fresh Off the Boat**
**20.20 Masterchef USA**
**21.05 The Blacklist**
**21.50 Mr. Mercedes**
**22.40 Real Time With Bill Maher**
**23.40 Grantchester 4**
**00.30 Prodigal Son**
**01.15 Manifest**
**01.55 Manifest**
**02.40 Death Row Stories**
**03.25 The Curious Case of Benjamin Button**

## STÖÐ 3

**19.10 The Middle**
**19.35 The Big Bang Theory**
**20.00 Friends**
**20.25 Seinfeld**
**20.50 Supergirl**
**21.35 Batwoman**
**22.20 Underground**
**23.05 Barry**
**23.40 American Dad**
**00.05 The Big Bang Theory**
**00.25 Seinfeld**
**00.50 The Middle**
**01.15 Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.15 Snæfell - Haukar** Útsending frá leik í Dominos deild kvenna.
**08.55 Napoli - Atalanta**
**10.35 Juventus - Genoa**
**12.15 Valencia - Sevilla**
**13.55 Real Madrid - Leganes**
**15.35 Haukar - ÍBV** Útsending frá leik í Olís-deild karla.
**17.05 Chelsea - Manchester United**
**19.15 Afturelding - Selfoss** Bein útsending frá leik í Olís-deild karla.
**21.15 Seinni bylgjan**
**22.45 Búrið** Í Búrinu er hitað upp fyrir öll stærstu UFC-kvöld ársins. Þar er ítarleg greining á öllum stærstu bardögunum og stjörnurnar kynntar til leiks.
**23.20 Liverpool - Arsenal**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**19.05 Þór Þ. - Haukar** Bein útsending frá leik í Domino's-deild karla.

## STÖÐ 2 SPORT 3

**19.55 AC Milan - SPAL** Bein útsending frá leik í ítölsku úrvalsdeildinni.

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |

# SUPER 1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT VERÐ - OPIÐ TIL 22:00 ALLA DAGA




-22%

1.399 kr/kg.

**SS NAUTGRIPAHAKK**
VENJULEGT VERÐ 1.799 kr/kg.
Gildir til 5. nóvember eða á meðan birgðir endast.

## GOTT MEÐ HAKKINU




# HEIMILI REMA 1000 Á ÍSLANDI

Birt með fyrirvara um villur. Tilboð gilda til 5.nóv. 2019 eða á meðan birgðir endast nema annað sé tekið fram.




999 kr.

**COCA-COLA OG COCA-COLA ZERO**
4 X 2L




2 FYRIR 1

484 kr.

**BKI EXTRA - KAUPTU EINN PAKKA AF BKI EXTRA OG FÁÐU ANNAN Í KAUPBÆTI**
400g
Gildir til 5. nóv



SUPER 1
HALLVEIGARSTÍG 1



SUPER 1
SMIÐJUVEGI 2



OPIÐ
10:00 TIL 22:00
ALLA DAGA

FRÉTTABLAÐIÐ LÍFIÐ

# Sturlaður götustíll Hadid-systra

Gigi og Bella Hadid eru einar af þekktustu fyrirsætum heims í dag, en þær stigu sín fyrstu skref í raunveruleikaþáttum með móður sinni. Þær hafa ólíkan stíl þegar kemur að klæðaburði þó að þær virki einkar samrýndar dagsdaglega.

Fyrirsæturnar og systurnar Gigi og Bella Hadid komu fyrst á sjónarsviðið í raunveruleikaþáttunum The Real Housewives of Beverly Hills, en móðir þeirra, hin hollenska Yolanda Hadid, var eitt af viðfangsefnum þáttanna. Það hefur hingað til ekki þótt vænlegt til vinnings í tískuheiminum að hefja sín fyrstu skref í raunveruleikaþætti, en systurnar hafa afsannað að það sé algilt.

Yolanda var sjálf fyrirsæta þegar hún var yngri og óskaði þessi innilega að dæturnar myndu feta í fótspor hennar. Gigi hafði lengi haft áhuga á fyrirsætulífinu en hugur Bellu var allur í reiðmennsku. Þó varð breyting á og í dag eru þær einar eftirsóttustu fyrirsæturnar í bransanum. Þær eru eins ólíkar í klæðavali og hugsast getur, stíll Bellu er drungalegur, húðin fölhvít og hárið jafnan kolsvart. Gigi vinnur meira með Kaliforníuútlitið, gyllta lokka, sólkyssta húð og litrík föt. Hérna má sjá brot af götustíl þeirra undanfarin misseri.

steingerdur@frettabladid.is



Hér klæðist Gigi skóm frá íslenska skómerkinu Kalda.



Fyrirsætan vinnur mikið með sólkyssta húð og gyllta lokka.



Hér mætir Bella í 23 ára afmælið sitt á dögunum í New York.




Fyrir skömmu var andlit Bellu valið það fallegasta í heimi með stærðfræðijöfnu byggðri á gullinsniði.



Hún hikar ekki við að blanda saman skærum eða ólíkum litum.



Bella kýs oftast að vera í dökkum og þægilegum fötum.



Smá Matrix-yfirbragð á fyrirsætunni þennan daginn.



Gigi hóf fyrirsætustörf á barnsaaldri en fyrst fyrir alvöru árið 2014.



Bella er mikið fyrir það að klæðast víðum buxum og þröngum toppum við.



FLOTTAR PEYSUR, FYRIR FLOTTAR KONUR

NETVERSLUN WWW.BELLADONNA.IS

Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

A4

# Miðnæturopnun

*í Smáralind í dag*

**20% afsláttur**

*af öllum vörum*



WWW.A4.IS

/A4VERSLANIR

TILBOÐIÐ GILDIR AÐEINS Í VERSLUN A4 Í SMÁRALIND











Countess Malaise kemur fram á Tiny terror-viðburðinum á Iðnó í kvöld.

# Berskjölduð Dýrfinna

**Dýrfinnu Benitu** langaði að heiðra þá sem upplifa sig utanveltu, sérstaklega innan íslensku rappsenunnar. Útkoman er platan Hystería sem kom út á miðnætti. Hún rappar um losta, þunglyndi, sjálfsvígshugsanir og reiði, en er umfram allt berskjölduð og heiðarleg.

Fyrsta plata rapparans Dýrfinnu Benitu kom út á miðnætti, en hún rappar undir nafninu Countess Malaise. Platan heitir Hystería og snertir á ýmsum þemum sem eru Dýrfinnu hugleikin.

**Erfitt að kveðja pabba**

„Í kvöld er ég að spila á Tiny Terror í Iðnó, en það var löngu ákveðið áður en að ljóst var að platan kæmi út í dag,“ segir Dýrfinna en hrekkjavökustemning mun ríkja á viðburðinum í kvöld.

Platan hefur verið í vinnslu í um ár, en lögin sem á henni eru hafa aldrei heyrst áður.

„Ég kláraði námið mitt í Amsterdam árið 2018, en þar lærði ég myndlist og hönnun. Á meðan ég var í náminu þá hóf ég að gera tónlist undir nafninu Countess Malaise. Ég fékk fljótlega athygli og byrjaði strax að spila í Evrópu og hérlendis, mjög reglulega og á meðan ég var í skóla. Dagskráin var mjög þétt hjá mér. Eftir útskrift ákvað ég að það væri gott að gera heildstætt verk, heila plötu.“

Dýrfinna segist hafa flutt heim, ekki einungis til að vinna í plötunni heldur einnig í sjálfri sér.

„Ég var orðin ótrúlega andlega veik. Pabbi minn var líka orðinn mjög gamall og ég vildi vera hérna á landinu hjá honum.“ Faðir Dýrfinnu lést fyrr í vikunni og segir hún að það hafi verið henni ómetanlegt að fá að vera með honum síðustu dagana.

**Á PLÖTUNNI RAPPA ÉG UM ALLT FRÁ LOSTA YFIR Í REIÐI, ÞUNGLYNDI OG SJÁLFSVÍGSHUGSANIR. EN ÞESS Á MILLI ER ÉG LÍKA MJÖG BERSKJÖLDUÐ OG MJÚK Í MÉR.**

**Langaði að vera berskjölduð**

Dýrfinna var byrjuð á einu lagi áður en hún útskrifaðist.

„Þetta var búið að vera mér hugleikið lengi. Rappheimurinn hérna heima samanstendur mest af strákum. Senan er smá einsleit, hvítir ungir strákar að rappa um sömu hlutina. Mig langaði að koma með eitthvað öðruvísi, hugsa út fyrir boxið. Mig langaði líka að opna mig og vera berskjölduð.“

Hún segir einnig að hana hafi langað að vera einhvers konar fyrirmynd fyrir þá sem upplifa sig utanvelta.

„Fólk sem hefur ekki neinn á svipuðu reki til að líta upp til innan íslensku senunnar. Þá er ég að tala um stelpur, non-binary, fólk í LGQTB+ samfélaginu og marga fleiri, sem ég styð af öllu hjarta. Ég skilgreini mig ekki endilega nákvæmlega innan samfélagsins, sjálfri finnst mér ekki skipta máli að kynferði mitt komi fram. Ég leik mér mikið með sjálfið og kynímyndir. Áður hefði ég verið kölluð strákastelpa en núna er það algjörlega úrelt hugtak. Mig langar að vera fyrirmynd fyrir fólk sem hefur upplifað sig utanveltu, jafnvel fólk með geðheilsuvandamál þar sem ég þekki það vel af eigin raun.“

**Rappar um andlegu veikindin**

Margir af bestu vinum Dýrfinnu og einnig fjölskyldumeðlimir tilheyra LGQTB+ samfélaginu og því eðlilegt að það hafi orðið henni innblástur.

„Ástæðan fyrir nafninu á plötunni minni, Hystería, er sú að það er dregið af forngríska orðinu yfir leg. Hér áður fyrr var það notað yfir konur sem voru settar á geðveikrahæli, fengu rafstuð og illa meðferð. Þessar konur voru þar áður kallaðar nornir. Konur með skoðanir eða kvíða, sem földu ekki kynferði sitt, sem tóku áhættu og börðust fyrir réttindum sínum. Þær voru bara afskrifaðar sem geðveikar, sagt að þær væru með hysteríu. Því finnst mér orðið eiga vel við og það sem ég stend fyrir. Á plötunni rappa ég um allt frá losta yfir í reiði, þunglyndi og sjálfsvígshugsanir. En þess á milli er ég líka mjög berskjölduð og mjúk í mér.“

Hysteríu er hægt að nálgast á öllum helstu streymisveitum.

**steingerdur@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

TACO BELL

# BACON QUESADILLA

LOKSINS KOMIÐ AFTUR




Mjúk tortilla, beikon, ostur, creamy jalapeñosósa og kjúklingur

| | |
|---|---|
| Bacon Quesadilla stök | 1.099 KR. |
| Bacon Quesadilla, nachos með ostasósu, gos og Conga Xtra | 1.799 KR. |

HAFNARFIRÐI | GRAFARHOLTI

TACOBELL.IS




## MEGA
hornsófi lítill

Kósí hornsófi í slitgóðu gráu áklæði. Sófinn fæst í hægri eða vinstri útgáfu. Í baki Mega sófanna er fjöldi lausra púða sem veitir þér enn meiri þægindi.

**Fullt verð: 219.900 kr.**

**Aðeins 175.920 kr.**




Svefnsvæði 140 x 200 cm

## MORFEO
svefnsófi

Sérlega vandaður og veglegur ítalskur svefnsófi. Bak er dregið fram á einfaldan hátt til að opna fjaðrandi stálgrind. Fæst grár, dökkgrár og hvítur. Stærð: 207 x 93 x 103 cm.

**Fullt verð: 269.900 kr.**

**Aðeins 215.920 kr.**

## BUFFALO
lyftistóll úr leðri

Þessi hallar til baka, skemill fram og lyftir þér á fætur.






Stillanlegur hægindastóll. Leður á slitflötum. Hægt að halla aftur og lyfta skammeli. Aðstoðar þig á fætur. Fáanlegur svartur.

**Fullt verð: 179.900 kr.**

**Aðeins 134.925 kr.**

## DORMA LUX
heit dúnsæng

QUILTS OF DENMARK®

Dásamleg, heit dúnsæng frá Quilts of Denmark. Stærð: 140×200 cm. 800 g. 90% hreinn andadúnn. 10% smáfiður. Má þvo á 60°c en það er hitastig sem rykmaurar þola ekki – því er gott að nota sæng sem þolir þennan þvottahita ef um rykofnæmi er að ræða.




**Fullt verð: 27.900 kr.**

**Aðeins 19.530 kr.**

## OSLO kommóður, sófaborð og hillur




Hvít kommóða með 4 skúffum, þar af 2 svörtum eða eikarlitum og fótum í stíl.
B: 117,1 D: 39,1 H: 39,1 cm

**Fullt verð: 29.900 kr.**

**Aðeins 23.920 kr.**

Hvítt sófaborð með hillu og svartri eða eikarlitri skúffu og fótum í stíl.
B: 98,6 D: 60,1 H: 43,3 cm

**Fullt verð: 27.900 kr.**

**Aðeins 22.320 kr.**

Vegghilla með einni skúffu. Hillur hvítar en uppistöður svartar eða eikarlitar. Skúffa í stíl.
B: 55,1 D: 48,1 H: 180,4 cm

**Fullt verð: 19.900 kr.**

**Aðeins 15.920 kr.**

**Afgreiðslutími Rvk**
Mán. til fös. kl. 11–18.30
Laugardaga kl. 11–17
Sunnudaga kl. 13–17 (Smáratorg)

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.*
*Tilboðin gilda til 10. nóvember 2019 eða á meðan birgðir endast.*

10 ÁRA

DORMA

Láttu drauminn rætast

# Við eigum afmæli og nú er veisla



www.dorma.is

VEFVERSLUN

**ALLTAF OPIN**

BYLGJAN 98,9

**Afmælisleikur**

DORMA & BYLGJUNNAR í afmælismánuði Dorma

Fylgstu með á fm 98,9




Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

10 ÁRA

Afmælis **30%** AFSLÁTTUR

af Supreme dýnu og 20% afsláttur af botni

Nature's Bedding

## NATURE'S SUPREME

heilsurúm m/Classic botni

| Stærð í cm | Fullt verð | Afmælistilboð |
|---|---|---|
| 90x200 | 89.900 kr. | 65.930 kr. |
| 100x200 | 96.900 kr. | 71.030 kr. |
| 120x200 | 109.900 kr. | 80.530 kr. |
| 140x200 | 119.900 kr. | 87.930 kr. |
| 160x200 | 134.900 kr. | 98.930 kr. |
| 180x200 | 149.900 kr. | 109.930 kr. |

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn
- 320 gormar á fermetra
- Góðar kantstyrkingar

DORMA

Láttu drauminn rætast

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

**BAKÞANKAR**

Kolbeins Marteinssonar



# Tannheilsublús

Líkami mannsins er magnað fyrirbæri enda hefur þessi upphaflegi skrokkur mannapa þróast í takt við sífellt flóknara líf. Líkamar okkar hafa þó verulegan hönnunargalla sem framtíðarþróun og væntanlegar stökkbreytingar munu vonandi laga.

Hvers vegna tökum við til dæmis tennur aðeins tvisvar? Ég held að það væri miklu betra ef það gerðist þrisvar. Barna-, fullorðins- og miðaldratennur.

Í gamla daga var flest fólk orðið tannlaust um fimmtugt. Síðar komu gervitennur sem voru límdar fastar með tannlími. Þannig að þörfin fyrir þriðja sett af tönnum hefur lengi verið fyrir hendi.

Með þrískiptri tanntöku yrðu kostnaðarsamar tannréttingar við uppeldi barna erfðafræðilega óheppinna foreldra út úr myndinni því það myndi ekki taka því að eyða peningum í slíkt. Nýjar tennur kæmu innan tíðar, en þangað til yrði barnið bara að bíta á jaxlinn. Og þá þyrfti barnið sjálft að borga enda þá orðið fullorðið!

Eina eftirsjá mín í lífinu þessi dægrin er að hafa ekki hugsað betur um tennurnar í mér. Af hverju meðtók ég ekki boðskap Karíusar og Baktusar sem var eina fræðsluefnið sem mín kynslóð fékk um tannheilsu þangað til skólayfirvöld fóru að skola á okkur munninn með flúori? Tannþráður var t.d. eitthvað sem ég lærði að nota eftir að ég fékk bílpróf. Og öll kvöldin sem ég sofnaði yfir vídeóglápi með súkkulaðikaramellu klístraða við kókskolaðan glerunginn valda mér djúpri eftirsjá.

Gjalddagar vanrækslu æsku minnar hafa nú runnið upp með háum reikningum frá tannlækninum sem hefur þurft að skipta út nokkrum ónýtum silfurfylltum jöxlum með títaníumskrúfum og postulínstönnum. Það eru því miður hinar raunverulegu miðaldratennur 21. aldar.







